JÓNAS JÓNSSON:

ÍSLANDSSAGA

HANDA BÖRNUM

SÍÐARA HEFTI

REYKJAVÍK — 1916 — FÉLAGSPRENTSM.

JÓNAS JÓNSSON:

ÍSLANDSSAGA

HANDA BÖRNUM

Síðara hefti

REYKJAVIK
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN
1916

Formáli.

Tilgangur allra skóla er að leggja undirstöðu, sem nemendurnir byggja ofan á síðar meir. Sérstaklega á þetta við um barnaskóla. Þeir geta ekki verið nema byrjun. Þeir eiga að vekja áhuga og löngun barnanna til andlegra og líkamlegra starfa. En verði þeir til að deyfa áhuga barnanna og lama þau, eru þeir minna en til einkis gagns. En einmitt þetta hefir allvíða þótt brenna við hér á landi og fremur en erlendis, þar sem kenslumálin eru komin í betra horf.

Menn þykjast vissir um, þeir sem helst þekkja til, að kenslubækur þær, sem notaðar hafa verið hér á landi t. d. Kverið, og ýms „ágrip" í sögu, landafræði, náttúrufræði o. s. frv. eigi allmikinn þátt í mistökum, sem orðið hafa við á starfi barnaskólanna. Öll „ágrip" af þessu tægi eiga sammerkt í því, að þau eru ekki sniðin eftir barnseðlinu. Þau eru stuttur ritháttur úr fræðibókum, sem gerðar hafa verið handa fullorðnum mönnum, jafnvel handa sérfræðingum. Þessar bækur eru eins konar beinagrind, þar sem vantar hold og líf. Nöfn á mönnum, dýrum, timabilum og atburðum og annað ekki. Hver einstök mynd verður með þessu móti svo lítil, að varla festir auga á. Og öll yfirlit og kerfi eru eitur í beinum barna. Að vísu má reka þennan fróðleik inn í börnin með hamri endurtekningar og utanbókarlærdóms, en eftir stutta stund er all gleymt eða því sem nær, lítið eftir nema óbeitin sem slíkt nám hefir vakið.

Annar ókostur ágripanna er, að þau eru of stutt handa barnaskólunum. Verður það til þess að þau eru marglesin, stundum að barnið fer 5—6 sinnum gegnum sömu bókina, og þykir hún æ leiðari við hvern lestur. Er þá síst að undra, þótt svo fari að börnin verða fegin

þeirri stund, er þau komast úr skóla og þurfa aldrei að opna bók framar. Þegar svo er komið, er ávöxtur skólaverunnar sljófguð börn, með þekkingarbrafli, sem er að gleymast, og rótgróinni óbeit á að lesa eða læra meira.

Svona má ekki gerga til lengdar. Og Barnabiblían, Landafræði K. F. og þessi Íslandssaga eru spor í áttina, tilraunir sem miða að því að laga kenslubækurnar eftir eðli barna. Tilgangurinn sá að vekja lestrarlöngunina og fróðleiksfýsnina, löngun til sjálfstæðrar vinnu og sjálfhjálpar.

Bók þessi á ekki að vera byrjendabók í þrengsta skilningi, heldur er hún miðuð við 2—3 síðustu árin fyrir fermingu. En fyrir þann tíma þurfa börnin helst að hafa lesið eða verið sögð ævintýri, þjóðsögur og hetjusögur. Síðan er gert ráð fyrir að *saga í brotum*, persónu- og menningarsaga, sé vel við hæfi barna. Og reynslan hefir sýnt í vetur sem leið, að þessi bók er ekki ofljóng handa barnaskólum eða farskólum, enda er gert ráð fyrir að hún geti jafnframt verið *lesbók*. Í því skyni er málið sveigt sem næst venjulegu ritmáli, því að engin ástæða þótti til að líkja eftir neðanmálssögustíl, sem mun vera kallaður léttur. Tímabilaskiftingu geta kennararnir hætt við munnlega, að því leyti, sem þroski nemenda leyfir. Þeir sem nema sögu í stærri skólum, eftir fermingaaldur, fá þar yfirlit og samhengi í sögunni og dýpri skilning á viðburðum. Hinir sem ekki fara í skóla en eru bókfúsir og lestrargjarnir munu með sjálfnámi á unglings- og fullorðinsárum komast jafn langt eða lengra.

Í þessari bók eru rakin nokkur helstu atriðin úr sögu landsins, þau sem auðveldust eru og einföldust og sögð þannig, að líkur séu til að námið veki löngun barna til að lesa meira um efnið síðar. Kver þetta á að geta verið lesbók og kenslubók bæði á heimilum og í skólunum. Ef til þess kemur að bókin verði gefin út aftur, verður hætt við myndum og reynt að laga efnið enn fremur en orðið er, eftir þörfum og eðli barna á skólaaldri.

Reykjavík 10. júní 1916

Jónas Jónsson



ÍSLENSKI KONUNGURINN. — Þegar Hallvarður gullskór kom til Noregs á fund konungs, þakkaði Hákon honum hið besta framgöngu hans á Íslandi. Hákon hafði nú fengið þá ósk sína uppfylta, að verða viðurkendur konungur Íslendinga. Voru þessi málalok Íslandi til mestu óheilla, svo sem síðar kom fram, en eigi var frelsistjónið, og það ólán, er af því leiddi, nema að sumu leyti konungi að kenna. Mest var sökin hjá Íslendingum sjálfum. Þeir höfðu alt af átt bágt með að beygja sig fyrir nokkurri stjórn. Frægustu landnemarnir voru menn, sem ekki þoldu hið fasta stjórnarform, sem Haraldur hárfagri kom á í Noregi. Á Íslandi stofnuðu afkomendur þessara manna þjóðveldi, en með engri framkvæmdarstjórn, til þess að takmarka sem minst frelsi einstaklingsins. Löghlýðni Íslendinga var alt af mjög ábótavant, en þó var sæmilegt stjórnarfar í landinu á öndverðum þjóðveldistímanum, meðan helstu goðaættirnar voru nokkuð jafnar að völdum og metorðum. En þegar kom fram á 12. öld breyttist þetta. Þá söfnuðust guðorðin í hendur fárra manna og ætta, og mikill annar auður með þeim. Þessir stórlátu ríkismenn voru aldir upp við deilur og agaleysi; þeir

vöndust á að fótum troða lögin og hagsmuni smælingjanna. Og þar sem ekkert ríkisvald var til að halda ofstopamönnunum í skefjum, varð friðsömum mönnum ólíft í landinu, fyrir deilum og yfirgangi höfðingjanna. Allur almenningur þráði mest frið, en óttaðist þó erlenda valdið. En því miður gat tæplega nokkur veitt þennan frið, nema Noregskonungur, því að enginn af íslensku höfðingjunum var nógu voldugur til að geta beygt alla landsmenn undir sig og haldið þeim í skefjum. Hákon konungur ríkti lengi og hafði snemma ágirnd á Íslandi. Hann treysti sér ekki, og vildi ekki vinna til, að fara herferð til landsins. Í stað þess notaði hann sér sundrung og sundurlyndi Íslendinga. Hann tók höfðingjana íslensku hvern af öðrum og hændi þá að sér með vegtyllum og heitum um meiri völd. Hann lét þá berast á banaspjót og jók sem mest ófriðareldinn í landinu. Á biskupsstólana lét hann setja norræna menn, sem ráku hans erindi leynt og ljóst. Og þegar óöldin í landinu var komin á svo hátt stig, að allri alþýðu þótti hver sú breyting góð, sem gaf von um innanlands frið, þá sendir hann hingað slægvitran og harðfylginn stjórnmálamann, Hallvarð hirðmann sinn, og lét hann reka smiðshöggið á verkið. Hákon naut skamma stund valdanna yfir Íslandi. Hann andaðist árið eftir, að Íslendingar gengu honum til handa.

SKILMÁLARNIR. — Á Alþingi 1262 var gerður sáttmáli milli konungs og Íslendinga um það, hversu sambandinu skyldi haga. Hann er enn til og oftast nefndur *Gamli sáttmáli*. Það þykjast menn vita, að Gissur hafi miklu ráðið um efni og form sáttmálans, og telja að hann hafi þar með reynt að bæta fyrir of mikla undanlátsemi við Hákon konung. Með samningi þessum bundust Íslendingar

Noregskonungi á tvennan hátt. Þeir viðurkendu hann sem sinn æðsta veraldlegan yfirmann og þeir hétu að gjalda honum skatt. En á móti varð konungur að lofa ýmsum hlunnindum: Fyrst hét konungur að koma á friði í landinu, og þess þurfti þjóðin mest með. Í öðru lagi skyldu íslensk lög gilda framvegis í landinu og mátti konungur ekki breyta þeim, nema með samþykki lögréttunnar. Konungur skyldi láta sex skip sigla frá Noregi til Íslands árlega, að minsta kosti fyrst um sinn. Þetta ákvæði mun hafa verið sett til að forða landinu frá siglingaleysi. Íslendingar voru þá orðnir því nær skipalausir og Hákon gamli hafði við og við sýnt landsmönnum í tvo heima með því að banna norskum farmönnum að sigla til Íslands. Má telja víst, að óttinn við farbann hafi nokkuð dregið kjark úr Íslendingum í mótstöðunni gegn Hákoni. Þá skyldu Íslendingar eigi lengur gjalda landaura í Noregi. Það var skattur, að minsta kosti 20 krónur, sem hver frjálsborinn Íslendingur hafði áður orðið að gjalda, er hann sté fæti á land í Noregi. Allir embættismenn landsins skyldu vera íslenskir og helst af fornum goðaættum. Yfir landið skyldi vera settur jarl, og mun Gissur hafa sett þetta ákvæði í samninginn til að tryggja metorð sín, en eigi var því haldið fastara fram en svo, að jarlsembættið hvarf úr sögunni, þegar Gissur féll frá. Konungur hét því að stefna ekki Íslendingum utan, nema þeim sem Alþingi dæmdi af landinu. Var þetta sett til að hindra konung frá að blanda sér að óþörfu í mál manna og ganga fram hjá dómstólum landsins. Ennfremur girti þetta ákvæði fyrir að hægt væri að krefja Íslendinga utan, til landvarna í Noregi. Að síðustu var ákveðið að sáttmálinn skyldi úr gildi fallinn og Íslendingar lausir allra mála, ef „bestu mönnum“ landsins virtist konungur hafa rofið samninginn. Svo fór, að konungur virti

þessi heit sín að vettugi oft og mörgum sinnum, en landsmenn höfðu þá eigi bolmagn til að hrinda af sér oki konungsvaldsins, eftir að það var einu sinni á komið.

GAMLI SÁTTMÁLI. — Það var sammæli bænda fyrir sunnan land og norðan, að þeir játuðu æfinlegan skatt herra Hákoni konungi og Magnúsi, landi og þegna, með svörðum eiði, 20 álnir, hver sá maður sem þingfararkaupi á að gegna. Þetta fé skulu saman færa hreppstjórar og til skips flytja, og fá í hendur konungsumboðsmanni, og vera þá úr ábyrgð um það fé.

Hér í mót skal konungur láta oss ná friði og íslenskum lögum. Skulu sex skip ganga af Noregi til Íslands tvö sumur hin næstu en þaðan í frá sem konungi og hinum bestu bændum landsins þykir hentast landinu. Erfðir skulu upp gefast í Noregi fyrir íslenskum mönnum, hversu lengi sem þær hafa staðið, þegar réttir koma arfar til eða þeirra umboðsmenn. Landaurar skulu upp gefast. Slíkan rétt skulu íslenskir menn hafa í Noregi sem þeir hafa bestan haft, og þér hafið sjálfir boðið í yðar bréfum og að halda friði yfir oss, svo sem guð gefur yður framast afl til. Jarlinn viljum vér yfir oss hafa, meðan hann heldur trúnað við yður, en frið við oss. Skulum vér og vorir arfar halda allan trúnað við yður, meðan þér og yðar arfar halda við oss þessa sættagerð, en lausir, ef hún rýfst að bestu manna yfirsýn.

Síðar var bætt atriðum inn í sáttmálann, eins og áður er sýnt.

SÍÐASTI ODDAVERJINN. — Gissur jarl var nú æðsti maður í landinu. Hann átti heima á Reynistað í Skagafirði. Var það vel valið, því að jörðin er eitt hið glæsilegasta höfuðból á Íslandi. Ekki var jarl vinsæll af öllum þorra manna, en fáir þorðu að sýna honum opinbera mótstöðu. Þá var í Rangárþingi höfðingi einn, sem hét Þórður Andrésson, af Oddaverjaætt. Var hann mikill fyrir sér og eigi trútt um, að honum þætti nóg um veldi og vegsemd jarlsins og Haukdælanna frænda hans, enda hafði löngum verið grunt á því góða milli þessara ætta. Og nú vitnast það, að Þórður hefir gert samsæri og viljað ráða jarlinn af dögum, en það

komst upp í tíma og varð Gissuri ekki mein að. Þá mælti jarl við ungan frænda sinn, sem eitthvað var flæktur í málið: „Hygg að því frændi, nær það skarð verður bætt í ætt þinni, ef eg verð úr höggvinn“. Gissur hafði fyrrum verið vinur Þórðar, og komust á sættir með þeim að þessu sinni. En eigi miklu síðar, um sumarið 1264, fer jarl frá Reynistað og suður um Kjöl að finna frændur og vini í Árnessýslu og var heldur fáliðaður. Þórður hefir spurnir af þessu og vill neyta góðs færis; lætur hann sitja fyrir jarli eigi allfjarri Skálholti. En er Gissur verður óvinanna var og sér að við ærinn liðsmun er að etja, mælti hann: „Snúum undan“. Hleyptu nú báðir flokkarnir sem mest þeir máttu og var maður til settur að vega að jarli. En Gissur sveifl-aði um sig sverðinu og varðist þannig á flóttanum. Að síð-ustu sundriðu jarlsmenn Hvítá hjá Bræðratungu. Þar bjó náfrændi Gissurar. Jarl mælti: „Þeir elta mig nú mágar þínir og lát upp kirkjuna“. Flúði nú jarl í kirkjuna með suma menn sína en sendi aðra um bygðina til að safna liði. Andréssynir komu nú brátt en þorðu eigi að rjúfa kirkjuna, enda var jarl hinn ljúfasti og bauð góðar sættir, þar til lið hafði drifið að honum; þá gerðist hann hinn þverasti. Sáu þá umsátursmenn sitt óvænna og riðu á braut. Gissur var nú hinn reiðasti og safnar mörg hundruð mönnum og herjar um Rangárvelli, því að þar var mest riki Þórðar. En þeir Andréssynir flúðu undan upp til fjalla, fáliðaðir mjög. Þá segir Þórður eitt sinn við félaga sína, að þeir skyldu hafa það að marki, að þá mundi hann feigur, ef hann tryði Giss-uri jarli. En þó kom þar litlu síðar, að bændur báru friðar-orð milli hans og jarls. Voru þá sett grið á milli þeirra og skyldu þeir finnast niður á Rangárvöllum til að ræða um sættina. Fór alt vel í fyrstu og mælti jarl sjálfur fyrir grið-um. En daginn eftir lætur hann fletta þá Þórð og félaga

hans vopnum og skipar þeim að fylgjast með sér vestur yfir Þjórsá. Þórður sá nú, hvað verða vildi og var dapur í hug. Hann svipti til hestinum og kvað við raust þennan dans:

„Mínar eru sorgir
þungar sem blý".

Næsta morgun segir Gissur sundur griðum og bað Þórð búast við dauða sínum. Hann mælti þá: „Þess vil eg biðja þig, Gissur jarl, að þú fyrirgefir mér það, er eg hefi afgert við þig". „Það vil eg gera, þegar þú ert dauður", mælti jarl. Þá lagðist Þórður niður á höggstokkinn og rétti hendur frá sér í kross; einn af fylgdarmönnum jarls hjó á háls honum. Gissuri þótti eigi nóg að gert, þreifaði í sárið og bað böðulinn höggva í annað sinn, og það gerði hann. Þar lét Þórður líf sitt, sá maður sem stundum er kallaður „síðasti Oddaverjinn". Fjórum árum síðar andaðist Gissur jarl og var þá einum vetri miður en sextugur.

MIKILL SAGNFRÆÐINGUR. — Einn af merkustu mönnum Sturlungaaldarinnar, og sá sem ritað hefir sögu þessa tímabils, var *Sturla Þórðarson*, bróðursonur Snorra í Reykholti. Hann var fæddur árið 1214 og ólst að nokkru leyti upp hjá ömmu sinni, Guðnýju, ekkju Hvamm-Sturlu. Hafði hún dálæti mikið á sveininum og vildi arfleiða hann að öllum eigum sínum en fékk þess eigi ráðið fyrir Snorra syni sínum. Engin vandræði hlutust þó af þeim erfðamálum og var Sturla oft langdvölum í Reykholti og hafði á Snorra miklar mætur bæði lifs og liðnum. Sturla var bráðger og gerðist brátt atkvæðamaður. Hann tók þátt í innanlandsdeilunum, af því eigi varð hjá því komist, en annars var hann manna sáttfúsastur og drenglyndastur, enda var hann einn af þeim fáu höfðingjum, sem sigldi heilu skipi í höfn fram hjá boðum Sturlungaaldarinnar. Í deilum þess-

um fylgdi Sturla þeim frændum sínum, Sighvatssonum og Snorra, en stóð þó á móti Hákoni konungi eftir megni. Hann var með í Apavatnsför og á Örlygsstöðum og reyndi að hefna Snorra, en hafði ekki bolmagn við Gissuri. Síðar sættist hann þó við Gissur og giftu þeir saman börn sín í veislunni frægu á Flugumýri. En Sturla var farinn burtu, áður en brennumenn komu. Á efri árum varð hann að beygja sig fyrir Hákoni gamla og vinna honum trúnaðareið. Óvinir Sturlu vissu, að konungur bar þungan hug til hans og ráku hann því úr landi á fund Hákonar, skömmu eftir að Gamli sáttmáli var gerður. En þá vildi Sturlu það happ til, að þegar hann kom til Noregs, var Hákon farinn úr landi og andaðist í þeirri ferð. Þá tók við ríki Magnús Hákonarson, sem síðar var nefndur lagabætir. Hann tók Sturlu fálega í fyrstu, því að andstæðingar hans höfðu óspart rægt hann við hirðina, en þó kom þar, að Magnús sefaðist og bauð honum sátt. Drakk hann Sturlu til og mælti: „Vín skal til vinar drekka". Þá flutti Sturla konungi kvæði, er hann hafði ort um þá feðga. Og er lokið var lestrinum, lofuðu flestir og drotning mest. Þá mælti konungur: „Það ætla eg, að þú kveðir betur en páfinn". Var Sturla nú um stund í góðum fagnaði við hirðina. Áður en hann fór utan, hafði hann, að því er sumir telja, ritað Sturlungu eða mikinn hluta hennar og hlotið mikið lof fyrir, sem maklegt var, og nú fær konungur hann til að rita sögu Hákonar gamla. Veitti Magnús honum leyfi til að nota bréf og skjöl ættarinnar um alt það, er snerti æfi föður hans. Bæði Sturlunga og Hákonarsaga eru snildarrit, einkum það, hve óhlutdrægur Sturla er, þar sem flestar söguhetjurnar, bæði Hákon, og næstum allir höfðingjar á Sturlungaöldinni höfðu verið fjandmenn Sturlu einhverntíma á æfinni og hann sjálfur riðinn við margar þær deilur og stórmæli, er hann varð að segja frá. En þess gæt-

ir hvergi, að hann halli á andstæðinga eða beri í bætifláka fyrir vinum sínum. Sturla var nokkra stund í Noregi en hélt svo til Íslands og var lögmaður í mörg. Hann andaðist í hárri elli.

LÖGBÆKUR. — Þegar Magnús Hákonarson hafði tekið við ríki, ásetti hann sér að koma á betra samræmi í landslögunum, heldur en áður var. Þó að Noregur hefði verið eitt ríki, að nafninu til, síðan á dögum Haralds hárfagra, þá giltu þó enn sín lög í hverjum landshluta. Konungur ferðaðist nú um landið og lét þingin fela sér að steypa öllum þessum lögum í eina heild. Vann hann síðan að þessu verki í nokkur ár með hinum lögfróðustu mönnum í landinu. Síðan ferðaðist konungur aftur milli þinganna og lét lesa upp lögin. Létu menn sér þau vel líka, nema klerkar. Þótti þeim kirkjunnar máli eigi haldið fram sem skyldi og var þá sá hlutinn úr feldur. Nú vildi Magnús konungur líka breyta löggjöf Íslendinga og gera þeim nýja lögbók. Er mælt að Sturla Þórðarson hafi stutt hann í þessu verki, enda fór hann með bókina út til Íslands og fékk hana samþykta mótstöðulítið. En auðvitað var þetta tiltæki konungs algerlega í bága við andann í Gamla sáttmála. Lögbók þessi var kölluð Járnsíða. Hún var í ýmsum greinum nokkuð fljótfærnislega gerð, svo að konungur sá þann kost vænstan að gerbreyta henni og hafði lokið því verki, er hann andaðist árið 1280. En þá um sumarið komu tveir hirðmenn til Íslands með boðskap hins nýja konungs og endurbætta lögbókina. Annar sendimanna var norskur höfðingi, Loðinn leppur. Hafði hann farið suður í lönd, í erindum Magnúsar konungs, og alt suður í Babýlon. Var hann af þessu frægur maður, enda leit hann mikið á sig. Félagi hans hét Jón Einarsson og var Islendingur, og við hann er lögbók þessi kend og nefnd *Jóns-*

bók. Fóru þeir tvímenningarnir um landið og létu fólkið sverja trúnaðareiða Eiríki syni Magnúsar lagabætis, er þá hafði tekið við ríki í Noregi og var barn að aldri. Á þessum ferðum urðu margir til að hnýsast í lögbókina og fanst fátt um margt, er þar stóð. Skrifuðu klerkar hjá sér þau atriði, er þeim þóttu helst athugaverð, og bændur í annan stað það, sem þeir töldu sér í móti ganga. Og er til þings kom, árið eftir, var gengið til lögréttu. Báru þá konungsmenn fram bókina og vildu, að lögréttan samþykti hana umsvifalaust, en þá gengu fram foringjar klerka og leikmanna og hreyfðu ýmsum mótbárum. Loðinn varð þá hinn æfasti og kvað furðu gegna, ef búkarlar gerðu sig svo digra, að þeir hugðu að skipa lögum í landi, þar sem konungur einn átti að ráða. Kvað hann landsmenn eiga fyrst að játa bókinni skilmálalaust, en biðja síðan konung auðmjúklega um þær breytingar, er þeir vildu fá lögleiddar. „Kom eg þar hvergi lands né lagar", mælti Loðinn „að svo sé konungsréttindi undir fótum troðin, svo sem hér og þó mest af biskupum". Mælti hann það til Staða-Árna, sem mest beittist fyrir mótstöðunni. En svo fór, að leikmenn létu undan konungsvaldinu og samþyktu bókina, nema nokkur atriði, sem komu kirkjunni mest við. Jónsbók kom nú í stað laganna frá þjóðveldistímanum, og gilti í margar aldir, og sumt jafnvel fram á þennan dag.

NÝIR STJÓRNARHÆTTIR. — Noregskonungar höfðu eigi haldið Gamla sáttmála, svo sem vera bar, og voru nú komnar margar breytingar á landsstjórninni. Voru sumar eðlilegar afleiðingar þess, að konungur fékk vald yfir landinu, en aðrar því að kenna, að konungur hafði gerbreytt lögum landsins, án þess að Íslendingar væru þar til ráða kvaddir og þá hugað stjórnarháttunum fremur eftir eigin geðþótta heldur en þörfum Íslendinga. Í stað goðanna setti konungur nýja stétt, *sýslumennina*, og veitti þeim sjálfur embættin. Voru

til þess valdir stórbændur og vildarmenn konungs. Yfir sýslumönnunum var nokkurskonar landshöfðingi, er nefndur var *hirðstjóri*, og var hann aðalumboðsmaður konungs yfir landinu; en enginn hlaut jarlsnafnbótina, eftir að Gissur féll frá. Sýslumennirnir áttu að gæta laga og réttar, hver í sínu umdæmi, en þó einkum að vera á varðbergi fyrir konungs hönd, og hirða um sektir þær, er honum bára samkvæmt Jónsbók. Þegar einhver maður varð uppvís að alvarlegum glæp, tók sýslumaður málið til meðferðar og dæmdi í því. Urðu sökudólgar mjög oft að greiða aleigu sína til konungs og rann þannig stórmikið fé út úr landinu. Fu dómi sýslumanna mátti skjóta til lögréttunnar, og varð hún yfirdómur. Í lögréttu sátu nú 36 menn, og réðu sýslumenn mestu um, hverir hlutu þá vegsemd. Lögsögumaðurinn hvarf nú úr sögunni, en í stað hans var forseti lögréttunnar nefndur *lögmaður*. Síðar urðu lögmennirnir tveir. Lögréttan kaus þá, en konungur varð að samþykkja valið. Dómum lögréttu og lögmanna mátti skjóta til konungs, eins og til hæstaréttar nú á dögum. Þannig var konungur æðsti dómari um íslensk mál. Hann réð hverir voru hirðstjórar, lögmenn og sýslumenn, en lögmenn og sýslumenn réðu skipun lögréttunnar. Og þar sem lögréttan átti bæði að gera lögin og vera æðsti dómstóll í landinu, verður varla annað sagt en að Noregskonungur hafi á örfáum árum fengið ótrúlega mikið vald yfir íslensku þjóðinni.

STAÐA-ÁRNI. — Á dögum Magnúsar lagabætis var *Árni Þorláksson* biskup í Skálholti einhver atkvæðamesti Íslendingur. Hann var náskyldur Gissuri jarli, en þó voru foreldrar hans efnalítil. Sveininn þótti þegar í æsku hinn gerfilegasti. Hann var þögull og fáskiptinn, en allra manna hagastur og vann löngum að smíði og útskurði framan af ævi, en jafnframt vinnunni stundaði hann bóknám og þótti brátt framúrskarandi í þeim fræðum, sem klerkar þurftu að kunna. Þá var ábóti í Þykkvabæ í Skaftafellssýslu sá maður, er *Brandur* hét, og var Árni þar löngum í klaustrinu og handgenginn ábóta. Brandur varð síðar biskup á Hólum, og er hann fór til Noregs að sækja vígslu, fylgdist Árni með honum og kynntist þá Magnúsi lagabæti, og hélst þeirra kunningsskapur með-

an þeir lifðu báðir. Brandur biskup lifði skamma stund eftir þetta, og að honum látnum hafði Árni umsjón með stólnum, þangað til nýr biskup var kosinn. Þá bar svo til, að vígður maður er Oddur hét, vildi kvongast. Var það forn landssiður á Íslandi, að prestar voru kvongaðir, en erlendis var það stranglega bannað og höfðu biskuparnir lengi reynt að eyða þessum sið. Oddur hélt veislu mikla og bauð Gissuri jarli og þáði hann það. Þá tók Árni til sinna ráða, lýsti stórmælum yfir brúðhjónum og boðsgestum, en lét loka kirkjunni á jarlssetrinu, Reynistað. Urðu nú ýfingar með þeim frændum og lauk svo, að jarl varð að láta undan. Tók hann og allir boðsmenn lausn af Árna, en Oddur sór af hendi konuna. Að skilnaði mælti Gissur við Árna: „Þess væntir mig frændi, að flestum munir þú verða eigi fyrirlátssamur, þótt þú eigir málum að skifta, þar sem þú lést eigi fyrir mér". Litlu síðar var Árni kjörinn biskup í Skálholti.

ERKIBISKUPSDÓMURINN. — Jafnskjótt og Árni hafði tekið við biskupsvöldum í Skálholti, gerðist hann hinn strangasti að halda fram kröfum kirkjunnar og tók þar til, sem Þorlákur helgi hafði orðið frá að hverfa, fyrir riki Jóns Loftssonar. Heimtaði hann, að allar þær jarðir í hans umdæmi, sem voru bændaeign en kirkjusetur, skyldu tafarlaust hverfa undir kirkjuna og verða hennar eign. Þeim sem í móti mæltu, var heitið bannfæringu og eilífri útskúfun. Sjálfseignarbændum á kirkjustöðum þóttu þetta harðir kostir, er þeir voru ræntir réttmætum óðalseignum, en þó fór svo, að flestir hinir órikari létu undan biskupi og urðu leiguliðar kirkjunnar eða hrökluðust burt af jörðunum, en í stað þeirra komu prestar eða vildarmenn biskups. En nokkrir stórbændur létu eigi kúgast og væntu stuðnings af konungi. Hafði *Hrafn Oddsson*, er þá var mestur höfðingi af leikmönnum,

helst orð fyrir bændum. Kvað hann það móti vilja konungs, ef bændur væru sviftir eignum eða bannfærðir saklausir. Um þetta leyti komu sendimenn Magnúsar konungs með Járnsíðu og var nokkur tregða á, sem von var, að landsmenn vildu taka við henni. Biskup fylgdi fast fram konungserindinu og vænti þá síður mótstöðu úr þeirri átt, er til staðamálanna kæmi. Og nú verður það að sætt með Árna og þeim bændum, er eigi vildu lausa láta kirkjustaðina, að leggja málið undir úrskurð konungs og erkibiskups. Fóru þeir nú utan Árni biskup, Hrafn Oddsson og fleiri höfðingjar. En er þangað kom, var biskup í allmiklu dálæti hjá konungi, og tókst að gera hann sér fremur hliðhollan. Varð það úr, að erkibiskup dæmdi einn í málinu og varð lítilli vörn við komið af leikmanna hálfu. Var þá ekki að sökum að spyrja. Dæmdi erkibiskup kirkjustaðina undir biskups forræði til æfinlegra umráða. Kvað hann enga gamla samninga eða skildaga geta staðist móti guðs lögum. Hafði nú biskup unnið fullan sigur. Hélt hann þá heim til Íslands og gerðist æríð umsvifamikill, tók kirkjur allar af bændum, og dugði nú eigi í móti að mæla. Þá vildi biskup eigi lengur þola að prestar væru kvongaðir. Neyddi hann vígðan mann, Egil í Reykholti, til að skilja við konu sína. Höfðu þau lengi verið gift og áttu mörg börn. Biskupi var eigi nóg að skilja hjónin, heldur gifti hann konuna öðrum manni. En Egill tók sér fylgikonu og var það látið óátalið.

„PRESTAHATARINN“. — Nú liðu fáein ár svo að gengi Árna biskups fór vaxandi, þar til Magnús konungur andaðist. Það ár kom Loðinn leppur með Jónsbók til Íslands og var Árni honum ekki svo auðsveipur, sem búast mátti við og varð Loðinn honum hinn reiðasti. Fór þá að grennast konungsvináttan, enda var nú skift um stjórnarhætti í Noregi.

Eiríkur konungur var barn að aldri og ómyndugur, en með honum réðu allri landsstjórn nokkrir veraldlegir höfðingjar, sem voru klerkastéttinni mjög andvígir, því að þeim þótti úr hófi keyra uppgangur og auðsæld kirkjunnar. Erkibiskup tók djarflega á móti og bannfærði höfðingjana, en þeir létu hart mæta hörðu og ráku erkibiskup úr landi og stóð stóll hans auður um nokkur ár. Reyndar tók Eiríkur konungur lítinn þátt í þessum deilum, en hefir hann samt þeirra vegna verið nefndur prestahatari, þó að ráðherrar hans hefðu fremur átt nafnið skilið. En er Íslendingar fréttu hverju fram fór í Noregi, að yfirmaður kirkjunnar hafði flúið land, klerkar sviftir mörgum forréttindum sínum, en Árni biskup lítt þokkaður af ráðherrum konungs, óx þeim hugur og gerðust mótþróafullir við biskupinn. Var Hrafn Oddsson þar fremstur í flokki og fylgdu leikmenn honum fast. Vildu þeir gera ógildan dóm erkibiskups og skyldu allir þeir kirkjustaðir hverfa aftur í bænda eign, sem ranglega væru af þeim teknir. Stóð nú biskup mjög einn uppi, því að leikmenn höfðu í heitingum að hafa málið fram með ofurkappi, svo sem gert hafði verið í Noregi. Sá Árni að hyggilegra var að láta undan í bili og það gerði hann, þó að eigi væri honum það ljúft. Stóð nú svo nokkur ár, þar til þeir Árni og Hrafn komu sér saman um að fara utan og leggja málin enn í dóm konungs og erkibiskups. Hafði biskup þá svo þungan hug á Hrafni, að hann vildi ekki vera honum samnátta á bæjum eða samskipa landa milli. En það er frá þeirra ferð að segja, að Hrafn fylgdi Eiríki konungi á herferð til Danmerkur og fékk þá það sár, er leiddi hann til bana, áður en hann fengi leitt deilumálið til lykta. Var nú biskup hinn þverasti, þar sem mesti andstæðingur hans var fallinn í valinn. En hann fékk eigi þann stuðning, er hann vænti, frá erkibiskupinum í Noregi og gekk loks að þeim sættum 1297, að þeir staðir í

Skálholtsbiskupsdæmi, sem kirkjan ætti *alla*, skyldu vera undir forræði biskups, en hinir sem að *hálfu* leyti eða *meira*, væru eign bænda, skyldu vera undir umsjón leikmanna. Þessi sætt gat naumast heitið hálfur sigur fyrir kirkjuna, hvað þá meira og svo mun Árna biskupi hafa þótt. Hann andaðist árið eftir að þessi sáttmáli var gerður.

KRÓK-ÁLFUR. — Eirikur „prestahatari" andaðist vetri síðar en Árni biskup og kom þá til ríkis Hákon bróðir hans, er nefndur var háleggur. Hann var maður stærilátur og ofsafenginn í lund, enda lenti hann brátt í deilum við Íslendinga. Það var siðvenja, þegar konungur tók við ríki, að þá sóru helstu menn landsins, fyrir hönd þjóðarinnar, að sýna honum hlýðni og hollustu í orði og verki. Eirikur konungur hafði sent Loðinn lepp til Íslands og látið hann taka hyllingareið af landsmönnum. En það vildi Hákon ekki láta sér nægja, og heimtaði, að 24 helstu menn Íslendinga kæmu til Noregs og skyldu þeir vinna þar hollustueiðinn. En þetta voru ólögmætar utanstefnur og vildu bændur ekki fara. Þá sendi konungur til Íslands einn af gæðingum sínum, Álf úr Króki og tvo Norðmenn aðra, og áttu þeir að auðmýkja landsmenn, en það tókst ekki. Mótmæltu Íslendingar ofsa og ágengni konungs og fóru hvergi, en hylltu Hákon loksins á Alþingi. Sendimenn konungs fóru nú heim í bili, en eigi leið á löngu, áður Krók-Álfur kom aftur og var þá hálfu verri en fyr. Hafði konungur skipað hann yfir hálft landið, og bauð honum að reka helstu bændur utan á konungsfund, og leggja þungan skatt á allan almúgann. Ferðaðist Krók-Álfur nú um landið og heimtaði skattinn í konungsnafni, en kallaði marga góða bændur útlæga þræla. Þoldu menn þetta illa og þar kom, að Skagfirðingar gerðu Álfi aðsúg á Hegranesþingi, en lausingjar og strákar börðu á skildina með ópi og háreysti. Varð Álfur

þá svo hræddur, að hann vissi varla, hvað hann átti af sér að gera. Þá varð honum það til liðs, að höfðingi einn úr Eyjafirði lét bera skjöldu yfir honum og ko n honum svo undan. Bóndi einn, sem Bergur hét, var fremstur í flokki þeirra, er stökt höfðu Álfi af þinginu, en þó var hann lítilmenni. Hugðist hann hafa drepið umboðsmann konungs, er hann sá Álf hverfa úr mannþrönginni, og verður næsta skelkaður. Hleypur Bergur nú alt hvað af tekur, uns hann kemur á fund Hólabiskups, fleygir sér fyrir fætur honum og mælti: „Alt á guðs valdi og yðar, herra! Hefi ég ratað í herfilegan glæp, drepið Krók-Álf á Hegranesþingi í dag. Býð ég mig til þeirra skrifta, er þér viljið á mig leggja“. „Stattu upp Bergur“, mælti biskup. „Ekki hefir þú vegið Krók-Álf og lifir hann enn“. Bergur trúði samt ekki í fyrstu og faldi sig undir tjaldi úti í kirkju, þar til biskup gat talað kjark í hann. En það er frá Krók-Álfi að segja, að hann andaðist þetta haust, norður í Eyjafirði og varð fáum mönnum harmdauði, nema konungi, sem lagði trúnað á þá sögusögn, að Íslendingar hefðu verið valdir að dauða hans.

SELDIR Á LEIGU. — Hérumbil hálfri öld eftir andlát Krók-Álfs, tók konungur upp þann óvanda *að selja Ísland á leigu með sköttum og skyldum* um þriggja ára skeið í einu. Leigunautarnir voru ýmist norskir eða íslenskir höfðingjar. Áttu þeir að skila konungi árlega ákveðinni fjárhæð, og var það skatturinn af öllu landinu. En enginn skeytti um hitt, hversu skattheimtumenn þessir fóru með landsbúa, en mjög er í frásögur fært, að þeir hafi verið ósvífnir í fjárkröfunum, enda var stjórn leigu-hirðstjóranna illa þokkuð. Árið 1360 hafði norskur maður, Smiður Andrésson að nafni, fengið hirðstjórnina í hendur. Hann var ofsamaður mikill í skapi og óbilgjarn við hvern, sem var að eiga. Þegar til Íslands

kom, vingaðist hann brátt við einhvern mesta ójafnaðarmann í landinu, Jón skráveifu. Jón hafði áður haft part af landinu á leigu frá konungi, og farið illa með vald sitt, svo að Norðlendingar gerðu honum aðsúg og stöktu honum undan suður á land, og þorði ekki einn að hefna harma sinna. Nú gerir hann sér dátt við Smið og kemur svo sínum fortölum, að Smiður lætur taka af lífi einn hinn helsta mann í landinu, fyrir rógmæli Jóns. Þykir nú þeim félögum, sem þeim séu allir vegir færir og hyggjast að fara herferð til Norðurlands og lækka rostann í bændum. Halda þeir með flokk sinn af Alþingi norður yfir fjöll og koma ofan í Eyjafjörð er vika var af júlí, sumarið 1362. Þá var einna mest fyrir Eyfirðingum Einar bóndi á Grund og *Helga* kona hans. Bóndi var ekki heima, er Smiður kom í héraðið, en njósn hafði borist fyrir þeim félögum og ekki friðvænleg. Var sagt að þeir ætluðu að drepa eða stökkva úr landi mörgum helstu bændum þar úr sveitum. Flokkurinn stefndi niður að Grund. Var þar fátt manna heima, en Helga húsfreyja tók gestunum vel og sparaði hvorki við þá mat né drykk. En meðan komumenn sátu að veislu, lét Helga safna liði um héraðið. Og er bændur voru fjölmennir orðnir, réðu þeir til inngöngu í skálann, þar sem hirðstjóri svaf með mönnum sínum. Þeir hrukku upp við hávaðann, og náðu flestir vopnum sínum og hringabrynjum. Smiður var frækinn maður og vopnfimur, en er á þá gekk og lið hans var sumt fallið eða flúið í kirkju, stökk hann upp á skálabitann og varðist þaðan alllengi. En þó kom þar, að hann var ofurliði borinn. Jón skráveifa reyndi að flýja en náðist og var barinn til bana með kylfum. Þeir sem komust í kirkju, fengu grið. Lík Smiðs var flutt til Hóla og greftrað þar, en fylgdarmenn hans grafnir á Grund. Helga fékk sæmd mikla af sinni framgöngu, er hún leysti bygðina frá þessum vágestum.

LILJA. — Árið áður en barist var á Grund, andaðist í klaustri einu í Noregi einhver frægasti Íslendingurinn, sem uppi var á miðöldunum. Það var *Eysteinn Ásgrímsson* munkur, höfundur *Lilju*, sem sagt var um „að öll skáld vildu Lilju kveðið hafa“. Menn vita lítið um Eystein og alls ekkert um fyrri ár ævi hans. Hans er fyrst getið í sambandi við róstur í Þykkvabæjarklaustri. Eysteinn var þá munkur þar og gerðist forgöngumaður að uppreisn móti ábótanum. Lauk því svo, að Eysteinn flúði í klaustrið í Viðey, og var þar um stund, uns biskupinn í Skálholti lét taka hann höndum og setja í járn fyrir óhlýðni hans við yfirboðara sinn. Eigi miklu síðar komst hann í Helgafellsklaustur og hækkaði heldur í metorðum. Þá voru orðin biskupaskifti í Skálholti og kominn á stólinn norskur maður, er *Gyrðir* hét. Tókst nú vinátta góð með honum og Eysteini. Hafði biskup munkinn með sér á ferðum bæði innanlands og utan. En í einni Noregsferð settist Eysteinn að í klaustri því, sem *Helgisetur* hét, skamt frá Þrándheimi og var þar í nokkur ár, þar til erkibiskupinn sendi hann með öðrum klerki í einskonar eftirlitsferð til Íslands. Áttu þeir að ferðast um landið og rannsaka ástand kirkjunnar. En er til Íslands kom, fóru þeir fyrst um Skálholtsbiskupsdæmi og þóttu óþarflega fégjarnir og harðdrægir. Tók þá að kólna vináttan með biskupi og Eysteini, og endaði með fullkominni óvináttu. Kom þar loks, að Gyrðir bannfærði fornvin sinn, en þá raun þoldi Eysteinn eigi, heldur iðraðist mótgerða sinna og sættist við biskup heilum sáttum. Eigi miklu síðar létu þeir í haf, hvor á sínu skipi, og kom hvorugur til landsins aftur. Skip biskups fórst við Færeyjar, og týndust menn allir, en þeir Eysteinn hreptu storma og hafvillur og velkti í hafi fram á vetur. Liðu þeir miklar þjáningar af hungri, þorsta og hverskonar vosbúð, en bar loks að landi í Noregi norðanverðum, brutu skipið í spón og

komust með naumindum lífs af. Eysteinn var nú illa staddur, allslaus og þjakaður af ferðinni. Leitar hann þá á náðir klaustursins í Helgisetri og kom þangað nær miðjum vetri. Þar andaðist Eysteinn nokkrum mánuðum síðar. Ekkert er til af ljóðum hans, nema kvæðið Lilja. Það eru 100 vísur, kveðnar undir mjög dýrum hætti, með ótrúlegum léttleika og formsnild. Segir Eysteinn þar frá sköpun heimsins, syndafallinu, neyð mannanna, boðun Maríu, fæðingu frelsarans, lífi hans, dauða, upprisu, og hversu hann endurleysir syndugt mannkyn. Kvæðið er snildarvel gert, einfalt að formi, en þrungið af hrifandi mælsku, trúarlegum ákafa og skáldlegri andagift. Það gegntók hugi manna og varð brátt á hvers manns vörum. Þótti þá sjálfsagt að kunna Lilju utanbókar og hafa alt kvæðið yfir eigi sjaldnar en einu sinni í viku, og helst á hverjum degi. Hélst sú venja fram að siðabót. Og enn þann dag í dag er Lilja talin einn af gimsteinum íslenskra bókmenta.

BANNFÆRING. — Á þessum tíma, og lengi bæði fyr og síðar, var *bannfæringin* öflugasta vopn kirkjunnar og mikið notað, bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Bannfæringin var tvennskonar: *Forboð* og *bannfæring*. Forboð var í því fólgið, að sá sem fyrir því varð, var *settur út af sakramentinu*, þ. e. bannað að taka þátt í heilagri kvöldmáltíð, þar til hann hefði komist í sátt við kirkjuna aftur. Hin eiginlega bannfæring var stórum alvarlegri. Hún var sama og alger útskúfun úr mannlegu félagi, og útilokun frá himneskri sælu. Bannfærður maður var bölvaður, hvar sem hann fór, og svo voru allar hans athafnir. Hver sem liðsinnti slíkum manni, varð brotlegur við kirkjuna og tefldi sálarheill sinni í voða. Biskupar og páfar höfðu vald á þessu vopni og beittu því óspart gegn andstæðingum sínum, og þoldu fæstir þá raun til lengdar og gengu til sætta við kirkjuna, heldur en búa undir stórmælunum. Voru biskuparnir oftast lægnir á að ná nýjum réttindum eða miklum fjárhlut við slíkar sættagerðir, enda óx vald og auður kirkjunnar hröðum skrefum. Menn sem dóu í

banni fengu eigi kirkjugreftrun, heldur voru líkamir þeirra jarðaðir utangarðs, eins og hræ. Var nákomnum ættingjum hin mesta raun að slíku og gengu að hverskonar afarkostum til að fá banninu létt, og beinin grafin í vígðri mold.

SVARTI DAUÐI. — Sumarið 1402 kom farmaður einn, Hvala-Einar Herjólfsson, skipi sínu til Íslands, og bar hingað þá drepsótt, sem er einna skæðust af öllum þektum sjúkdómum, en það er *svarti dauði*. Hann er landlægur í sumum heitustu löndum Asíu, og barst þaðan til Evrópu eigi allsjaldan á miðöldunum. Um miðja 14. öld geisaði svarti dauði í flestum löndum Norðurálfunnar og er talið, að þá hafi látist 25 miljónir manna hér í álfu. En til Íslands barst sýkin eigi fyr en hálfri öld síðar, og mun það hafa verið að þakka ógreiðum samgöngum við önnur lönd. En þá breiddist sýkin óðfluga um landið og var ákaflega bráðdrepandi; hrundi fólkið niður þúsundum saman, og varð engum vörnum við komið. Helstu úrræðin voru að heita á Maríu mey og aðra dýrlinga. Þótti mönnum sem þá brigði heldur til batnaðar, er heitið var að gefa hálfa vætt silfurs til Hólakirkju í skrín Guðmundar biskups hins góða; var talið að fleiri næðu prestsfundi úr því, áður en þeir létust, en það var þá eina huggunin. Á sumum heimilum lagðist allt fólkið í einu og lá dautt innan þriggja daga, og þó að 15 fylgdu líki til grafar, komu oft eigi nema þriðjungurinn heim aftur. Þá eyddi Skálholtsstað svo af fólki, að eigi lifði eftir nema biskupinn og tveir menn aðrir. Í nunnuklaustrinu í Kirkjubæ eyddi staðinn þrisvar að mannfólki, og kom þar, að nunnurnar mjólkuðu sjálfar búpeninginn, þó að þær væru því lítt vanar, því að eigi var öðrum á að skipa. Þangað voru flutt til greftrunar 800 lík, sem talin urðu, og má af því marka, hve manndauðinn var mikill. Er giskað á, að alls hafi látist í svartadauða þriðjungur allra

landsmanna að minsta kosti. Í sumum bygðum var mannlaust með öllu, er plágunni létti. Dóu þá út heilar ættir, og féllu stórmiklar jarðeignir í hlut einstakra manna. Myndaðust þannig fáeinar ríkismannaættir, en mestur þorri landsmanna, sem lifði sýkina, átti við mikla örbirgð að búa. Má segja með sannindum, að svarti dauði hafi dregið dug og kjark úr þjóðinni meira en flest önnur óhöpp, sem yfir hana hafa dunið.

JÓN GERREKSSON. — Skömmu áður en svarti dauði geisaði á Íslandi höfðu Noregur og Danmörk sameinast undir einum konungi og fylgdi Ísland með Noregi í því sambandi. Konungarnir töldu Danmörku aðal-landið og sátu þar löngum. Varð þessi breyting til þess, að valds og áhrifa konungs gætti lítið á Íslandi alllengi eftir þetta, því að stjórnin í Danmörku hafði mörgu því að sinna, er henni þótti sér fremur við koma en úteyjar norður í hafi. En þegar stjórnin skifti sér eitthvað af íslenskum málum, var það oftast til lítilla heilla. Veittu Danakonungar þá ýms hin æðstu embætti á Íslandi alls óhæfum mönnum, og er Skálholtsbiskup Jón Gerreksson einna frægastur þeirra. Þá réð sá konungur yfir Norðurlöndum er Eiríkur hét. Hann hafði miklar mætur á Jóni þessum og gerði hann að erkibiskupi í Uppsölum í Svíþjóð, þó það væri þvert á móti vilja sænskra klerka, sem þóttust eiga að kjósa sér erkibiskup sjálfir. En er Jón biskup hafði tekið við embætti, gafst hann í flestu illa. Lifði hann í sukki og svalli og eyddi fé erkistólsins og kirkna í umdæmi hans, þar til Svíar undu eigi lengur við óstjórn hans og ráku hann úr landi. Um þetta leyti var biskupslaust í Skálholti, og þótti þá Eiríki konungi þjóðráð að senda Jón þangað. Lét Jón nú í haf og kom skipi sínu í Hafnarfjörð, sumarið 1430. Landsmenn tóku honum skaplega í fyrstu, en

brátt tók vináttan að grennast, og bar það einkum til, að biskup hafði með sér sveina marga; skyldu þeir vera lífverðir biskups. Fylgdu þeir honum jafnan á ferðum. En þeir voru ærið ódælir og fóru víða með ránum og óspektum. Vissu menn varla, hvort illvirki þeirra voru öll að vilja biskups, eða að hann réð ekki við sveinana. Tóku þeir suma helstu menn landsins til fanga og léku þá illa. Þá voru uppi tveir íslenskir höfðingjar, sem illa þoldu yfirgang biskups og sveina hans, en það voru þeir Teitur ríki í Bjarnarnesi við Hornafjörð og Þorvarður Loftsson á Möðruvöllum í Eyjafirði. Sveinar biskups náðu þeim báðum á sitt vald og geymdu þá í járnum í myrkvastofu í Skálholti. Voru þeir hafðir til að berja fisk og gera önnur þau verk, er auðvirðileg þóttu, og máttu þola spott og brigslyrði sveinanna. Eftir nokkra stund slapp Þorvarður úr varðhaldinu og komst heim í Eyjafjörð, en Teitur sat fanginn lengur. En á páskum um vorið 1433 var veisla mikil í Skálholti og drukkið fast. Tveir varðmenn áttu að gæta Teits, en þeir urðu brátt dauðadrukknir og týndu lyklunum að fjötrunum. Kona ein á staðnum fann þá og færði Teiti. Leysti hann sig þá og komst undan um nóttina. Hafði hann stúlkuna með sér austur í Hornafjörð, gaf henni 20 hundraða jörð og gifti hana álitlegum manni. Foringi sveinanna hét Magnús. Hann hafði beðið Margrétar dóttur hirðstjóra, en verið synjað ráðahagsins. Reiddist Magnús mjög yfir þessum málalokum og hugðist að brenna stúlkuna inni. Kemur hann nú með sveinum biskups og leggur eld að bæ hennar. Margrét komst þó úr eldinum, en bróðir hennar var skotinn til bana. Margrét náði hesti og komst norður í Eyjafjörð. Hét hún því að giftast engum nema þeim, sem hug hefði til að hefna bróður hennar og fjörráða við hana. Nú fara orð á milli þeirra Þorvarðar og Teits um að þeir skuli draga lið saman og mætast með flokka sína í Skálholti á

Þorláksmessudag, þá um sumarið. Vissu þeir, að þá mundi Jón biskup heima vera, því að á messudag hins heilaga Þorláks, var hið mesta helgihald í Skálholti og safnaðist þangað fjöldi fólks hvaðanæfa að. Þorvarður reið með sinn flokk suður yfir fjöll, og barst engin njósn fyrir þeim, þar sem mannreið var mikil um héraðið. Tjölduðu þeir nóttina fyrir messudaginn litið eitt fjær bænum en aðrir menn. Teitur kom um morguninn með sinn flokk að austan, og er biskup spurði komu hans, kvað hann það mundu gilda líf sitt og sinna manna. Var biskup mjög óviðbúinn og kom engum vörnum við. Gekk hann þá í kirkju með öllum sveinum sínum og prestum og lét læsa dyrunum. Hóf hann síðan messu, en prestar hans fylktu sér kringum hann framan við altarið. Aðkomumenn skeyttu hvorki um helgi staðarins eða dagsins. Báru þeir stórviði að kirkjunni og lyftu henni af grunninum. Greiddu síðan inngöngu 50 saman, þeir sem hugaðastir voru. En er þeir komu inn í kirkjuna og sáu biskup alskrýddan og presta hans, mælti einn bóndinn: „Nú er ekki lítið um dýrðir". Síðan gengu þeir inn í kórinn, þrifu biskup, slitu hann af prestunum, færðu hann úr skrúðanum, létu hann í poka, bundu stein við, og köstuðu pokanum í Brúará á ferjustaðnum. Lét Jón biskup þar líf sitt. Þá var sveinum hans veitt aðganga hvar sem þeir náðust og allir drepnir. Voru sumir þeirra skotnir niður af kirkjubitunum.

ENGLENDINGAR Á ÍSLANDI. — Um 1400 voru Englendingar orðnir allmikil siglingaþjóð. Tóku þeir þá að venja komur sínar til Íslands, bæði í verslunarerindum og til fiskveiða. Fór vel á með þeim og landsmönnum í fyrstu. Áður höfðu Norðmenn og þó einkum Björgvinjarkaupmenn haft íslensku verslunina í höndum sér, en stunduðu hana slælega, svo að á 14. öldinni var sum árin engin sigling til

landsins, og jafnan lítil þegar best gerði. En þó að Bjargvinjarmenn gætu ekki rekið íslensku verslunina svo að viðunandi væri, vildu þeir með engu móti láta sinn hlut fyrir Englendingum og fengu konung til að banna Íslendingum að eiga nokkur skifti við þá. Skyldu enskir menn vera friðlausir og réttdræpir á Íslandi, en skip þeirra og aðrar eignir falla undir konung. Þetta þóttu Englendingum harðir kostir. Byrjuðu þeir um 1420 að ræna og brenna víða með ströndum fram. Létu þeir reiði sína bitna á umboðsmanni konungs, hirðstjóranum á Bessastöðum; brutu þeir niður bæinn og kirkjuna og rændu því, sem þeir máttu með komast, og ráku sjálfan hirðstjórann á flótta. Um sama leyti gengu þeir á land norður við Eyjafjörð, hjuggu strandhögg og eyddu bygðina með eldi og vopnum, en hertóku fólk og höfðu heim með sér. Þá voru tveir hirðstjórar yfir landinu. Þeir fóru að Englendingum út í Vestmannaeyjar og vildu stökkva þeim í burtu þaðan, en þá tókst eigi betur en svo, að hirðstjórarnir voru ofurliði bornir, handteknir og fluttir til Englands. Betur tókst Skagfirðingum að etja kappi við Englendinga. Árið eftir að Jón Gerreksson fór til Íslands, komu Englendingar fjölmennir í Skagafjörð og byrjuðu að ræna héraðið, en bændur tóku rösklega á móti og áttu við þá orustu. Biðu Englendingar ósigur og mistu margt manna, en þeir sem eftir lifðu, flýðu heim í Hóla og leituðu kirkjugriða. Þá var biskup á Hólum enskur maður, Jón Vilhjálmsson að nafni, maður harðdrægur og fégjarn. Hafði hann keypt biskupsembættið fyrir ærið fé og vildi græða á því. Að landslögum voru ræningjarnir réttdræpir óbótamenn og eignir þeirra fallnar undir konung. Jón biskup skeytti því engu. Lýsti hann í griðum og friði heilagrar Hólakirkju alla þá enska menn er „í kirkju séu komnir og haldi um kórstoðina“. Hann keypti af þeim hálft skipið, en hinn helminginn gáfu

þeir kirkjunni og alla fjármuni, er því fylgdu. Þannig bjargaði biskup landsins spellvirkjunum og kom þeim úr landi. Englendingar héldu áfram uppteknum hætti að sigla til landsins og höfðu alt af nokkur skifti við Íslendinga. Mundi gott eitt hafa leitt af komu þeirra, ef engin óeðlileg bönd hefðu verið lögð á verslunina.

BJÖRN RÍKI. — Á miðri 15. öld var Björn Þorleifsson ríki atkvæðamesti höfðingi á landinu, sökum skörungsskapar, ætternis, auðlegðar og metorða. Hann var dóttursonur Björns Jórsalafara, er borið hafði ægishjálm yfir alt stórmenni í landinu á sinni tíð, enda var hann af engum aukvisum kominn, þar sem Grundar-Helga var móðir hans. Björn Þorleifsson fékk þeirrar konu, er þá þótti bestur kostur í landinu, en það var Ólöf dóttir Lofts ríka á Möðruvöllum í Eyjafirði. Loftur var maður stórauðugur. Hann átti 80 stórgarða og bú á mörgum stöðum. Hafði hann um sig margt manna og reið fjölmennur milli búanna. Sonur Lofts var Þorvarður sá, er sótti heim Jón biskup Gerreksson. Sú saga er sögð, að einn dag kom til Lofts maður nokkur umkomulítill, með son stálpaðan, er Illugi hét. Sveinninn lék að priki á gólfinu og sló því ávalt í fót Lofti, svo að hann kendi til. Þá mælti Loftur: „Þú slær ógætilega, piltur. Þó muntu gera mér til meira áður en þú deyr“. Illugi gerðist síðar þjónustumaður hjá Lofti og komst í kærleika við Ólöfu dóttur hans, meðan hún var á unga aldri. Áttu þau saman tvö börn. Var öðru komið fyrir í fjarlægri sveit, en hitt eignað vinnukonu þar á bænum, og óx þannig upp undir umsjón móðurinnar. Lítið orð var gert á kunningskap þeirra Ólafar og Illuga, þar til það kemur fyrir við kirkjugöngu einu sinni, að Ólöf gengur til skrifta, sem oftar, inn í kórinn, en lagði á meðan, eftir venju, skart sitt og kvensilfur á kistu fram í

kirkjunni. Illugi var þar staddur með öðrum sveinum Lofts, og horfðu þeir á skartgripina. Þá lét hann þau orð falla, að sá maður mundi mikill fyrir sér, er slík kona legði hug á. En þessi orð fóru lengra en til var ætlað og brátt sá Illugi þann kost vænstan að flýja af heimilinu. Sveinar Ólafar spurðu, hvort eigi skyldi fara eftir honum og taka hann, en hún kvað lítilmannlegt að elta einstæðinginn, og varð ekki af eftirför. Skömmu síðar giftist Ólöf Birni Þorleifssyni, og þótti það vel sæma að tengja þannig saman tvær voldugustu ættir landsins. Segir nú fátt af þeim hjónum, þar til þau ráðast til utanferðar og hreppa veður stór; rak skipið til Orkneyja. Komu þar að þeim enskir sjóvíkingar, tóku þau höndum og fluttu fangin til Skotlands. En er fregnin barst til Danmerkur, lét konungur leysa þau út og flytja til Danmerkur. Gerði konungur stórvel til Bjarnar, því að hann fann, að maðurinn var mikill sér og vel mentaður. Fékk hann Birni hirðstjórn yfir Íslandi og hélt hann þeirri tign, meðan hann lifði. Skyldi hirðstjórinn gæta þess stranglega, að Englendingar hefðu engin skifti við landsmenn, enda var hann þess allfús og tók upp fé fyrir Englendingum, hvar sem hann náði til. Gerðist nú óvild mikil með Birni hirðstjóra og Englendingum. Lauk því svo, að Björn féll vestur á Rifi í Snæfellsnessýslu árið 1467, en Þorleifur sonur hans var handtekinn. Englendingar hjuggu líkama Björns í stykki og sendu hann til Ólafar. Hún mælti: „Ekki skal gráta Björn bónda, heldur safna liði“. Keypti hún síðan út Þorleif son sinn, og lét að því búnu greypilegar hefndir koma fram á Englendingum hér við land. Ólöf lifði lengi eftir þetta og þótti ætíð mikið að henni kveða. Hún var mjög reglufast um kirkjugöngur; skyldi sá eigi mat fá þann dag, er eigi gekk í kirkju og enginn skyldi líta út, meðan messa fór fram, nema mikla nauðsyn bæri til. Það er sagt, að Ólöf bað guð að láta nokkurn eftirminnilegan at-

burð gerast, er hún dæi. Hún andaðist í hárri elli. Gerði þá svo mikið veður, að mörg hús hrundu og skip týndust. Var það nefndur Ólafarbylur.

HRAFN LÖGMAÐUR. — Vald kirkjunnar fór nú dagvaxandi og mátti heita, að biskupar kæmu öllu fram, er þeir vildu. Þegar Jón Vilhjálmsson var biskup á Hólum, var Hrafn Guðmundsson lögmaður nyrðra. Hann bjó í Rauðuskriðu í Suður-Þingeyjarsýslu. Hrafn var skörungur mikill og sló brátt í deilur með honum og Jóni biskupi út af skipsstrandi norður á Sléttu. Vildi biskup bæði eigna sér skip og fé, því að Hólakirkja átti jörðina þar sem vogrekið bar að landi, en Hrafn taldi strandið bera undir konung eftir því sem lög mæltu fyrir. Lét hvorugur sinn hlut, en biskup bannfærði Hrafn og dó hann í banni. Ekkja hans beygði sig fyrir valdi kirkjunnar og sættist við Jón Vilhjálmsson. Gerðist hún þá nunna á Reynistað og gaf bæði klaustrinu og Hólakirkju stórmikið fé, sér til friðar og manni sínum. Hét þá biskup að láta syngja 30 sálumessur í Hólakirkju fyrir sál Hrafns og tvær messur hver prestur og munkur í biskupsdæmi hans. Var þar með létt banninu af sál og líkama Hrafns, en ekki af erfingjum hans. Dóttir Hrafns giftist manni þeim, er Brandur hét. Sonur þeirra var Hrafn lögmaður hinn yngri. Hann bjó í Rauðuskriðu, höfuðbóli ættarinnar og virðist hafa erft frá afa sínum uppreisnarlund gegn biskupavaldinu. Samtíða Hrafni Brandssyni var Ólafur biskup Rögnvaldsson á Hólum, sem bæði var slægvitur, grimmur og fégjarn. Átti biskup í sífeldum útistöðum við menn og stundum fyrir lítlar sakir. Þá bjó á Hvassafelli í Eyjafirði Bjarni Ólason, ríkur maður og vel metinn. Hann átti dóttur, er Randíður hét. Óvinir Bjarna sökuðu þau feðginin um óskírlífi, en aldrei varð það sannað. Ólafi biskupi þótti fjárvon í Hvassa-

felli og tók mál þetta til rannsóknar. Náði hann Bjarna á sitt vald og flutti til Hóla og geymdi í strangu varðhaldi, en Randíður flýði á náðir Hrafns í Rauðuskriðu. Svo fóru leikar, að Bjarni gugnaði fyrir biskupi og sættist við hann; skyldi hann greiða ærin fégjöld og þola harðar skriftir. Eftir þetta komst Bjarni burtu frá Hólum. Hrafn vildi með engu móti vægja fyrir biskupi, og lét á Alþingi ónýta dóm biskups. Kvað lögmaður Ólaf hafa farið með rangindum einum og lögleysum. Líkaði biskupi þetta stórilla og forboðaði Hrafn og vildi eigi leysa hann nema að hann gengi til hlýðni við kirkjuna, og hætti að halda verndarhendi yfir Randíði og Bjarna. Ekki vildi lögmaður sinna þessum kostum og fór sínu fram og gegndi lögmannsstörfum á Alþingi, eins og ekki hefði í skorist. Þá gekk biskup í lögréttu með prestum sínum og bannsöng Hrafn með ógurlegum formælingum. Þá gerðu Hrafn og vinir hans óp mikið að biskupi og vildu eigi heyra mál hans; hraktist Ólafur með prestum sínum undan lögréttumönnunum og lá við meiðingum. Hrafn fór utan þá um haustið 1481, til að fá rétting mála sinna hjá konungi, en vann ekki á, því að alstaðar var kirkjuvaldið til fyrirstöðu. Hrafn hélt þá heim og andaðist litlu síðar, í banni eins og afi hans. En sá varð endir Hvassafellsmála, að biskup og hirðstjóri skiftu með sér jarðeignum Bjarna og Randíðar.

JÓN SIGMUNDSSON. — Þegar Ólafur Rögnvaldsson var andaður, kusu Norðlendingar í stað hans bróðurson Ólafs, er Gottskálk hét, og hefir af sumum verið nefndur hinn grimmi. Hann fylgdi sömu stjórnarstefnu eins og frændi hans og fyrirrennari og auðgaði drjúgum bæði stólinn og sjálfan sig. En sökum þessarar veraldarhyggju lá hann í sífeldum deilum við leikmenn, einkum Jón Sigmundsson

lögmann. Jón var vel ættaður, fimti maður frá Grundar-Helgu, og sonur Solveigar, systur Björns ríka. Jón var vitur maður og vel mentur, ríkur og harðfengur. Komst hann snemma til mikilla virðinga og bjó á ýmsum höfuðbólum víðsvegar um Norðurland. Árið 1482 gekk hann að eiga ekkju þá, er Guðrún hét og stóð brúðkaup þeirra í Víðidalstungu í Húnavatnssýslu. Hefir þar að líkindum verið drukkið fast, en menn stilt illa skapi, því að sumir af gestunum börðust og var þar veginn Ásgrímur bróðir brúðgumans, en morðinginn og helstu fylgismenn hans komust í kirkju og undan hegningu. Út af þessu morðmáli reis þrálát deila mörgum áratugum síðar. Segir nú fátt af Jóni næstu tólf árin. Þá kom mannskæð sótt til landsins, sem gekk um alt land, nema Vestfirði. Hrundi fólkið niður umvörpum. Sátu konur dauðar, með skjólur sínar undir kúm á stöðlum, eða við keröld í búrum, og ungbörn lágu við brjóst mæðra sinna dáinna, er að var komið. Í þessari sótt misti Jón lögmaður konu sína, en kvæntist skömmu síðar í annað sinn Björgu nokkurri Þorvaldsdóttur og varð það hjónaband ærið sögulegt. Þegar Gottskálk var orðinn biskup, gerðist hann ærið afskiftasamur um hagi manna, einkum þar sem fjárvon var. Hann neyddi Óla bróður Randíðar til að láta af hendi hálft Hvassafell fyrir það, að hann hafði látið grafa föður þeirra í vígðri mold, þótt hann hefði andast í stórmælum kirkjunnar. Brátt gerðust ýmsar greinir með biskupi og lögmanni og síðar fullur fjandskapur. Bar það mest til, að biskup kvað síðara hjónaband Jóns glæpsamlegt eftir kirkjulögum, þar sem þau væru fjórmenningar, bæði komin af Helgu á Grund, en raunar var þessi staðhæfing röng, og það sannaði Jón lögmaður, en þá kom biskup með nýjar átyllur og vildi ekki láta málið niður falla. Kemur þar, að Gottskálk bann-

færir Jón og boðar hjónin bæði heim að Hólum. Skeytti lögmaður því engu, því að hann grunaði að beitt yrði við sig ofbeldi eins og Bjarna í Hvassafelli forðum. En Björg þoldi miður stórmælin og keypti sér frið um stund með nokkrum jarðarskikum. Harðnaði deilan æ því meir sem á leið. Lögmaður fór oftar en einu sinni utan á fund konungs og erkibiskups, en þeir gátu eigi rétt hluta hans, því að biskuparnir réðu þá mestu í landinu, og fylgdust vel að í þessum málum. Hinsvegar var alþýðan beygð og hjátrúarfull og hræddist að samneyta bannfærðum mönnum eða að veita þeim nokkra björg. Gátu þau hjón varla verið samvistum fyrir ofriki biskups, síst í Norðlendingafjórðungi. Á Vestfjörðum var þá mestur höfðingi Björn Guðnason í Ögri, frændi Jóns. Hann átti í miklum illdeilum við biskupinn í Skálholti og hélt sínum hlut. Björn var sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og Jón hélt lögmannsdæminu, þótt hann gæti illa neytt valdsins, eftir að hann var bannfærður. En þeir frændur fylgdust fast að og dæmdu hvor í annars málum og hvor öðrum til hagnaðar, alstaðar þar sem því varð við komið. Hafði Jón nú um stund athvarf hjá Birni, því að hann var auðugur maður og Vestfirðingar fylgdu honum dyggilega, svo að eigi varð þeim komið að óvörum. En smátt og smátt hafði biskup svælt undir sig og kirkjuna nær því allar eignir Jóns. Sá varð síðastur fundur þeirra, eftir því sem munnmæli segja, að Gottskálk ætlaði að drekkja Jóni lögmanni í Öxará. Jón fékk ekki að ganga til lögréttu, nema eftir mjóu tré, sem lá yfir ána, en svo um búið að annar endi trésins rann niður í ána, ef maður gekk eftir því. Fór svo sem til var ætlast, að lögmaður féll í ána, en hún var óstæð og var þar hverjum ósyndum manni bani búinn. En svo vildi til, að straumurinn bar lögmann að hólmanum og varð honum

þar mannhjálp en þó með naumindum. Tárfellandi dróg hann skjöl sín alvot úr barminum og stefndi biskupi fyrir guðs dóm. Síðustu ár ævinnar bjó á Jón á litlu koti í Húnavatnssýslu, firtur völdum, fé og vinum. Árið 1520 tók Jón sótt og bjóst við dauða sínum. Hann áminti börn sín til guðlegs athæfis og fól önd sína guði og Jesú Kristi, en eigi helgum mönnum, sem þá var títt. Þremur árum áður hafði Lúther vakið þá hreyfingu, er um aldur og ævi braut af mannkyninu fjötur miðaldakirkjunnar. Gottskálk biskup var á ferðalagi, er honum barst fregnin um andlát Jóns. Brá honum mjög við, og kvað mál að búast til heimferðar. Hann komst heim til Hóla og andaðist litlu síðar. Áður en hann tók banasóttina hafði hann gefið Hólakirkju fyrir sálu sinni meira en 100 jarðir.

KEPPINAUTARNIR. — Um 1520 voru báðir biskupsstólarnir lausir og komu þá til valda *Ögmundur Pálsson* og *Jón Arason*, hinir síðustu kaþólsku biskupar í landinu. Ögmundur var ættaður af Vesturlandi. Hann var ungur settur til náms og fór í þeim erindum til Englands og Niðurlanda. Hann þótti klerkur góður og óx í áliti, svo að Skálholtsbiskup benti á hann sem líklegasta eftirmann sinn og var því ráði fylgt. Meðan Ögmundur var utan að fá vígslu andaðist Gottskálk grimmi og kusu norðlenskir prestar þá Jón Arason. Jón fæddist árið 1484 á litlu koti í Eyjafirði. Hann misti ungur föður sinn ok ólst upp við mikla fátækt, sem fyrirvinna móður sinnar. Liðu þau oft mikinn skort. Móðir Jóns var frænka ábótans á Munkaþverá. Þangað kom Jón oft og var látinn vinna eins og léttadrengur, moka fjós og hesthús. Einhverju sinni flutti hann torf úr flagi með öðrum sveinum. Reið hann ofan á og sofnaði, en féll þá af baki í keldu. Þá mælti Jón: „Styðjið þér biskupsefnið!“

Þóttu þessi orð merkileg síðar. Ábótanum þótti sveininn mannvænlegur og sagði einhverju sinni við hann: „Mér segir svo hugur um, að þú frændi, munir verða meiri mér“ Hann lét kenna honum hið helsta af því, sem klerkum var títt að nema, en þó lærði hann lítt eða ekki latínu. Prestur varð hann 24 ára gamall og þótti mikið að honum kveða, svo að Gottskálk biskup hafði hann að trúnaðarmanni til vandasamra sendiferða. En er Ögmundur fréttir, að Jón er kosinn biskupsefni, líkar honum stórilla, því að hann vildi koma að einum vini sínum, og ráða í raun og veru öllu landinu. Fór biskup með margt manna norður og neyddi presta til að ónýta kosninguna og vildi hræða Jón frá að sækja biskupsvígslu. En Jón var hinn mesti þrekmaður og lét hvergi bugast, fór til Noregs, náði biskupsembættinu og komst heilu og höldnu yfir allar tálgrafir Ögmundar. Á fyrsta þinginu, sem þeir sóttu báðir biskuparnir, fjölmentu þeir mjög. Hafði Ögmundur 13 en Jón 9 hundruð manna. Lá við sjálft, að allur þingheimur mundi berjast, en góðir menn fengu afstýrt því. Varð þá að ráði, að tveir mestu kapparnir, sinn úr hvoru liði, skyldu heyja einvígi í Öxarárhólma. Börðust þeir lengi svo að eigi mátti á milli sjá, þar til maður Ögmundar hljóp undir Norðlendinginn og keyrði hann niður fall mikið. Þótti norðanmönnum eigi rétt að farið, en þó varð svo búið að standa. Skildu biskuparnir vandræðalaust.

SIÐABÓTIN. — Um þessar mundir hafði páfinn í smíðum Péturskirkjuna í Róm, sem er hið veglegasta guðshús í heimi. Varð honum fékátt við kirkjugerðina og önnur þau stórvirki, er hann hafði með höndum og greip þá til þess óyndisúrræðis, sem raunar hafði áður viðgengist, *að safna fé með því að selja mönnum fyrirgefningu syndanna*. Voru þá sendir aflátssalar í allar áttir með syndakvittunarbréf undirrituð af páfanum sjálfum. Þeir sem bréf þessi keyptu gátu með því friðþægt fyrir dyggðar og ódyggða misgerðir. Aflátssalan var

réttlætt með því, að Kristur og dýrlingarnir hefðu unnið fleiri góðverk, heldur en þeir þurftu, og að afgangurinn af þeirra góðverkum væri nokkurskonar innieign á himnum, undir umsjón páfans. Þessvegna gat hann miðlað syndurunum af góðverkaforðanum og þannig frelsað þá frá hegningu í öðru lífi. Þegar sendisveinar páfans komu til Þýskalands, varð ungur guðfræðingur, Lúther að nafni, til að mótmæla þessari óvenju. Gerðist sá atburður haustið 1517. Lúther var sanntrúaður kaþólskur maður og ætlaði alls eigi að hefja uppreisn gegn páfavaldinu í heild sinni. En nú var fylling tímans komin og orð Lúthers urðu upphaf að voldugri hreyfingu, því að þau voru sem töluð úr hvers manns hjarta. Kirkjan hafði í mörg hundruð ár verið að villast af réttri leið og spilt kenningum Krists með margskonar mannasetningum, og þjónar kirkjunnar blandað sér í veraldleg mál, sótt fast eftir auði, völdum og veglyllum, en farið misjafnlega vel með. Í margar aldir hafði safnast fyrir í hugum manna, víða um kristin lönd, innibyrgð gremja og mótþróalöngun gegn kaþólsku kirkjunni, en fram að þessum tíma hafði páfavaldinu tekist að þagga niður öll mótmæli. En andmæli Lúthers brutu fjötrinn af norrænu þjóðunum. Ótal menn komu honum til hjálpar, ýttu honum lengra fram og komu með nýungar sjálfir, og eftir fáein ár var ofurmagn páfaveldisins brotið á bak aftur, bæði á Þýskalandi og Norðurlöndum. En í þess stað bygðu siðabótarmenn upp nýja kirkjuskipun í samræmi við orð og anda nýjatestamentisins. Í siðbótarlöndunum voru orð páfans nú að engu höfð, allri dýrlingadýrkun varpað fyrir borð, munka- og nunnu klaustur lögð niður, prestum leyft að kvongast, forboð og bann úr gildi numið, messað á móðurmálinu en eigi á latínu, messu-aðhöfnin gerð einfaldari, hætt að sýna virðingu dýrlingabeinum og öðrum helgidómum o. s. frv. Þjóðverjar ráku um þetta leyti allmikla verslun á Íslandi og munu áhrif siðabótarinnar hafa borist hingað furðu fljótt, svo að ýmsir gerðust blendnir í trúnni á hinn gamla sið. Þetta var þeim kunnugt báðum biskupunum, Ögmundi og Jóni og varð til þess að þoka þeim saman til varnar gegn því, sem þeir álitu yfirvofandi hættu. Gerðist nú með þeim góð vinátta, og liðu þannig allmörg ár, sem hinir síðustu kaþólsku biskupar í landinu nutu í friði valda og virðingar.

FÓSTURSONURINN. — Árið 1508 fæddist í Skaftafellssýslu sveinn, er Gissur hét og var Einarsson. Foreldrar hans lifðu við örbirgð, en þó var hann ættaður vel og

í föðurkyn kominn af Grundar-Helgu. Gissur misti ungur föður sinn, og fór þá litlu síðar í Skálholt til Ögmundar, sem gekk honum í föður stað. Biskup sá að Gissur var afbragð annara manna að vitsmunum, og efldi hann til náms bæði heima og á Þýskalandi. Dvaldi hann þar í þrjú ár, einmitt um það leyti, þegar siðabótin breiddist sem óðast út og gagntók hugi manna. Gissuri fór sem fleirum, að honum þótti hinn nýi siður góður, og aðhyltist hann af alhuga. En er hann kom heim aftur, fekk fóstri hans grun um hugarfar hans og vildi hvorki heyra Gissur eða sjá, og svo var um fleiri vini hans og velgerðamenn. Móðir hans ein varð þá til að skjóta skjólshúsi yfir hann, uns fram úr raknaði. Ögmundur biskup gerðist nú gamall, mæddur og sjónlaus. Hafði hann ætíð verið sjóndapur á öðru auga, en dapraðist sýnin meir og meir, uns hann varð blindur með öllu. Var hann þá á förnum vegi um hábjartan dag og spurði, hvort nú tæki að kvelda: „Nei, herra", sögðu sveinarnir, „því að nú er heiðskírt og glaða sólskin". „Far vel veröld" mælti Ögmundur, „þú hefir mér nógu lengi þjónað". Varð það nú úr, að hann kvaddi Gissur aftur heim á staðinn og gerði hann að trúnaðarmanni, sínum enda duldi Gissur trúarskoðanir sínar svo vandlega, að biskup hugði hann vera horfinn aftur að sið feðra sinna, og lagði á hann sömu ástúð og fyr. Þá voru í Skálholti fleiri siðabótarmenn og höfðu sumir þeirra numið í Þýskalandi t. d. Oddur, sonur Gottskálks grimma. Hann var maður vel mentur og þýddi nýja testamentið á íslensku. Ekki þóttist hann öruggur heima á staðnum fyrir fólki Ögmundar og lét því gera sér pall úti í fjósi; þóttist hann vera þar að afskrifa gamlar bækur fyrir biskup og sýndi þeim, er til hans komu. Þá mælti Oddur eitt sinn við einn vina sinna: „Jesús lausnari vor var lagður í asnastall, en nú tek eg að snúa orði hans á móðurmál mitt í fjósi". Ögmundur gekk

dulinn alls þessa, og treysti Gissuri manna best til að taka við veg og vanda biskupsdæmisins og halda áfram mótstöðu gegn siðabótinni. Lætur hann nú á almennri prestastefnu kjósa Gissur til biskups, þótt eigi væri hann nema rúmlega þritugur að aldri. Lét Ögmundur rita með biskupsefninu meðmælabréf til konungs og fórst í öllu við hann hið drengilegasta. Gissur siglir nú á konungsfund sumarið 1539. En þá um vorið gerðust önnur tíðindi á Íslandi, sem eigi greiddu för biskupsefnisins. Maður hét Diðrik frá Minden. Hann var Þjóðverji, og hafði alllengi verið á Bessastöðum, bæði ráðsmaður og annað fleira. Var hann illa þokkaður fyrir orð og gerðir: illyrði, áverka, högg og gripdeildir. Um þetta leyti var hann orðinn umboðsmaður hirðstjórans og æðsti valdsmaður í landinu. Diðriki var kunnugt um, að siðabótarmenn höfðu við erlendis slegið eign sinni á klaustra- og kirkjufé og hugðist að fara að dæmi þeirra. Klaustrið í Viðey var stórríkt og lá svo að segja undir handarjaðri Bessastaðamanna. Diðrik afræður nú að ræna klaustrið og stilti svo til, að ábóti var ekki heima. Kemur hann í eyjuna um sólaruppás á hvítasunnumorgun, öllum á óvart. Vaknar fólkið við vondan draum, er fylgdarmenn Diðriks óðu um klaustrið með höggum og illyrðum. Flýði fólkið hálfnakið úr rúmunum, náði bátum og komst til lands, en konungsmenn létu greipar sópa um klaustrið og fluttu með sér það fémætt, er þeir máttu með komast. Síðar um sumarið ætlaði Diðrik að ríða austur í Skaftafellssýslu og gera sömu skil klaustrunum þar. Á leiðinni kom hann við í Skálholti, hrakyrti biskup, og kvaðst geta lagt undir sig alt Ísland með sjö mönnum. Biskup bað hann hafa sig burtu af staðnum, því að eigi gæti hann, blindur og örvasa, borið ábyrgð á gerðum manna sinna. En í sama mund hafði ráðsmaðurinn á stólnum safnað liði, og veitti Diðriki aðgöngu. Feldu þeir hann og sveina hans alla. Sam-

sumars spurðust víg þessi til Danmerkur og var Ögmundi kent um, og jafnvel Gissuri, en hann friðmæltist við konung og sannaði sakleysi sitt. Konungur og hirðin öll talaði þýsku, en þá tungu talaði Gissur svo vel, að drotning vildi naumast trúa, að hann væri Íslendingur. Gissur dró nú eigi lengur dul á trúarskoðun sína, enda vann hann brátt hylli konungs. Vorið eftir heldur hann heim til Íslands. Afhenti Ögmundur honum biskupsstólinn, og fór alt vel með þeim í fyrstu.

FLUTTUR Í ÚTLEGÐ. — Eigi hafði Gissur lengi setið í biskupsvöldum, er hann tók að ýfast við kaþólskum siðvenjum og lítilsvirða ýmsa þá gripi, er hafðir voru við guðsþjónustuna og trúaðir kaþólskir menn báru virðingu fyrir. Féll Ögmundi það æ ríð þungt, er hann sá, hversu Gissur hafði blekt hann. Þóttist hann eigi hafa komið Gissuri í biskupsvöld til að hafna trú feðra sinna. Sagðist hann hafa frétt, að dýrgripum dómkirkjunnar væri kastað hingað og þangað og sumir geymdir í svefnherbergi Gissurar. Höfðu þeir nú samtök með sér, Jón Arason og Ögmundur um að standa af alefli á móti hinum nýja sið. Var það þeim til stuðnings, að flestir prestar og allur landslýður hné til fylgis við þá. Konungur frétti nú um mótþróa Íslendinga og afræður að láta hart mæta hörðu. Sendir hann um vorið 1541 tvö herskip til landsins. Stýrði þeim danskur aðalsmaður, Kristófer Hvitfeld. Kemur hann skipum sínum í Reykjavíkurhöfn og stefnir þegar Gissuri á sinn fund. Voru þeir lengi á einmæli um daginn, og vissi enginn þeirra ráðagerð. Vinir Ögmundar höfðu ráðið honum til að fara austur í Skaftafellssýslu, meðan Danir væru hér við land. Tók hann því vel, en kvaðst fyrst þurfa að finna Ásdísi systur sína á Hjalla í Ölfusi. En þegar hann er á leið þangað, kemur sendimaður vestan yfir fjall frá Gissuri með bréf til Ögmundar, þess efnis

að hann hafi ekkert að óttast af hendi Dana. Þessu trúði Ögmundur og kvaðst mundu dvelja nokkrar nætur hjá systur sinni. Sendimaður snýr þá við, og segir Gissuri, hvað Ögmundur ætlar fyrir sér. Er þá bændum kringum Bessastaði boðið að safna hestum heim á höfuðsmannssetrið, því að Danir þurfi að flytja vín og önnur föng austur í Skálholt, en taka þar smjör og vaðmál. Eftir þetta ríður Gissur heim. En daginn eftir sendir Kristófer flokk danskra hermanna austur yfir heiði. Höfðu þeir einn Íslending til fylgdar og leiðsagnar. Hafði sá maður áður verið sveinn Ögmundar og skjólstæðingur. Danir héldu áfram um nóttina og komu árla morguns að Hjalla. Óðu þeir þegar inn í baðstofu, lögðu hendur á Ögmund, blindan og áttræðan öldunginn, sviftu honum hálfnöktum úr sænginni og leiddu hann út á hlað. Þar fengu þeir honum nokkur föt. Þá kom systir hans að og grátbændi hermennina að láta bróður sinn lausan. Fleygði hún sér yfir hann, en Danir rifu hann úr faðmi hennar og slitu af honum belti hans og sjóð. Fengu þeir þó eigi náð þessum hlutum, fyr en fjórir gengu að. Eftir þetta fluttu þeir Ögmund suður yfir heiði og út á skip. Gissur fylgdist síðar með dönskum mönnum upp að Haukadal, til að rannsaka híbýli Ögmundar, hvort nokkuð fyndist þar fémætt handa Dönum. En Ögmundur hafði falið fé sitt og varð ferðin til ónýtis. Þá ritaði Gissur Kristófer bréf og segir, að Ögmundur geti best sagt honum, hvar lausafé hans sé niður komið. Biður hann Kristófer að láta ekki „refinn“, sem hann hafi náð, sleppa í land, því að það muni leiða til upphlaups. Kristófer vildi fyrir hvern mun ná peningum og dýrgripum Ögmundar og hét honum frelsi, ef hann vildi láta þá af hendi. Sendi Ögmundur þá vildarvin sinn til Ásdísar og bað hana að fá Dönum dýrgripi hans og það gerði hún. Voru þeir þá svo ákafir, að þeir brutu silfurbryddingar af drykkjarhorn-

um og höfðu með sér. Meðal dýrgripanna sáu þeir nisti eitt, einkar fagurt, en þann grip sagðist Ásdís eiga og tók til sín. En er Kristófer heyrði þetta, kvaðst hann eigi mundu gefa Ögmund lausan, nema hann fengi nistið. Ásdís unni mjög bróður sínum og varð fljótt við þessari kröfu, en þá þóttist Kristófer ekki geta staðið við heit sín, nema Ögmundur gæfi jarðir sínar allar, 50 að tölu, til lausnar sér, og það gerði hann. En þegar þær voru fengnar, sigldi Kristófer til Danmerkur með Ögmund og andaðist hann þar, skömmu síðar, saddur lífdaga.

DAUÐI JÓNS ARASONAR. — Meðan þessu fór fram í Skálholtsumdæmi, lét Jón Arason lítt á sér bera, en andæfði þó siðabótinni eftir megni. Eftir að Ögmundur var úr sögunni, boðaði konungur báða biskupana á sinn fund. Gissur fór, og fekk konung til að leggja hinar miklu klaustureignir til skólahalds í landinu, en þó varð ekki úr því ráði, sökum ágengni danskra ráðgjafa, er öllu vildu undir konung koma. En Jón Arason fór hvergi, og afsakaði sig með elli og lasleika. Jón var maður hniginn að aldri, kominn undir sextugt. Hann var stórauðugur, einkum að jarðeignum eins og Ögmundur biskup. Þóttu þeir báðir nokkuð frekir til fjárins og sáust lítt fyrir í þeim efnum. Börn átti Jón mörg, bæði sonu og dætur. Vóru þau nú uppkomin, dæturnar giftar ríkum höfðingjum, en synir hans, þeir sem prestvígðir voru, höfðu bestu prestaköll, sem til voru norðanlands. Tveir af sonum Jóns koma mest við sögu: Björn prestur á Melstað í Húnavatnssýslu og Ari lögmaður. Voru þeir mjög samhentir föður sínum og fylgdu honum að öllum málum. Liðu svo fáein ár, að fátt bar til tíðinda. Gissur reyndi að koma siðabótinni á í sínu umdæmi, en almúginn var allur honum mótsnúinn, og hinn mesti hörgull á sæmilegum prest-

um til að fylgja fram hinum nýja sið. Hinsvegar var allt Norðurland ramkaþólskt, og í engu breytt til frá því sem áður var. Grunt var á því góða með þeim biskupunum, sem von var, en hvorugur þorði á hinn að ráða, og mátti kalla vandræðalaust milli þeirra. En um veturinn 1548 andaðist Gissur biskup, ekki nema fertugur að aldri. Siðabótarmenn kusu í stað hans Martein Einarsson, gæflyndan mann en atkvæðalítinn, og sigldi hann þegar á konungsfund. Þá um sumarið ríður Jón Arason með 100 manna í Skálholt og ætlaði að taka staðinn. En ráðsmaður Marteins, Jón prestur Bjarnason, varði staðinn, og hafði þrefalt fleira lið. Varð Jón frá að hverfa við svo búið, og undi illa við. Lét hann þá víggirða bæinn á Hólum, og var auðséð á öllu, að nú vildi hann láta skriða til skarar milli kaþólskra og siðabótarmanna. Næsta vor kemur Marteinn út með veitingu fyrir biskupsdæminu og strönga konungsbréf um atferli Hólabiskups. Var mági Marteins, Daða í Snóksdal, falið að handtaka Jón. Líður svo það sumar, en um haustið spyr Jón biskup, að Marteinn er vestur á Staðastað, og mjög fámennur. Sendir hann þá Björn og Ara til að handtaka Martein og Daða. Þeir náðu biskupinum, en ekki Daða. Var Marteinn þá um stund í fangelsi á Hólum og hart leikinn. Þessar aðfarir fréttust nú til Danmerkur og þótti konungi Jón biskup gerast æríð umsvifamikill, enda gaf hann nú hirðstjóranum stranga skipun um að taka biskup höndum, setja hann af embætti og láta kjósa annan í hans stað. Um sumarið 1550 fjölmentu þeir feðgar mjög til þings, höfðu 400 vopnaða menn. Réðu þeir öllu á þinginu, og óvirtu fulltrúa konungs greypilega. Er mælt að Ari biskupsson hafi þá rekið sjóð með konungsskatti á nasir hirðstjóranum og beðið hann að hirða. Af Þingvöllum reið Jón í Skálholt, og tók staðinn, með því að ráðsmaðurinn vildi eigi hafa Martein biskup að skotspæni, en vissi að Norðling-

ar mundu hafa hann í fararbroddi. Jón vígði dómkirkjuna, því að hann taldi hana saurgaða af guðsþjónustu siðabótarmanna. Þá lét hann og grafa upp líkama Gissurar, setja í poka og dysja utan kirkjugarðs. Þóttist biskup mikið hafa að gert og mælti: „Nú hefi eg undir mér allt Ísland, nema hálfan annan kotungsson“, en það var Daði og annar maður til. Úr Skálholti fóru þeir feðgar í Viðey, ráku alla Dani á brott en komu aftur á klausturlifnaði. Jón biskup var ágætt skáld, hið mesta á Íslandi, síðan Eystein Ásgrímsson leið. Við þetta tækifæri gerði hann vísu þessa um sjálfan sig:

„Víkur hann sér í Viðeyjarklaustur,
víða trúi eg hann svamli,
hinn gamli,
við danska var hann djarfur og braustur
dreifði hann þeim á flæðarflaustur
með brauki og bramli.“

Eftir þessa svaðilför, var biskup heima á Hólum nokkrar vikur. En honum var ekki rótt innanbrjósts, meðan hann átti „kotungssoninn“ yfir höfði sér. Þessvegna lögðu þeir feðgar af stað um haustið 1550 vestur í Dali og skyldi nú yfir lúka með Daða og þeim. Heldur voru þeir liðfáir. En er Daði spyr þetta, safnar hann liði, og verður fjölmennur. Mættust flokkarnir á Sauðafelli, þar sem fyr hafði búið Sturla Sighvatsson. Áttu þeir þar orustu, en skjótt kendi liðsmunar og hrökluðust biskupsmenn í kirkju. Voru þeir þar handteknir Jón Arason, Björn og Ari, en fylgdarmönnum þeirra leyfð heimferð. Skömmu síðar voru fangarnir fluttir suður í Skálholt og skyldu þeir bíða dóms á Alþingi næsta sumar. Þeir báru sig vel í varðhaldinu, og er mælt að biskup hafi þá sagt: „Að jólum, svo erum vér að Hólum“. En þær vonir urðu þó skjótt að engu. Allir vissu, að þeir feðgar voru af-

ar vinsælir með öllum kaþólskum mönnum, og mátti því búast við, að reynt yrði að ná þeim úr varðhaldinu. Treystist því enginn til að geyma þá vetrarlangt. En er rætt var um þetta í Skálholti, mælti Jón Bjarnarson ráðsmaður: „Öxin og jörðin geyma þá best“. Þetta þótti hinum danska umboðsmanni konungs hið mesta snjallræði, og barði niður allar mótbárur. Var nú svo ákveðið, að taka skyldi þá feðga af lífi án dóms og laga 7. nóv. Allir bjuggust þeir vel við dauða sínum. „Nauðugur gekk eg til þessa leiks, en nú skal eg viljugur ganga út“ mælti Ari, er hann var leiddur á aftökustaðinn. „Æ, æ, börnin mín bæði ung og mörg“, sagði Björn, er hann kraup á höggstokkinn. Prestur nokkur vildi huggreysta biskup og mælti: „Líf er eftir þetta líf, herra“. „Veit eg það, Sveinki“, segir biskup, því að honum þótti áminningin óþörf. Sumir segja, að Jóni hafi þá verið boðið líf, en hann neitað, og kveðið best að fylgja sonum sínum.

BESSASTAÐAVALDIÐ. — Með dauða Jóns Arasonar, var síðustu hindruninni rutt úr vegi siðabótarinnar á Íslandi. Sátu kaþólskir menn hnípnir og ráðalausir, er þeir höfðu misst foringja sinn. Marteinn biskup settist að völdum í Skálholti, og annar lúterskur biskup að Hólum. Verið 1551 sendi konungur þrjú herskip til landsins og lið til að handsama Jón biskup og sonu hans, en er þess þurfti ekki lengur með, létu foringjarnir sér nægja að knýja Íslendinga til að viðurkenna siðabótina. Ennfremur létu þeir greipar sópa um dýrgripi og eignir Hólakirkju og dæma eignir þeirra feðga réttilega fallnar undir konung. Var það stórmikill auður. Ari átti t. d. 25 jarðir og Björn bróðir hans hálfu meira. Þá féllu og allar klausturjarðir undir konung, og voru þær hálft sjötta hundrað. Konungur eignaðist á þennan hátt einn fimta hluta allra jarðeigna í landinu, og afgjaldið, að minsta kosti 100,000 kr. árlega, hvarf úr landinu og stóð svo þangað til seint á 19. öld. Meiru skifti þó hitt, að kirkjan, sem fyr hafði verið hættulegasti keppinautur konungsvaldsins, varð nú þjónn þess og fylgifiskur. Kirkjan misti að heita mátti, öll hin fornu sérréttindi og veraldarvald. Nú átti hún eingöngu að sinna eilífðarmálunum, undir eftirliti konungsvaldsins.

Konungur veitti biskupsembættin og valdi í þá stöðu helst þá menn, er fúsir voru að reka hans erindi. Eftir þetta voru Danir hlutsamari og áhrifameiri um íslensk mál en fyr. Umboðsmenn konungs voru nú eigi nefndir hirðstjórar, heldur *höfuðsmenn*, og í þá stöðu helst valdir danskir aðalsmenn. Þeir áttu heima á *Bessastöðum*. Sá jörð er á nesi einu litlu milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Bærinn stendur á sléttum granda milli tveggja voga og er útsýn hin fegursta, hvert sem litið er. Þar varð nú stjórnarsetur Íslands um langan aldur.

GUÐBRANDUR ÞORLÁKSSON. — Hérumbil 20 árum eftir lát Jóns Arasonar, varð sá biskup á Hólum, er *Guðbrandur* hét. Móðir hans var dóttir Jóns Sigmundssonar lögmanns, þess er deildi við Gottskálk grimma, og gift Þorláki presti á Staðarbakka í Miðfirði. Fæddist sveininn þar upp með foreldrum sínum, þar til hann var 12 eða 13 vetra, að hann var sendur í Hólaskóla. Þar var prestaskóli, sem siðabótamenn höfðu efnt til, og annar samskonar í Skálholti. Að loknu námi á Hólum sigldi Guðbrandur til háskólans í Kaupmannahöfn og stundaði nám í nokkur ár. Að því búnu sneri hann heim. Þótti hann hafa framast ágætlega, og hafði mikið orð á sér fyrir gáfur, þekkingu og dugnað, svo að konungur gerði hann að biskupi, þegar hann var tæplega þrítugur. Gerðist Guðbrandur brátt hinn mesti athafnamaður í allri embættisfærslu, svo að fáir biskupar hafa þótt meiri skörungar á seinni öldum. Honum var ljóst, að siðabótin var ekki komin á, nema að nafni til. Sárfáir menn höfðu snúist frá hinum forna sið af eðlilegum ástæðum, en flestir látið undan hótunum yfirvaldanna og aðeins í orði kveðnu. Þjóðin var enn þá kaþólsk í hug og hjarta, og hlaut að verða það, þar til hún fræddist um yfirburði siðbótarinnar. Guðbrandur setti sér það takmark, að bæta úr þessu. Prestar áttu við ill kjör að búa, því að umboðsmenn konungs höfðu svift kirkjuna miklu af eignum hennar. Biskup þóttist viss

um, að ef prestum væri illa launað, fengjust tæplega hæfir menn til starfsins, og fékk konung til að leggja fram fjárhæð nokkra, er skift var milli þeirra presta, sem helst þurftu hjálpvið. En aðalstarf Guðbrands í þarfir kirkjunnar var hin mikla bókaútgáfa hans. Jón Arason hafði látið flytja til landsins prentsmiðju, hina fyrstu er hingað kom, en eigi unnist tími til, að láta prenta nema lítið eitt. Guðbrandur fékk nú þessa prentsmiðju og flutti til Hóla. Hann lét og Íslending einn læra prentiðn erlendis og aðra menn nema af honum. Gaf hann nú út margar guðsorðabækur, en merkust af þeim öllum var hin mikla *biblía*, sem kend er við Guðbrand sjálfan. Hafði biskup unnið mest að þýðingunni, en lagfært nokkuð, sem aðrir höfðu fyr lagt út á íslensku. Vandaði biskup sem mest hann mátti til þessa verks, svo að frágangurinn yrði allur sem bestur. Í því skyni fekk hann bókbindara frá Þýskalandi, til að binda biblíuna og kenna Íslendingum þá iðn. Guðbrandsbiblía er feiknastór og vönduð. Er hún allvíða enn til, og þykir hinn mesti kjörgripur.

FALSBREFIN. — Því miður kom dugnaður Guðbrands eigi alstaðar að jafngóðu liði og í kirkjustjórn hans og fræðslustarfsemi. Hann var fjáraflamaður mikill og þótti ærið harðdrægur í skiftum, bæði fyrir Hólakirkju og sjálfan sig. Dró hann smátt og smátt undir sig og dómkirkjuna stórmiklar jarðeignir, og átti löngum í deilum og málaferlum út af þeim. Þá var lögmaður fyrir norðan Jón Jónsson frá Svalbarði. Hann var maður vel viti borinn, stórlyndur og auðugur. Þótti honum biskup gerast nokkuð aðsúgsmikill, og varð með þeim fullur fjandskapur, en áður höfðu þeir verið góðir vinir. Studdi Jón fjandmenn biskups og efldi þá til mótstöðu. Þá kemur þar, að Guðbrandur tekur að leita eftir að ná aftur með málaferlum jarðeignum, sem átt hafði Jón

Sigmundsson afi hans, en nú voru í eign afkomenda Gottskálks grimma. Spunnust af þessu langvinn málaferli. Lögðu óvinir biskups fram bréf nokkur, sem áttu að vera frá dögum Jóns Sigmundssonar. Bréf þessi voru nefnd *morðbréf*, því að eftir þeim átti Jón að hafa játað á sig hræðileg ódáðaverk, svo sem að hafa vegið Ásgrím bróður sinn í brúðkaupinu í Víðidalstungu og drepið tvö börn sín, kæft annað í soðkatli en drekt hinu. Biskup hrakti þegar áburð þennan á þinginu, en dómendur skeyttu því engu og vísuðu málinu til konungs. Jón fór utan og var Guðbrandi hinn óþarfasti, en þó fór svo, að málinu var vísað heim og íslenskur dómstóll dæmdi morðbréfin dauð og ómerk. Guðbrandi þótti samt ekki nóg að gert, til að verja mannorð og minningu Jóns Sigmundssonar. Ritaði hann þessvegna þrjá bæklinga um falsbréfin og hrakti þau lið fyrir lið með hinni mestu snild og skarpleika. En í seinasta ritinu varð hann nokkuð harðorður um andstæðinga sína og gat ekki sannað framburð sinn. Varð hann fyrir það að gjalda alt að því 20,000 kr. í sekt og hlaut ónáð konungs í þokkabót. Hin seinustu ár, sem Jón lögmaður lifði, áttu þeir ekki í opinberum illdeilum. Þá urðu höfuðsmannaskifti á Bessastöðum og hét sá Herluf Daa, er við völdum tók. Hann gerir Jóni lögmanni þegar orð að finna sig. Jón var kominn um sjötugt og orðinn lasburða nokkuð, en bregður þó við og ríður suður að Bessastöðum. Tók höfuðsmaður honum hið besta og var drukkið ákaft um kveldið. Tjald lögmanns stóð við kirkjugarðinn og svaf hann í því með sveinum sínum. „Nú skal Gutti setja ofan“, segir lögmaður við menn sína um kveldið, og þóttust þeir á því sjá, að vel hefði fallið á með honum og höfuðsmanni og að hann þættist nú hafa afla til að minnast fornra væringa við Guðbrand. En næsta morgun lá lögmaðurinn andaður í sæng sinni. Var hann grafinn í kórnum í Bessastaðakirkju, við hlið Páls Stígssonar, sem

einna harðleiknastur hafði verið allra danskra höfuðsmanna hér á landi. Jón lét eftir sig vætt af silfri og stórmikið annað fé. Guðbrandur lifði lengi eftir þetta, en var karlægur seinustu ár ævinnar. Hann andaðist 1627, og hafði þá verið biskup meir en hálfa öld.

EINOKUNIN. — Þegar Guðbrandur hafði verið biskup í rúm 30 ár, lögleiddi Danakonungur *einokunarverslun* á Íslandi (1602) og helst það skipulag í því nær tvær aldir, til hins mesta tjóns fyrir land og lýð. Er það álit margra manna, er vel bera skyn á, að einokunarverslunin sé það þjóðarból, sem mest hafi dregið afl og kjark úr Íslendingum. Skyldu íbúarnir í Kaupmannahöfn og tveimur öðrum dönskum borgum hafa einkarétt til að versla við Íslendinga í allmörg ár. Leigunautarnir áttu að greiða ákveðið gjald árlega til konungs fyrir verslunarleyfið, en þó var ekki fjárgræðgi konungs aðalástæða til þessarar ráðstöfunar, heldur hitt, að stjórnin í Kaupmannahöfn vildi, að ágóðinn af versluninni rynni í vasa Dana en ekki til Hamborgarmanna og annara útlendinga. Konungur skipaði svo fyrir, að leigunautarnir skyldu sigla á 20 helstu hafnir í landinu, flytja góðan og vandaðan varning, og selja við sama verði og áður hafði tíðkast, en íslenskir dómstólar skera úr, ef ágreiningur yrði með landsmönnum og kaupmönnunum. Þá var og Íslendingum harðbannað að eiga nokkur mök við erlenda farmenn og lögð við þung refsing, ef út af væri brugðið. Skifti nú skjótt um til hins verra, er fáeinir kaupmenn voru einráðir um verslunina. Skeyttu þeir lítið fyrirmælum konungs, fluttu oft illan og ónógan varning, hækkuðu verðið á útlendri vöru, en lækkuðu innlendar afurðir frá því sem fyr hafði tíðkast. Undu landsmenn þessu hið versta og kærðu oft fyrir konungi. Fékk hann lítt að gert, en tók þá til bragðs að leggja á *fast verð-*

lag, er haldast skyldi óbreytt um mörg ár. Þótti kaupmönnum sá texti ekki nógu hagstæður, og ítrekuðu hvað eftir annað við stjórnina, að hún skyldi herða sem mest á verslunarfjötrunum.

ÁRNI ODDSSON. — Guðbrandur Þorlákssón hafði komið þeim manni til biskupstignar í Skálholti, er Oddur hét og reyndist í mörgu hinn merkasti maður. Þá var Herluf Daa höfuðsmaður á Bessastöðum. Óvingaðist brátt með honum og biskupi, því að báðir voru ráðríkir. Bar höfuðsmaður róg um Odd í konungseyru. Kvað hann biskup ranglátan í embættaveitingum og halda mjög fram ættmönnum sínum og vígja suma þá menn til prests, er eigi væru til þess færir, sökum ónógrar þekkingar. Biskupi tókst að hnekkja þessum áburði, en þó varð eigi af fullum sáttum. Segja menn að Oddur biskup kom einhverju sinni að Bessastöðum og tók höfuðsmaður rausnarlega á móti honum. Drukku þeir fast um kvöldið. Biskup veitti því eftirtekt, að honum var eitt sinn borinn drykkur úr annari könnu en höfuðsmanni. Dreypti hann nokkuð á bikarnum og leið þegar í ómegin, og var borinn af sveinum sínum til tjaldsins. Lá hann þar nokkrar nætur, uns hann hrestist aftur. Var mönnum eigi grunlaust um, að höfuðsmaður hefði byrlað honum eitur. Sonur biskups hét *Árni*. Hann var vel mentur og hafði verið um hríð skólameistari í Skálholti hjá föður sínum. En er fjandskapur óx með biskupi og höfuðsmanni, sendi Oddur Árna son sinn á konungsfund til að tala þar máli sínu, en þó átti að falla fullnaðardómur um þrætu þeirra á þinginu árið 1618. En er dæma skyldi í málinu spurðist eigi til Árna biskupssonar, því að höfuðsmaður hafði fengið kaupmenn til að synja honum fars til Íslands. Vænti höfuðsmaður, að hann mundi bera hærra hlut frá borði, ef Árni kæmi eigi í tæka tíð með

sönnunargögn sín. Og er málið var komið fram í réttinum, hafði höfuðsmaður mörg hæðnisorð um, hvað Árni mundi nú hafast að, en Oddur var dapur og hyggjuþungur. Var þá gengið frá dómstefnunni til miðdegisverðar, en biskup sinti því eigi, heldur ráfaði með nokkrum vinum sínum upp á eystri barm Almannagjár, eins og vildi hann skyggnast um. Þóttist hann sjá taflslok í málum sínum, því að flestar sannanir hans voru hjá Árna. Þá verður biskupi litið inn með Fögrubrekku og sér mann koma þeysandi austan veginn. Kennir hann þar för sonar síns. Árni hafði um síðir komist út á Vopnafjarðarskipi, og lenti austur þar í þingbyrjun. Fékk hann sér þá afburðagóðan hest, og reið síðan dagfari og náttfari, uns hann kom á Þingvöll eftir fjóra sólarhringa. Varð nú fagnaðarfundur með þeim feðgum, og fremur sókn en vörn af þeirra hendi í málinu. Bar höfuðsmaður lægra hlut, misti embættið, féll í ónáð konungs og andaðist snauður, en Árni hlaut mikla frægð af sinni framgöngu. Árni var síðan lögmaður í liðug þrjátíu ár og þótti jafnan hinn mætasti maður. Er það fært í frásögur, að einu sinni, meðan hann var lögmaður, hafði umhleypingur nokkur, sem talaði ilt um alla, verið dreginn fyrir dóm á Alþingi. Vitnaðist þá, að hann þóttist geta fundið öllum mönnum í landinu eitthvað til klækja nema þremur, sem hann nefndi, og einn af þeim var Árni lögmaður.

TYRKJARÁNIÐ. — Sama árið og Guðbrandur biskup dó, komu hingað tyrkneskir víkingar og fóru með hinum mesta ránskap. Þeir voru frá Algier á norðurströnd Afríku. Þar var þá hið mesta ræningjabæli, og hafði svo verið um langan aldur. Þjóðin var Múhamedstrúar, grimmlynd mjög og herská. Fóru víkingar þaðan víða um höf og rændu fé og mönnum. Seldu þeir fólkið í ánauð suður í löndum, eða

neyddu ættmenn þess og vini til að kaupa það út fyrir sérið fé. Voru Evrópuþjóðirnar hræddar við þennan óaldarlýð, og höfðu naumast önnur úrræði en að blíðka ræningjana með stöðugum fégjöfum. Árið 1627 stefndu ræningjar þessir með allmörgum skipum til Íslands og er mælt, að danskur herfangi í Algier hafi bent þeim á þessa veiði, sagt að hér væri gott til fanga og lítið um varnir. Urðu víkingar þessir samflota norður undir Ísland. En þá skildu þeir. Stefndi önnur deildin á Reykjanes en hin til Austfjarða. Þeir sem vestar héldu, komu fyrst að landi í Grindavík, rændu þar nokkrum mönnum og unnu mörg grimdarverk. Þaðan stefndu þeir til Bessastaða og ætluðu að ráðast á höfuðsmannssetrið, en njósnir bárust fyrir þeim, svo að höfuðsmaður fekk ráðrúm til að safna liði og gera varnarvirki fram við sjóinn. En er Tyrkir sigldu inn á Skerjafjörð, rakst annað skip þeirra á grynningar og sat þar fast. Vildu Íslendingar þá greiða atlögu að víkingum, en höfuðsmaður bannaði það. Þótti hann lítill garpur og hafði best söðlaðan skamt frá virkinu, til að geta flúið, ef Tyrkir gerðust of nærgöngulir. En ræningjarnir fluttu í næði fólk og farangur úr strandaða skipinu yfir í hitt skipið og héldu síðan heimleiðis með herfangið. Nú er að segja frá félögum þeirra. Þeir réðust á Austfirði sunnarlega og herjuðu grimmilega, drápu og hertóku allt fólk, sem þeir náðu til, en eyddu bygðina. Þaðan stefndu þeir vestur með ströndinni og höfðu með sér að austan liðuga hundrað menn fangna. Skamt frá Vestmannaeyjum hittu þeir enska fiskiduggu, og var einn Íslendingur þar háseti. Víkingarnir þröngvuðu fiskimönnum þessum til að vísa sér leið að Vestmannaeyjum. En er eyjaskeggjar sáu stórskip stefna að landi, grunaði þá, að hætta væri á ferðum og bjuggust til varnar við höfnina. En hinn íslenski leiðsögumaður benti Tyrkjum á óvanalegan lendingarstað. Þustu þeir þar í land, þrjú hundruð saman og

óðu grenjandi um eyjuna. Báru flokkarnir fyrir sér rauða fána. Danski einokunarkaupmaðurinn sá hættuna, náði bát og komst til lands með hyski sínu, en eigi varð Íslendingum slíkrar undankomu auðið. Sumir hlupu í bergið eða hella og jarðholur, en flestir urðu á vegi ræningjanna, og var þeim sópað sem fjárhóp til réttar, niður að dönsku verslunarhúsunum og fólkið byrgt þar inni. Konur, börn og gamalmenni, sem eigi gat gengið eins hart og ræningjarnir, var barið, limlest, svívirt, drepið og saxað í smástykki. Síðan leituðu ræningjarnir vandlega um eyjuna og fundu flesta þá, er faldir voru. Klifruðu þeir um hamrana eins og fimustu bjarggöngumenn, til að sækja þá er þar leyndust, en þá sem sáust á bjargsillunum, en eigi náðist til, skutu þeir með kúlubyssum. Eftir þetta fluttu þeir bandingjana fram á skipin, nema lasburða fólk, sem útlit var fyrir, að eigi yrði keypt út. Það skildu þeir eftir í verslunarhúsunum, slógu síðan eldi í þau og kirkjuna og brendu til kaldra kola. Alls höfðu þeir drepið og rænt á landinu nær 400 mönnum. Eftir þetta létu víkingar í haf og voru komnir heim á áliðnu sumri. Var þá bandingjunum tvístrað, og þeir seldir í ánauð. Áttu þeir víðast hina verstu æfi, en angraði þá mest, að sífelt var reynt að snúa þeim til Múhamedstrúar, en fáir létu til leiðast af þeim, sem komnir voru til vits og ára. Prestur eyjamanna var handtekinn með konu og börnum og fluttur til Algier. En af því að hann var aldraður og lítt fær til vinnu, sleptu ræningjarnir honum, en héldu eftir konu hans og börnum. Komst prestur eftir mikla hrakninga og þjáningar til Kaupmannahafnar, og vonaði að konungur mundi kaupa út fangana, en það varð þó eigi, því að Danir höfðu þá orðið undir í styrjöld einni, og voru eigi aflögufærir. Prestur fór síðan til Íslands og fekk eigi að gert. Kona hans var skilin frá börnum sínum og þjáð harðlega, en þó lifði hún það að sjá aftur

ættjörð sína. Níu árum eftir að Tyrkjaránið var framið, voru rúmlega þrjátíu af föngunum leystir út, en eigi komust nema 27 af þeim til Íslands aftur. Mjög margt af hertekna fólkinu hafði andast fljótlega eftir að suður kom. Þoldi eigi meðferðina, né hið annarlega loftslag.

BRYNJÓLFUR SVEINSSON. — Um það leyti sem einokunin komst á hér á landi, var prestur að Holti í Önundarfirði, er Sveinn hét. Oddur biskup kom að Holti á yfirreið og spáði fyrir Ragnheiði konu Sveins, að sonur hennar mundi verða eftirmaður sinn í Skálholti. Litlu síðar ól prestskonan svein, er var skírður Brynjólfur. Þótti hann snemma hinn mannvænlegasti og var sendur ungur í Skálholtsskóla. Lét biskup meira eftir honum en öðrum skólasveinum, svo að hann mátti varla neita honum nokkurrar bónar. Að loknu námi í Skálholti sigldi Brynjólfur og dvaldi árum saman við Hafnarháskóla, og stundaði nám sitt af mesta kappi. Var hann talinn manna lærðastur sinna samtíðarmanna, ekki síst í hinum fornu málum, latínu og grísku. Þá var sá siður mjög tíður, að lærðir menn áttu í opinberum kappræðum á latínu. Bar þá eitt sinn svo til, að Brynjólfur átti að mótmæla einum hinum lærðasta manni við háskólann, er mestur þótti deilumaður. Hlýddi konungur á og fjöldi merkra manna. En svo fóru leikar, að Brynjólfur flækti þannig málið fyrir andstæðing sínum, að hann fekk eigi greitt úr, og þótti hafa farið halloka. Lagði sá maður síðan hina mestu fæð á Brynjólf. Öðru sinni mætti Brynjólfur grískum fræðimanni í Höfn, og mæltust þeir við á grísku. Hafði Grikklendingurinn orð á því við málsmetandi menn í Danmörku, að honum þótti mikil furða, að slíkur maður sem Brynjólfur var, skyldi vera fæddur og uppalinn á Íslandi, af svo fávísu fólki og lítt siðuðu, sem hann hugði þar vera. Urðu þessi atvik með öðru

til þess, að Brynjólfi var skömmu síðar veitt ágætt embætti við skóla einn í Danmörku, en síðar gerður að biskupi í Skálholti, er stóllinn losnaði. Gerðist Brynjólfur brátt hinn mesti athafnamaður. Hann lét byggja upp dómkirkjuna og staðinn allan úr hinum bestu viðum, sem fengist gátu, þó að engin sjáist þess nú merki, sem eigi er von, þar sem menn kunnu eigi að byggja úr steini. Hann endurbætti skólann og fékk til hans ágæta kennara. Margir af þeim, sem lærðu í Skálholti um hans daga, fóru síðan til háskólans. Styrkti biskup þá oft með fégjöfum, en einkum þá sem stunduðu námið af kappi og gátu skrifað honum góð bréf á latínu. Kirkjustjórnin öll fór honum prýðilega úr hendi, svo að fáir eða engir hafa þar staðið honum framar hér á landi. Brynjólfur unni mjög fornum fræðum og safnaði allmiklu af gömlum handritum. Einhverju sinni var hann á yfirreið um Vestfirði og kom í Flatey á Breiðafirði. Þar bjó merkisbóndi, er Jón hét Finnsson. Hann átti skinnbók eina forna og mikla. Voru þar skráðar sögur Noregskonunga og ýmislegt fleira. Bókin var kjörgripur í ætt Jóns bónda og allfræg. Brynjólfur hafði áður falað bókina fyrir peninga, og er það fékst eigi, þá fyrir 5 hundruð í jörðu, en hún var eigi föl að heldur. En er bóndi fylgdi biskupi til skips, gaf hann honum bókina, en Brynjólfur gaf hana aftur Friðriki 3. Danakonungi. Er *Flateyjarbók* enn til í Höfn og þykir konungsgersemi. Mjög mikið orð fór af lærdómi Brynjólfs. Er það í frásögur fært, að tveir hinir lærðustu menn erlendis rituðu hvor á móti öðrum um það, hvort Kristur hefði verið pindur og deyddur á fimtudegi eða föstudegi, og báðu Brynjólf að skera úr, en hann afsakaði sig og gekk forsjálni til. Brynjólfur átti tvö börn, Ragnheiði og Halldór. Þau önduðust bæði á tvítugs aldri og fékk það biskupi mestrar sorgar. Halldór dó í Englandi og var þar grafinn. Fékk biskup Íslending einn til að

fara út og setja legstein á leiðið og færa sér heim klæði sonar síns. Skifti hann síðan auði sínum milli vina og vandamanna, og valdi sér eftirmann í biskupssætið. Brynjólfur andaðist árið 1675. Hann var eftir beiðni sinni grafinn í kirkjugarðinum, hjá vandafólki sínu, en ekki í kirkjunni, eins og siður var um höfðingja. Erfingjar biskups létu gera trégrind utan um leiðið, en eftir nokkur ár var hún fallin og leiðið týnt og gleymt.

HALLGRÍMUR PÉTURSSON. — Guðbrandur biskup átti frænda, er Pétur hét, fátækan mann og umkomulítinn. Biskup tók Pétur til sín heim í Hóla og gerði hann að hringjara á staðnum. Pétur átti son, er *Hallgrímur* hét, og ólst hann upp á Hólum, en eigi mun hann hafa verið til menta settur. Hann var á fermingaraldri, þegar Guðbrandur andaðist. Segja menn að Hallgrímur hafi verið mikill fyrir sér og snemma látið fjúka í kviðlingum, og það orðið orsök til þess, að hann hröklaðist frá Hólum og var sendur til Danmerkur. Vann hann þar fyrir sér um hríð, einkum við járnsmíði, og átti oft illa daga. Brynjólfur Sveinsson var þá í Kaupmannahöfn. Hallgrímur kyntist honum af tilviljun, og varð það Íslandi til ómetanlegrar hamingju. Brynjólfur fann, að pilturinn var vel viti borinn og fekk því áorkað, að Hallgrímur hvarf frá járnsmíði og tók að stunda nám í latínuskóla einum þar í borginni. Árið 1636 var hann kominn í efsta bekk, eftir fjögra vetra nám. Þá komu Íslendingar þeir, sem leystir voru úr ánauð í Algier. Hallgrímur var þá fenginn til að kenna þessu fólki kristin fræði, meðan það beið eftir skipsferð til Íslands. Meðal þessara herteknu manna var kona nokkur, er Guðríður hét, Símonardóttir. Hafði hún verið gift áður en hún var herumin, en nú var maður hennar sagður látinn. Hallgrímur lagði hug á ekkju þessa

og varð það til þess, að hann hvarf frá náminu, próflaus, og fylgdist með Guðríði til Íslands. Bjuggu þau saman í sjö ár í húsmensku eða þurrabúð einhversstaðar á Suðurnesjum og áttu við mjög þröngan kost að búa. Vestan á Reykjaneskaganum er tangi, sem Hvalsnes heitir. Þar var þá prestsetur en mjög rýrt og í litlu áliti, svo að illa gekk að fá presta þangað. Brynjólfur Sveinsson var nú orðinn biskup í Skálholti. Var honum vel kunnugt um hagi Hallgríms og vígir hann til Hvalsnesþinga. Var Hallgrímur þá svo fátækur, að biskup varð að gefa honum hest með reiðtygjum, alklæðnað og nokkuð af nauðsynlegum messuskrúða. Heldur var presti tekið fálega af sumum sóknarbændunum í Hvalsnesþingum. Voru þeir ríkir stórbokkar og þótti sér óvirðing ger með því að senda þeim svo fátækan mann fyrir prest. Eftir fáein ár fluttist Hallgrímur að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd og varð hjartanlega feginn skiftunum, því að honum hafði jafnan vegnað illa á Hvalsnesi. Tók honum nú að græðast fé, svo að hann leið ekki skort, það sem eftir var ævinnar. Á fyrstu tíu árunum, sem Hallgrímur bjó í Saurbæ, orti hann Passíusálmana um kvalir og fórnardauða frelsarans. Eru þeir ódauðlegt snilldarverk, enda hefir engin bók orðið eins hjartfólgin íslensku þjóðinni. Hallgrímur orti ýmislegt fleira bæði andlegs og veraldlegs efnis, en ekkert af því er sambærilegt við Passíusálmana, nema gleðrunarsálmurinn „Allt eins og blómstrið eina“, sem enn í dag er sunginn við hverja jarðarför. En eftir að Hallgrímur hafði lokið við Passíusálmana, byrjuðu raunir hans að nýju. Bærinn brann sumarið 1662, litlu eftir Kópavogsfundinn, og varð litlu eða engu bjargað. Þó gat Hallgrímur endurreist bæinn þá um haustið, með hjálp góðra manna, en þá kom annað þyngra böl. Hann tók að kenna holdsveiki, þess sjúkleika, er leiddi hann til bana. Gerðist hann nú lítt fær til embættisstarfa,

og var blindur og karlægur hin síðustu ár. Hann andaðist í Ferstiklu, litlu koti rétt hjá Saurbæ, haustið 1674. Guðríður ekkja hans lifði lengi eftir þetta. Börn höfðu þau átt mörg, en flest andast í æsku.

KÓPAVOGSFUNDURINN. — Árið 1662 varð raunaár í sögu Íslendinga. Þá var fjögra alda afmæli Gamla sáttmála, og þá neyddu Danir Íslendinga til að gera hinn illræmda Kópavogssamning. Snemma um vorið sendi höfuðsmaðurinn danski, Hinrik Bjelke, Íslendingum þau orð frá Kaupmannahöfn, að þá um sumarið yrðu allir embættismenn og helstu bændur að koma til þings og sverja Friðriki konungi 3. nýja trúnaðareiða. Svo var þá háttað í Danmörku, að Svíar höfðu vaðið yfir landið og gert þar hin mestu hervirki. Var þá stjórninni erfitt um fjárhaginn, því að aðalsmennirnir, sem voru ríkasta stéttin í landinu, voru undanþegnir öllum sköttum og skyldum. Kallaði konungur alt stórmenni í landinu á sinn fund í Kaupmannahöfn og fór þess á leit, að aðalsmenn bæri skattana eins og aðrir þegnar hans, en þeir tóku því þverlega. Þá lét konungur loka borgarhliðunum og ógnaði fundarmönnum með hervaldi. Létu aðalsmenn þá undan síga, og gerðist konungur einvaldur skömmu síðar. Gat hann þá lagt skatta á þegnana eftir vild sinni, og þóttist ekki skyldur að standa reikningsskap ráðsmensku sinnar nema guði einum. Nú var röðin komin að Íslendingum að leggja hin fornu landsréttindi í konungs hönd, og var geigur í öllum bestu Íslendingum við eiðtökuna. Brynjólfur biskup og Árni Oddsson lögmaður voru þá mestir atkvæðamenn í landinu. Árni var gamall orðinn og vildi leggja niður embætti sitt, „því að vandinn eykst og veröldin spillist ár eftir ár“, sagði hann í lausnarbeiðni sinni. En þingheimur allur bað Árna að halda embættinu, því að „hjá þeim gömlu er vís-

dómurinn, hjá þeim gráhærðu skilningurinn". Lét lögmaður þá undan þrábeiðni manna. Höfuðsmaður náði ekki til landsins á tilteknum tíma, og ekki fyr en menn voru riðnir heim af þingi. En er Bjelke var landfastur orðinn, lét hann boð út ganga í allar áttir, að nú skyldu þeir, sem kvaddir voru til eiðtökunnar, koma á hans fund. Var sá fundur haldinn í Kópavogi, skamt frá Reykjavík. Árni Oddsson lögmaður setti þingið. Herskip danskt lá þar örskamt frá á vognum hjá Bessastöðum. Höfuðsmaður lét allmikla sveit vopnaðra hermanna koma á fundinn í Kópavogi og skipaði þeim í hring utan um þingheim. Lét Bjelke fyrst vinna konungi hollustueið og gekk það greiðlega. Að því búnu dró hann upp einvaldsskuldbindinguna, og þótti þá þingmönnum vandast málið. Tók þá Brynjólfur biskup til máls og kvað Íslendinga ófúsa að varpa frá sér í hendur annara öllum réttindum sínum. Höfuðsmaðurinn gegndi því engu, en spurði biskup, hvort hann sæi hermennina. Sáu menn þá, að Bjelke ætlaði að hafa sitt mál fram með illu, ef það ynnist eigi með góðu. Íslendingar voru vopnlausir og sáu að öll mótstaða var árangurslaus. Skrifuðu þá allir fundarmenn undir, nema Árni Oddsson. Hann var hinn tregasti og þæfðist fyrir alt til kvelds. En loks lét hann undan hótunum höfuðsmanns og skrifaði undir, tárfellandi. Lét Bjelke í veðri vaka, að heitorð Íslendinga væri ekki sérlega þýðingarmikið, konungur mundi ekki breyta landsstjórninni frá því sem var, enda reyndist það svo, meðan hann fór með höfuðsmannsvaldið. En mjög efldist danska valdið á Íslandi við þessa breytingu, til mikils ógagns þjóðinni.

GALDRABRENNUR. — Á Alþingi 1662 hafði lögmaðurinn fyrir norðan og vestan sagt af sér, og voru þeir sem líklegastir þóttu í þá stöðu, ófúsir að taka við þeim vanda, eins og þá stóð á. Þá hlaut kosningu Þorleifur Kortsson. Hann var lítill og ljótur og í

engu skörungur, nema að ofsækja menn og brenna fyrir *galdra*. Þá var galdratrú mikil í Norðurálfu, og barst hingað til lands. Voru þeir menn, er sakaðir voru um fjölkyngi, pindir grimmilega, og fór þá oft svo að lokum, að þeir játuðu á sig hverskonar glæpi og voru síðan brendir. Skulu hér tilfærð fáein dæmi frá ofanverðri 17. öld. Prestskona nokkur á Vestfjörðum tók ókennilega sýki, og var kent um fjölkyngi drengs þar í sveitinni, sem eigi hafði fengið að eiga vinnukonu á prestssetrinu. Pilturinn meðgekk þetta, og nefndi mann, er kent hafði honum galdrana. Voru þeir báðir brendir, annar á Þingeyrum, heima hjá Þorleifi lögmanni. Maður af Snæfellsnesi var borinn þeim sökum, að hann hefði með fjölkyngi hindrað veiðiskap fyrir prestinum á Staðastað og meðgekk hann í héraði. En er til þings kom, neitaði hann og kvaðst hafa á sig logið. En því var eigi skeytt og var hann brendur á Alþingi og annar maður úr Húnavatnssýslu. Litlu síðar var prestur í Dalasýslu kærður fyrir að hafa sýkt hjón nokkur, nákomin honum og drepið búfé þeirra með göldrum. Málið kom fyrir biskupinn í Skálholti, en hann eyddi því með lögi; skyldi prestur fá tólf menn til að sverja með sér fyrir áburð þennan og vera þá sýkn saka. Alls voru liðugar tuttugu manneskjur brendar hér á landi fyrir galdra, flest karlmenn.

VERSLUNARÁNAUÐ. — Eins og fyr er frá sagt, hafði Danakonungur um aldamótin 1600 komið á einokunarverslun hér á landi. Undu landsmenn þessu hið versta, en þó keyrði fyrst um þverbak, er einveldið komst á. Þá var tekin upp sú venja, að skifta landinu í sérstök verslunarumdæmi, fyrst í fjóra hluta, en síðar í miklu fleiri. Leigðu þá einstakir kaupmenn vissar hafnir og héruðin umhverfis. Ákveðnar landamerkjalínur voru dregnar milli verslunarumdæmanna, og mátti enginn skifta við annan kaupmann, en þann, sem leigt hafði umdæmið. Var þetta gert til þess, að kaupmaðurinn vissi nákvæmlega, hve mikinn varning hann þyrfti að flytja handa sínu umdæmi, og til að hindra það, að fátækir menn eða ráðlausir steyptu sér í skuldir hjá einum kaupmanni og leituðu síðan til næstu hafnar, án þess að

hirða um gömlu skuldina. Mjög oft var umdæmaskiftingin næsta óheppileg fyrir landsmenn. Þannig átti t. d. Svalbarðsstrandarhreppur (austan Eyjafjarðar) að sækja verslun til Húsavíkur, tveggja daga erfiða ferð hvora leið, yfir miklar ár, fjöll og vegleysur, í stað þess að mega sækja til Akureyrar, sem varla gat heitið nema stundarferð. En ef brotið var móti þessum fyrirmælum, lá við grimmileg refsing: Húðstroka, búslóðarmissir eða þrældómur í Brimarhólmi í Kaupmannahöfn. Það var skipasmiðja Dana, en jafnframt hegningarhús, þar sem stórbrotamenn voru þrælkaðir í járnum við ýmiskonar erfiðisvinnu. Kaupmenn voru mjög eftirgangssamir, bæði um alla launverslun við útlenda fiskimenn og um brot gegn umdæmaskiftingunni. Þannig létu þeir kaghýða bláfátækan mann úr Hafnarfjarðarhéraði fyrir að hafa selt 13 fiska og nokkra sundmaga í Keflavík. Um líkt leyti var annar lögmaðurinn á leið til Danmerkur með Keflavíkurskipi og keypti tvo nautsskrokka til fæðis sér og fólki sínu á leiðinni. Þá varð kaupmaðurinn í Keflavík hinn æfasti og ógnaði bændum, sem selt höfðu, með Brimarhólmsvist, en lögmaðurinn tók á sig ábyrgðina og bjargaði við málinu. En þó að ekki séu fleiri dæmi talin hér, þá var þó sama hörmungarástandið alstaðar á landinu.

SENDIMENNIRNIR. — Seinast á 17. öldinni gengu hin mestu harðindi á Íslandi, svo að búið þótti við landauðn. Árið 1701 sendu Íslendingar annan lögmanninn á fund konungs til að tjá honum vandræði þjóðarinnar. Lögmaðurinn rak skörulega sitt erindi, og varð utanför hans orsök til þess, að stjórnin sendi tvo menn til að ferðast um landið og kynna sér allan hag þjóðarinnar. Til fararinnar voru valdir tveir hinir merkustu menn, sem þá voru uppi með þjóðinni, þeir *Árni Magnússon* og *Páll Vídalín*. Báðir voru þeir á léttasta skeiði. Árni var prestssonur úr Dalasýslu. Þótti hann

snemma bráðgjör, svo að sex ára gamall byrjaði hann að læra latínu og grísku litlu síðar. Seytján ára fór hann í Skálholtsskóla, útskrifaðist þaðan tvítugur, sigldi til háskólans og lauk þar guðfræðisprófi tveimur árum síðar. Tók hann þá að safna gömlum handritum, og fást við fornfræðaiðkanir. Fékk hann brátt á sig frægðarorð fyrir þekkingu og skarpskygni. Sendu Danir hann til Þýskalands í erindum háskólans og dvaldi hann þar nær því tvö ár. Sama árið fékk hann prófessorsnafnbót við Hafnarháskóla, fyrstur allra Íslendinga, og var ekki trútt um að ýmsir litu til hans öfundaraugum, og brugðu honum jafnvel um galdra og forneskju. Hinn nefndarmaðurinn, Páll Vídalín, var bóndasonur frá Víðidalstungu í Húnavatnssýslu. Sjö ára gömlum var honum komið til bónda þar í sveitinni. Kendi hann sveininum að lesa skrifað mál á kálfskinns lögbók, og átti hann við miðdagsmáltíð að gera grein fyrir því, sem hann hafði lesið um daginn. Sagði Páll svo sjálfur, að fyrir þetta atvik hefði hann aldrei getað gleymt lögbókinni, enda varð hann síðar hinn mesti lagamaður. Var hann svo næmur, að hann þurfti ekki að lesa nema tvisvar eða þrisvar sömu opnuna í bók, til að kunna hana utanbókar. Átján ára gamall hafði Páll lokið námi við Hólaskóla og tók guðfræðispróf við háskólann þremur árum síðar. Litlu seinna gerðist hann skólameistari í Skálholti og var þar í nokkur ár. Einn af lærisveinum hans í skólanum var *Oddur Sigurðsson*, hinn ríkasti unglingur á landinu. Hann ritaði móður sinni bréf, þar sem sneitt var að skólameistara, en bréfið lenti af tilviljun í höndum Páls og refsaði hann Oddi eftirminnilega. Varð Oddur síðan hatursmaður Páls alla ævi. Skömmu fyrir aldamótin 1700 var Páll orðinn sýslumaður í Dalasýslu og hafði vissu fyrir að verða lögmaður, þegar embættið losnaði. Stóð því hagur bæði Árna og Páls með miklum blóma, þegar konungur fól

þeim, árið 1702, að ferðast um allt landið, lýsa öllum jörðum og býlum, kynna sér ástand þjóðarinnar og leggja ráð á, hversu rétta mætti við hag landsmanna. Ennfremur áttu þeir að bera fram kærur þeirra manna, er þóttust rangindum beittir af yfirvöldunum, fyrir konung, en dæma í sumum málum. Ferðuðust þeir félagar nú um landið í tíu sumur, en á vetrum sat Páll heima að búi sínu, en Árni dvaldi oftast í Skálholti hjá Jóni biskupi Vídalín. Lítill beinn hagnaður varð í fyrstu af ferðinni. Þeir söfnuðu að vísu margháttuðum fróðleik um Ísland, en jarðabók sú, er þeir söfnuðu efni til, var ekki fullbúin fyr en þeir félagar voru báðir fallnir frá. Er nú tekið að gefa hana út á prent í fyrsta sinn, að tilhlutun Fræðafélagsins. Þá varð þeim hið mesta mein að þurfa að blanda sér í réttarfar landsins. Drógust þeir inn í margskonar málaferli, og höfðu af þeim bæði skaða og skapraun. Árið 1712 var ferðalaginu lokið. Skildu þeir félagar með mikilli vinsemd. Árni fór til Kaupmannahafnar og lifði þar við fornfræðaiðkanir það sem eftir var ævinnar, en Páll bjó búi sínu í Víðidalstungu, og hélt uppi harðfengilegri vörn gegn hinum mörgu mönnum, sem fjandskapast höfðu við þá félaga. Oddur Sigurðsson var þá orðinn höfðingi mikill og fullur ofurkapps. Vildi hann jafna fornar væringar við Pál og setti hann frá lögmannsdæmi fyrir margar og þungar sakir, er hann taldi á honum standa. Stóð svo nokkur ár, þar til Páll fór utan á konungsfund og náði aftur embætti sínu. Naut hann þar að Árna, sem oftar, því að hann var í miklum metum hjá stjórninni. Páll var nú hniginn að aldri og þreyttur af áreynslu og andstreymi. Misti hann tvo syni sína sama árið. Annar var í háskólanum í Kaupmannahöfn. Andaðist hann í september, en svo voru samgöngur litlar við Ísland, að Páll frétti eigi lát hans fyr en næsta vor. Haustið eftir var annar sonur hans á ferð yfir fjallveg að Hólum í Hjaltadal og varð úti.

Það sama kvöld sat faðir hans að heimili sínu og las í fornri lögbók. Alt í einu leit hann upp og sagði við þá, er inni voru: „Annaðhvort er eg nú feigur eða Jón sonur minn er dauður“. Kona Páls hét Þorbjörg. Hún var ríklunduð og skapstór, og var sambúð þeirra eigi góð, enda var Páll kaldyrtur og glettinn. Eitthvert sinn, er þau ætluðu til altaris, sagði Páll við hana: „Eigum við ekki að sættast?“ Hún mælti með þjósti nokkrum: „Það má vera hvort er vill“. Páll var skáld gott, og kastaði þá fram vísu þessari:

„Þó þú lofir fögru, fljóð,
fer það sem er vani:
Sættin verður á Svenskra móð,
sem þeir gera við Dani“.

Árið eftir sonamissinn reið Páll til þings, sem hann var vanur. Þegar hann hafði lesið ferðabænina, sneri hann hestinum við, leit heim að bænum og mælti: „Vertu nú sæl Víðidalstunga mín! Eigi sé eg þig aftur meir“. Hann andaðist þá á þinginu árið 1727.

BÓKABRUNINN MIKLI. — Við siðaskiftin dreifðust fjöldamörg handrit af fornsögunum úr klaustrunum út um alt land. Lentu þau þá oft í höndum manna, sem ekki báru skyn á gildi þeirra, svo að jafnvel sum ágæt skinnhandrit voru rifin í sundur og bundnar með bækur. Á dögum Guðbrands biskups fór loksins að vakna áhugi á fornbókmentunum, bæði hér á landi og erlendis. Varð það til þess, að sænskir og danskir fræðimenn lögðu hina mestu stund á að safna íslenskum handritum og flytja þau til útlanda. Hafði því farið fram í heila öld áður en Árni Magnússon kom til sögunnar. Hann hafði um mörg ár stundað norræn fræði, þegar konungur kvaddi hann til Íslandsferðarinnar. Var

Árna óljúft að fara þessa ferð, en mun hafa þótt nokkur bót í máli, að konungur lagði svo fyrir, að þeir félagar skyldu safna fornum handritum eða taka eftirrit af þeim, ef eigendurnir vildu ekki láta þau af hendi. Á ferðum sínum fekk Árni betra tækifæri en nokkur maður hafði áður fengið, til að kynnast handritaeign Íslendinga. Var hann svo gjörhugull og nýtinn að safna, að jafnvel einstök blöð og blaðslitur voru honum dýrmætur fengur, og bjargaði hann þannig ýmsum fróðleik sem annars mundi hafa glatast. Flest þau handrit, sem hann náði til, skrifaði hann upp sjálfur, en af öðrum lét hann ritara sína taka eftirrit. Einn hinn mesti fengur, er Árna hlotnaðist, voru leifarnar af skjalasafni Brynjólfs Sveinssonar. Þegar Árni hætti að ferðast á Íslandi, og fór alfarinn til Danmerkur, flutti hann með sér allmikið af þessum handritum, en skildi þó meiri hlutann eftir í Skálholti um stund, og voru það 50 kassar. Má af því sjá, að eigi var safn þetta lítið. Eftir að hann kom til Danmerkur, jók hann safn sitt hvaðanæva að. T. d. borgaði hann 3600 kr. fyrir handritasafn eftir mann nokkurn erlendis. Hann hélt jafnan tvo skrifara á sinn kostnað til að afskrifa handrit, og vinna að safninu. En þá vildi svo til, árið eftir að fornvinur hans, Páll Vídalín andaðist, að eldur varð laus í Kaupmannahöfn. Hvöttu menn Árna til að flytja bækurnar á óhultan stað, en hann bjóst eigi við hættu af eldinum. Á ellefta degi var eldurinn kominn nærri húsi hans, og var þá tekið að bjarga, meðan unt var fyrir eldgangi. Árni fór út með hinum síðustu, og sagði um leið og hann benti á bókahillurnar, sem hann varð að yfirgefa: „Hér eru bækur, er hvergi fást í öllum heimi“. Allar hinar prentuðu bækur hans brunnu, og er talið, að þær hafi verið 100,000 kr. virði, en af handritasafninu varð tæpum þriðjungi bjargað, en það voru helst skinn- og pappírshandrit af sögunum. Þar á móti brunnu nálega öll fornbréfin, hand-

rit af annálum, máldögum o. s. frv. Árna varð hinn mesti harmur að þessu óhappi. „Bókamissir minn hefir mjög breytt skaplyndi mínu“, sagði hann í bréfi til kunningja síns. Og er vinir hans reyndu að hugga hann, var jafnan viðkvæði hans: „Gleði mín er horfin og hana megnar enginn maður að veita mér aftur“. Hann andaðist rúmu ári síðar og hafði þá ánafnað háskólanum í Kaupmannahöfn öll fornrit sín og stofnaði um leið af efnum sínum sjóð handa íslenskum stúdentum, er stunduðu fornfræði þar við háskólann.

JÓN VÍDALÍN. – Litlu fyrir aldamótin 1700 varð *Jón Vídalín* biskup í Skálholti. Hann var í föðurkyn kominn af ætt Guðbrands biskups, og náskyldur Páli lögmanni í Víðidalstungu. Faðir Jóns var prestur í Görðum á Álftanesi. Hann andaðist meðan Jón var í barnæsku. Var sveinninn þá hin næstu ár á ýmsum stöðum hjá frændfólki sínu; átti hann þá stundum erfitt uppdráttar, og er mælt, að hann hafi um eitt skeið stundað sjóróðra í Vestmannaeyjum. Með hjálp frænda sinna nam hann skólalærdóm í Skálholti og sigldi til háskólans rúmlega tvítugur. Tveim árum síðar lauk hann guðfræðisprófi og gerðist þá hermaður í sjóliði Dana. Vildi hann brjótast til mannvirðinga og hugði sér búinn skjótan frama í hernum. En það fór á aðra leið. Hann varð aldrei nema óbreyttur liðsmaður og átti illa vist. Fór svo, að móðir hans og frændur létu kaupa Jón lausan úr herþjónustunni. Kom hann þá heim til Íslands og varð mjög handgenginn biskupinum í Skálholti, sem þá var gamall og heilsulasinn. Og áður en biskup dó, hafði hann lýst því yfir, að hann vildi að Jón Vídalín yrði eftirmaður sinn. Sigldi Jón þá til vígslu, en er til Danmerkur kom, var talmun á veginum, því að einn af gæðingum konungs vildi koma dönskum manni að. Þó varð það ekki, og er haldið, að það hafi verið að þakka Árna

Magnússyni. Þegar heim kom, tók hann við staðnum í hrörlegu ástandi, en fórst mjög drengilega við ekkju fyrirrennara síns. Þá var óáran hin mesta, harðindi, fellisár, og einokunarverslunin í algleymingi. Hvarvetna í landinu bjó fólk við hungur og harðrétti. Jón biskup gerðist brátt hinn mesti athafnamaður í allri búsýslu. Dró hann að skreið og önnur matföng, hvaðan sem fá mátti, og horfði í engan kostnað til að vera vel birgur. Lét hann menn sína liggja við Brúará, Apavatn, Þingvallavatn og á fleiri stöðum með báta og net, til að stunda veiðiskap. Gerðist hann brátt auðugur, en var þó rausnarmaður hinn mesti í allri framkomu. Jón var maður vel vaxinn og tígulegur, skarpleitur, svipmikill og fyrirmannlegur í hvívetna. Hann var maður skarpgáfaður, lærður vel, og svo mikill ræðusnillingur, að tæplega hefir hann átt sinn jafnoka hér á landi. Í umgengni við smámenni var hann manna lítillátastur og raunbestur, en harður og ríklundaður við stórbokka. Liðu svo nokkur ár, að alt gekk biskupi til vegs og frama. Hann var kvæntur góðri konu, Sigríði biskupsdóttur frá Hólum. Þau áttu eitt barn stálpað. Þá kom bólusóttin árið 1707. Varð það með þeim hætti, að maður úr Rangárþingi andaðist úr bólunni erlendis. Líkið var flutt heim með Eyrarbakkaskipi og nokkuð af fötum hins látna, og tóku ættingjarnir við þeim. Skömmu síðar fárveiktist fólkið á bænum af bólusótt, og það breiddist sýkin út, eins og eldur í sinu um land alt, og lagðist mest á ungt fólk og hraust. Er þá talið að látist hafi úr bólunni átján þúsund manna, en það var þriðjungur allra Íslendinga. Þá mistu þau Jón biskup og Sigríður einkabarn sitt, en alls dó á staðnum hálfur þriðji tugur. Biskup sakaði ekki, en svo var þar mannfátt, að hann varð sjálfur að söðla hest sinn og ríða einn saman til að þjónusta deyjandi fólk í nágrenninu. Um þessar mundir var Oddur lögmaður Sigurðsson einhver voldugasti maður í landinu.

Var fátt með honum og Páli Vídalín, eins og áður er sagt, en brátt kom þar, að biskup lenti líka í ósátt við Odd, og gekk ekki á öðru en látlausum deilum milli þeirra síðustu átta árin, sem biskup lifði. Báðir voru þeir stórlyndir og nokkuð vinhneigðir, en hvorugur vildi vægja fyrir hinum. Heldur þótti hallast á biskup í þessum deilum, því að lögmaður hafði mikla stjórnarhylli framanaf. Árið 1720 kom nýr stiftamtmaður til landsins. Komst Jón biskup í mikla vináttu við hann og hugði gott til að geta minst á fornar væringar við lögmanninn. En þá um sumarið andaðist Þórður prestur á Staðastað á Snæfellsnesi. Hann var bróðir Sigríðar biskupsfrúar og aldavin Jóns Vídalíns. Biskup ætlaði að vera við jarðarför mágs síns, og lagði þegar af stað vestur. Það var á áliðnu sumri. Á fyrsta dag ferðarinnar reið hann yfir Þingvallasveit og tók þá að kenna mikilla sárinda fyrir brjósti. Að kvöldi þess dags tjaldaði biskup við Hallbjarnarvörður, á fjallveginum milli Þingvallasveitar og Borgarfjarðar. Hafði hann áður sagt, að hvergi þætti sér fegurri staður en þar. Brátt elnaði sóttin, og á þriðja degi sagði einn af fylgdarmönnunum við hann: „Mér líst herra, sem þér munið eigi lengi hér eftir þurfa að berjast við heiminn“. Biskup svaraði: „Því er gott að taka. Eg á góða heimvon.“ Litlu síðar andaðist hann. Tveimur árum áður var húslestrarbók hans gefin út í fyrsta sinn. „Hefir hún verið prentuð upp aftur og aftur og þykir enn eins og von er, ágætasti vottur um frábæra málsnild og háleita andagift eins hins dýrðlegasta kennimanns, sem Ísland hefir borið.“

JÓN SKÓLAMEISTARI. — Þegar Jón Vídalín var biskup í Skálholti, kom þangað til náms piltur úr Gullbringusýslu, að nafni Jón Þorkelsson. Hann átti efnaða foreldra, gekk námið vel, og naut hylli biskups. Að loknu námi

í Skálholti sigldi hann til háskólans í Kaupmannahöfn og las þar guðfræði, en stundaði jafnframt margar aðrar fræðigreinar og varð manna fjölfróðastur. Dvaldi hann síðan árum saman erlendis við ýms fræðistörf, bæði í Þýskalandi og Danmörku. Þegar Jón var freklega þritugur að aldri, fýsti hann að sjá aftur ættjörð sína. Þá var Jón Vídalín dáinn fyrir allmörgum árum, en biskupinn í Skálholti fékk Jón Þorkelsson til að taka að sér forstöðu skólans og gegndi hann því starfi í níu ár, með framúrskarandi áhuga. Þótti honum það mest til meins, að allur hagur skólans var næsta bágborinn, og eigi trútt um að sumir biskupar létu spara óhæfilega mat við námssveinana og fór fleira eftir því. Kærði Jón yfir þessu, og ýmsu fleira er honum þótti athugavert við skóla- og kirkjulíf hér á landi, við stjórnina í Kaupmannahöfn. Fór Jón sjálfur utan til að fylgja fram málinu og varð þetta til þess, að stjórnin sendi hingað danskan prest, Harboe að nafni, til að rannsaka kirkju- og skólamál. Skyldi Jón Þorkelsson ferðast með honum og vera túlkur hans og skrifari. Þeir félagar komu á Hofsósskipi sumarið 1741 og höfðu haft átta vikna útivist. Héldu þeir þaðan til Hóla og höfðu þar vetrarsetu. Miklar sögur gengu um erindi þeirra félaga. Sögðu sumir að Harboe ætlaði að yfirheyra prestana á grísku og brennimerkja þá, er eigi vildu aðhyllast skoðanir hans í trúmálum. Kendu menn Jóni skólameistara um þennan ófögnuð og lögðu á hann hið mesta hatur, enda þorðu þeir fremur að beita sér gegn honum heldur en Harboe. Höfðu þeir varla stigið á land, fyr en Jóni var borin á bryn rógmælgi og föðurlandssvik. Á Hólum voru ýms smánaryrði fest á herbergisburð hans og nokkur hrakyrði í stuðluðu máli skráð á þröskuldinn. Brátt dró þó úr þessum æsingum, eigi síst af því að Harboe var manna mildastur og tók lítt á öllum mótgerðum. Ferðuðust þeir í fjögur ár um allt landið

og kyntu sér rækilega alt andlegt ástand þjóðarinnar. Gerðu þeir margar tillögur um þessi efni við stjórnina og var ýmsum þeirra komið í framkvæmd síðar. Að lokinni ferðinni settist Jón að í Kaupmannahöfn og gaf sig eingöngu við ritstörfum. Hann andaðist 1759 og sá Harboe, sem þá var orðinn Sjálandsbiskup, um útför hans. „Jón var barnlaus og hafði aldrei kvænst. En erfingjar hans urðu frá kyni til kyns fátækustu börnin í fæðingarhéraði hans, því að skömmu fyrir dauða sinn hafði hann gert þá ráðstöfun allra eigna sinna að þeim skyldi um aldur og ævi varið til barnaskóla fyrir snauðustu börn í Kjalarnesþingi". Sjóðurinn er nú orðinn um 70 þúsund krónur og er vöxtum hans árlega varið til styrktar fátækum skólabörnum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

SKÚLI MAGNUSSON. — Tíu árum áður en Jón skólameistari andaðist varð íslenskur maður landfógeti, og hafði engum íslenskum manni hlotnast sú virðing áður. Þessi maður var *Skúli Magnússon*. Hann var fæddur í Keldunesi í Norður-Þingeyjarsýslu árið 1711. Faðir hans, afi og langafi höfðu allir verið prestar hver fram af öðrum og þóttu mætir menn. Mjög þótti Skúli uppvöðslumikill í æsku og varð það til þess, að honum var komið fyrir hjá afa sínum til fósturs og menningar. Var Skúli þá tíu vetra. Hugði hann gott til skiftanna, því að síra Einar afi hans var þá orðinn aldraður og stirður í snúningum. En eigi varð honum að því. Hafði karl á honum strangan aga og lét hann kvölds og morguns fylgja sér út í kirkju, krjúpa á kné og gera bæn sína og að því búnu lesa bæði kvöld- og morgunbæn inni á staðnum. Með ástúð og einbeittni tókst presti að beygja skap Skúla svo, að hann fékk að lokum hina mestu ást á afa sínum og lotningu fyrir honum. En þegar Skúli kom aftur heim í foreldrahúsin sótti í sama horf sem fyrr og gerðist hann æríð ódæll.

Þá sagði sira Einar við Magnús son sinn: „Láttu drenginn ætíð hafa nóg að starfa. Það eitt getur haldið honum í skefjum“. Þessu ráði var hlýtt og vandist sveininn þannig allskonar vinnu og var sitt á hvað: undirmatsveinn á skipi, léttadrengur, háseti og vinnumaður. Í þrjú sumur var hann búðardrengur hjá dönskum einokunarkaupmanni í Húsavík. Þegar Skúli starfaði að afgreiðslunni, hrópaði kaupmaður jafnan til hans: „Mældu rétt, strákur!“ En það þýddi raunar sama og að hallað skyldi á kaupendur. Skúli sagði afa sínum alt af létta um hætti manna í búðinni. Varð karl þá æfur við og mælti: „Ætlar þú drengur minn að gera þig sekan í svo auðvirðilegu athæfi? Viljir þú hlíta mínum ráðum, þá hættir þú verslunarstörfum og fer í skóla“. Varð þetta til þess, að Skúli sneri sér að skólanámi og nam allan skólalærdóm hjá presti einum í Þingeyjarsýslu. Samt áleit hann sér heppilegra að taka stúdentsprófið á Hólum og fór þangað í því skyni, en biskup tók honum illa og þverneitaði erindi hans. Þegar hann reið frá stólnum, fékk hann eigi tára bundist, sneri sér við og mælti: „Nú ertu mér andstæður, en betur muntu taka mér næst.“ Varð það nú úr, að Skúli lauk prófi hjá prestinum, kennara sínum. Var honum þá opin leið að prestsembætti, en sinti því ekki, því að hann vildi framast erlendis. Sigldi hann til háskólans árið 1732. Tók hann nú að stunda námið af kappi, en lenti brátt í fjárþröng, því að lítinn stuðning gat hann fengið heiman að. En þá vildi svo vel til, að fræðimaður einn í Höfn, er Gram hét, er var aldavinur Árna Magnússonar, liðsinti honum drengilega, svo að hann gat haldið áfram náminu. Eftir tveggja ára dvöl í Höfn var Skúla boðin Austur-Skaftafellssýsla. Skúli tók boðinu, þó að þetta væri tekjuminsta sýsla á landinu, og hélt hann til Íslands. Gram vinur hans óskaði honum alls góðs og mælti við hann að skilnaði: „Guð hefir

gefið þér góðar gáfur. Þú ert þrár en hreinskilinn". Skúli þótti rækja sýslumannsstarfið mætavel og hækkaði skjótt í metorðum. Fékk hann litlu síðar Skagafjarðarsýslu og bjó rausnarbúi á Ökrum, þar sem nú er ferjan yfir Héraðsvötnin. Skúli var tólf ár sýslumaður Skagfirðinga og þótti hinn mesti skörungur og stóð hagur hans þar með hinum mesta blóma. Þá kemur að því, sem fyrr er frá sagt, að stjórnin gerði Skúla að landfógeta og fluttist hann alfarinn suður sumarið 1750. „Fari nú Skagafjörður ætíð vel" mælti Skúli, er hann leit í síðasta sinn yfir héraðið.

„FAÐIR REYKJAVÍKUR". — Skúli landfógeti festi nú bygð sína í Viðey, örskamt frá Reykjavík og lét síðar reisa þar steinhús mikið og stendur það enn þá. Þá var engin veruleg bygð í Reykjavík, en verslunarhús dönsku einokunarkaupmannanna stóðu út í Örfyrisey, og var þangað farið eftir lágum granda, sem hverfur nú við hafnargerðina. Var kaupstaður þessi nefndur *Hólmurinn*. Starf landfógetans var mjög umfangsmikið. Hann hafði á hendi fjármál landsins, fyrir hönd dönsku stjórnarinnar, tók á móti sköttum og skyldum í konungssjóð, og greiddi aftur fé það, er veitt var til landsþarfa. Skúli varð þessvegna brátt mjög kunnugur hag almennings, og var hann ekki glæsilegur. Harðindi, eldgos og hverskonar óáran þjakaði fólkinu, og hungursneyð fyrir hvers manns dyrum. Skúli sá að atvinnuvegirnir voru allir í hinu mesta kaldakoli, og ásetti sér að vinna að viðreisn þeirra. Fékk hann í lið með sér marga helstu áhugamenn landsins og myndaði félag til að koma á fót ullariðnaði og fleiri endurbótum. Skúli sigldi á konungsfund haustið 1751 og fékk drjúgan styrk hjá stjórninni til að koma á fót ullarverksmiðju, sútunarverkstæði, þilskipaútgerð, efla jarðrækt o. fl. Vorið eftir kom Skúli heim og lét þá

byrja að reisa ullarverksmiðjuna í Reykjavík og óx þar síðan upp höfuðstaður landsins. Duggurnar lét hann ganga til fiskveiða, en bændur nokkra erlenda, er kenna skyldu Íslendingum vinnubrögð, setti Skúli niður víðsvegar um landið. Brátt tóku kaupmenn að ýfast við þessum framkvæmdum. Vildu þeir hvorki selja iðnaðarstofnunum erlendan varning, né leyfa þeim að kaupa ónunna vöru af landsmönnum. Skúli fékk þá stjórnina til að leyfa, að duggurnar færu verslunarferðir milli Íslands og Danmerkur, til að afla efnis til stofnananna og koma afurðunum á markaðinn erlendis. En með þessu þótti kaupmönnum brotin lög á þeim, og risu út af þessum ferðum og rekstri stofnananna langvinnar deilur og málaferli milli Skúla og kaupmanna. Varð Skúli altaf að vera með annan fótinn í Kaupmannahöfn til að geta haldið vináttu konungs og hlut sínum fyrir kaupmönnum. Vegna þessara ferðalaga gat hann ekki sint stofnununum sem skyldi, og varð það til hins mesta tjóns. Hinn erlendi bændalýður varð að litlu gagni, enda hurfu flestir þeirra von bráðar úr landi. Útvegurinn bar sig illa, og sama var að segja um brennisteinssuðuna, sem Skúli hafði látið byrja á í Krísuvík. Langbest gekk með ullariðnaðinn, en þar strandaði þó allt á illvilja kaupmannanna, er til lengdar leið. Íslendingar höfðu lagt til iðnaðarstofnananna liðuga 3000 dali, en danska stjórnin 60,000 dali, og voru þau framlög að þakka áhuga stjórnarinnar og atfylgi Skúla. En er stofnanirnar gátu ekki borið sig, snerust Íslendingar flestir móti þeim og stjórnin þreyttist að styðja þær, en aldrei brast Skúla hug né djörfung í þessari baráttu, þótt við ofurefli væri að etja. Loks kom þar, að einokunarfélagi því, er verslun rak á Íslandi, voru fengnar í hendur stofnanirnar. Barðist þó Skúli drengilega á móti þeirri ráðstöfun. Félagið ásetti sér þegar að eyðileggja stofnanirnar. Það bolaði Skúla frá stjórn þeirra, rak vinnufólkið í

burtu, setti upp verðlag á öllu, sem stofnanirnar framleiddu, og sendu vöruna í sem verstu útliti á markaðinn, t. d. dúkana ólitaða, óþæfða og ófergða. En ef að var fundið svöruðu allir kaupmenn á einn veg: *„Þetta er íslenskur iðnaður“*. Með þessu lagi tókst félaginu von bráðar að koma iðnaðarstofnununum fyrir kattarnef. Skúli fór í mál við félagið en laut þar í lægra haldi. Sveið honum sárt að sjá kaupmannavaldið verða að bana þessu óskabarni sínu, sem átti að verða þjóðinni allri til viðreisnar.

SKÚLI OG KAUPMENN. — Meðan Skúli var sýslumaður í Skagafirði, fekk svonefnt Hörmangarafélag einkarétt á íslensku versluninni. Voru stjórnendur þess ókunnugir landsháttum, en gerráðir og illir viðskifta, fluttu hingað jafnan of-lítla matvöru, en því meira af tóbaki og brennivíni. Hafði Skúli sektað félagið fyrir að flytja til Skagafjarðar grautfúið timbur, sorajárn, sem varð að gjalli í eldinum, og fyrir að taka einn og einn mann inn í búðina og versla við þá, svo að eigi varð vitnum við komið. Eftir að hann var orðinn landfógeti og iðnaðarstofnanirnar komnar á fót, versnaði stórum sambúðin milli Skúla og Hörmangara. Beittu þeir hvarvetna mestu harðneskju við fólkið og fluttu til landsins ónóga nauðsynjavöru. Þannig gat t. d. maður sem lagði inn 350 kg. af harðfiski ekki fengið nema 50 kg. af mjöli. Á vetrum stóðu verslunarhúsin mannlaus en oft með allmiklum vörubirgðum, sem enginn mátti kaupa, þó að líf lægi við. En þegar harðæri var og mannfellir fyrir dyrum lét Skúli opna búðirnar og selja nauðsynjavöru, en fleygja því sem skemt var. Árið 1756 var harðæri mikið til lands og sjávar, grasbrestur og aflaleysi, og þar að auki vöruflutningur í minsta lagi, og það sem fluttist af mjöli úldið og maðkað, en svo voru menn þá aðframkomnir af hungrinu, að þeir þóttust

góðu bættir að fá þetta ómeti til að slökkva hungrið. Hvarvetna á landinu hrundi fólkið niður af máttleysi við útiverkin eða veslaðist upp inni í tómum kofunum. Verslunarfélagið daufheyrðist við öllum kærumálum, en stjórnin aumkvaðist yfir þjóðina og sendi til landsins tvö skip með 2000 tunnur af gjalakorni og varð það mörgum til lífs, en þó er talið að 1100 manna hafi dáið úr hungri um þessar mundir. Skúli kom því til leiðar, að Hörmangarar voru kærðir mörgum þungum sökum, en þeir afsökuðu sig með því, af ef meira væri flutt af matvöru til landins, yrði það ekki til annars en ala upp í fólkinu enn meiri leti og ómensku. Þó fór svo, að félagið var svift verslunarleyfinu. Vildi Skúli þá koma á fót íslensku félagi til að reka verslunina, en stjórnin eyddi því máli og var kent um undirróðri danskra kaupmanna. Var þá verslunin boðin upp, en Hörmangarar sáu um, að engin viðunanleg boð fengust. Eggert Ólafsson var þá staddur í Danmörku og sveið sárt niðurlæging þjóðar sinnar. Hann kvað þá vísu þessa:

„Fyrr þín gæði fýsilig
fjöldi sótti þjóða.
Nú vill engin eiga þig
ættarjörðin góða."

Konungur tók þá sjálfur að sér verslunina, og fór vel á því. Liðu svo fáein ár, og var það blómatími iðnaðarstofnananna. En árið 1763 tók félag eitt í Danmörku við versluninni og iðnaðarstofnununum, því að stjórnin var orðin þreytt á sífeldum skaða við reksturinn. Skúla líkaði þessi ráðstöfun meinilla, en fekk ekki að gert. Var skjótt auðsætt, að félagið vildi eyðileggja stofnanirnar. Félagið varð brátt mjög óvinsælt, og einkum þó einn af starfsmönnum þess, Ari Guðmundsson, kaupmaður í Reykjavík. Hann var maður drambsamur og

ófyrirleitinn, og leit á alþýðumenn með dýpstu fyrirlitningu. Litlu eftir að hann var kominn til Íslands, hafði félagið undir höndum liðugar 2000 tunnur af úldnu mjöli, sem það ætlaði Íslendingum, en eftirlitsmenn stjórnarinnar komu því upp, og lagði konungur hlátt bann fyrir að mjöl þetta yrði flutt til Íslands, en félagið fór þó sínu fram og skeytti ekki banninu. Við rannsókn á mjölinu komust sýslumenn á Íslandi að þeirri niðurstöðu, að það væri úldið og myglað og jafnvel ekki skepnum bjóðandi. Var rúmlega 1000 tunnum kastað í sjóinn, án efa að tilhlutun Skúla. Því sem eftir var af mjölinu, reyndu kaupmenn að koma út, og neyddu marga fátæklinga til að kaupa það fullu verði. Var svo um búið í sumum tunnunum, að gott mjöl var við báða enda en ýlda ein í miðju. Ari kaupmaður harðbannaði að láta rannsaka birgðirnar, og var sektaður fyrir þrjóskuna. Skúli lét stjórnina fá fullar sannanir fyrir sviksemi félagsins. Var síðan höfðað mál móti því, og það dæmt til að gjalda 4400 dali fyrir vikið. Um sömu mundir átti Skúli í öðru máli við kaupmenn. Sakaði hann þá um að hafa í fórum sínum vörutegundir, sem eigi stæðu á verðlagsskránni. Kom Skúli að, þar sem slíkum varningi var skipað upp í Hólminum og lét innsigla vöruna, jafnótt og hún var komin í land. Í því kemur Ari Guðmundsson að og kallar með miklum þjósti: „Andskotinn sjálfur hafi ykkur! Þið komið hér að eins og ræningjar“. Skúli var hinn stilltasti og lét rannsaka kaupmannshúsið. Þá varð Ari hamslaus af bræði og barði saman hnefum með ópi og illum látum. Skúli mælti þá ofboð stillilega: „Það sæmir illa höfðingjum að láta eins og grimmir hundar“. Þá varð Ari enn æfari og æpti með mikilli grimd: „Djöfullinn hafi þig! Þú ert enginn höfðingi, heldur hreinn og beinn ræningi!“ Ari var síðar settur frá starfi sínu og félagið sjálft varð að láta af höndum verslunina árið 1774. Stjórnin lét

þá enn reka verslunina á sinn kostnað um stund og var það nokkuð til bóta.

EGGERT ÓLAFSSON. — Sama árið sem þeir Harboe og Jón skólameistari byrjuðu ferðir sínar á Íslandi kom í Skálholtsskóla 15 vetra sveinn vestan úr Svefneyjum á Breiðafirði. Það var Eggert Ólafsson. Foreldrar hans voru valinkunn sæmdarhjón, og heimili þeirra til fyrirmyndar. Móðurbróðir Eggerts var Guðmundur sýslumaður Snæfellinga, hinn merkasti maður. Var Eggert hjá honum næstu árin, áður en hann fór í skóla, og tók sýslumanninn til fyrirmyndar í mörgum greinum. Komst Eggert þannig að orði um frænda sinn látinn, að hann hefði verið *sannur maður*. Í Skálholtsskóla gekk Eggert námið ágætlega, og var jafnan fremstur í sínni deild. Guðmundur frændi hans studdi hann síðan til náms við háskólann. Lagði hann einkum stund á náttúrufræði, en gaf sig jafnframt við mörgum öðrum fræðigreinum, og varð allra manna fjölfróðastur sinna samtíðarmanna hér á landi í tungumálum, sögu og heimspeki. Litlu eftir að Eggert hafði lokið prófi, fór hann rannsóknarferð til Íslands sumarlangt með námsbróður sínum, Bjarna lækni Pálssyni. Gengu þeir upp á Heklu, fóru þaðan til Geysis og víðar um Suðurland. Þessi för varð til þess að stjórnin veitti eftirtekt þessum ungu mönnum og afréð að veita þeim styrk til að ferðast um Ísland og rannsaka náttúru landsins og ástand þjóðarinnar. Byrjuðu þeir ferðir sínar árið 1752, og fóru um landið og nokkuð af óbyggðunum á næstu sex sumrum, en á vetrum sátu þeir hjá Skúla í Viðey, sem þá var nýorðinn landfógeti og bar ægishjálm yfir aðra höfðingja í landinu. Var hin kærasta vinátta með þeim Eggert og Skúla, en Bjarni varð tengdasonur landfógetans. Þeir félagar rituðu nákvæmar dagbækur um alt, sem við bar á ferðum þeirra,

og eftir þeim heimildum samdi Eggert síðar mikið rit á dönsku, sem bæði var ferðasaga og nákvæm og sönn lýsing af landi og þjóð. Þótti bók þessi hið mesta snildarverk og var síðar þýdd á önnur mál. Þá þektu útlendar þjóðir lítið til Íslendinga, nema helst af óvinveittum frásögnum einokunarkaupmannanna. Höfðu af því myndast margar fáránlegar kynjasögur um landið og þjóðina, en bók Eggerts og Bjarna eyddi mörgum af þessum missögnum, og hafði þannig ómetanlega þýðingu fyrir viðreisn Íslendinga. Næstu árin eftir að Eggert hafði lokið ferðinni, dvaldist hann árum saman í Danmörku og vann að ferðabókinni og öðrum ritstörfum. Þá voru allmargir íslenskir námsmenn við háskólann og höfðu með sér tvö félög. Var annað kallað Bændasonaflokkur og var Eggert þeirra forkólfur, en hitt Biskupssonaflokkur og Hannes biskupsson úr Skálholti mest fyrir því liði. Báðir flokkarnir vildu vinna að heillum og gengi þjóðarinnar, en skildi á um leiðirnar. Eggert vildi fyrst og fremst þjóðlega viðreisn. Hann dáðist að fornöldinni og fornritunum íslensku, en fyrirleit hið dönskublandna og bjagaða mál samtíðar sinnar, og þegar hann hugsaði um framtíð landsins, vildi hann að hún yrði í aðalatriðunum endurskin hins besta úr fornaldar- og miðaldalífinu. Gagnstætt þessu vildi biskupssonaflokkurinn semja sig að háttum erlendra þjóða, og þiggja gott, hvaðan sem það var komið. Eggert vann um stund að bókinni heima á Íslandi, en á meðan rægðu óvinir hans hann í Danmörku fyrir ódugnað og aðgerðaleysi. Varð þetta til þess, að hann var sviftur þeim styrk, er hann hafði notið. Hann brá skjótt við, sigldi og hreinsaði hendur sínar. Um það leyti orti hann þessa vísu:

„Öfund knýr og eltir mig
til ókunnugra þjóða;

fæ eg ekki að faðma þig
fósturlandið góða!“

Eggert var ágætt skáld og mætti ef til vill kalla hann föður ný-íslenskra bókmenta. Kvæði hans voru að vísu ekki prentuð fyrr en löngu eftir andlát hans, en þau hrifu hugi manna, og flugu um land allt í afskriftum og á vörum þjóðarinnar. Höfðu þau ákaflega mikla þýðingu. Þau kveiktu í brjóstum manna einlægan framfarahug, tilfinningu fyrir móðurmálinu og ást á fornöldinni. Þegar Eggert hafði lokið ferðabókinni, var hann um fertugt, og enn á léttasta skeiði. Hann fluttist þá alfarinn heim til Íslands, og gekk að eiga Ingibjörgu frændkonu sína, dóttur Guðmundar sýslumanns. Var brúðkaupsveislan haldin í Reykholti, bæ Snorra, um haustið 1767 og stóð í viku að fornum sið. Eggert bar engin útlend klæði. Voru föt hans öll úr íslensku efni og hér til búin. Eggert hafði reist bú á Snæfellsnesi, en þó dvöldu þau hjón þennan vetur vestur í Barðastrandasýslu, í Sauðlauksdal hjá sr. Birni, mági Eggerts. Um vorið, seint í maí, vildi Eggert halda alfarinn suður yfir Breiðafjörð og hafði tvo báta allstóra, fullfermda. Daginn áður en þau hjón lögðu af stað, hlýddu þau á messu hjá sr. Birni. Það var á trinitatis-sunnudag. Var um daginn logn og sólskin. Þegar formaðurinn af bát Eggerts gekk úr kirkju, er mælt að hann hafi sagt, er hann leit út á fjörðinn: „Stilt er legurúmið mitt núna!“ Næsta dag snemma héldu báðir báturnir frá Skor og út á flóann. Gerðist veður iskyggilegt og höfðu margir dregið úr að farið yrði þann dag, en Eggert vildi ekki annað heyra en að ferðinni væri haldið áfram. Brast þá á ólátaveður og týndist sá báturinn, sem þau voru á Eggert og Ingibjörg, og menn allir, en hinn báturinn sneri til landsins, og sögðu skipverjar harmatíðindin.

JÓN EIRÍKSSON. — Veturinn síðasta, sem Harboe var á Íslandi, dvaldist hann í Skálholti. Veitti hann þá eftirtekt námssveini einum, bláfátækum, sem bæði var afburða vel gefinn og hinn giftulegasti í allri framkomu. Piltur þessi hét Jón Eiríksson og var þá 17 ára gamall. Hann var fæddur og uppalinn í Austur-Skaftafellssýslu. Foreldrar hans voru fátæk merkishjón, og móðirin sérstaklega orðlögð fyrir gáfur. Jón var þegar í æsku mjög bókhneigður og svo á undan sínum jafnöldrum, að hann var fermdur þegar hann var á níunda ári. Jón nam undir skóla heima í átthögum sínum, og er það haft til marks um næmi hans, að hann var þá látinn læra utanbókar latneska orðabók og tókst það. Þá var í Skálholti biskup, sem heldur þótti fáfastur um of. Hafði hann skipað svo fyrir, að engir skólapiltar skyldu fá ókeypis vist í skólanum fyrsta námsárið, en það var nýbreytni. Foreldrar Jóns vissu þetta en treystu gáfum hans og undirbúningi og sendu hann að hausti til áleiðis í skólann, án meðgjafar. En það varð árangurslaust og var Jóni snúið við á miðri leið, því að biskup vildi eigi taka við honum. Sat Jón nú heima þann vetur, en komst í skólann haustið eftir, enda var biskup þessi þá andaður. Fékk hann þá ókeypis fæði og húsnæði. „Lá við sjálfa garða“, sagði Jón síðar, „að eg minn fyrri vetur í Skálholtsskóla, ef ekki dæi út af, þá veslaðist upp af sulti“. Var vistin ákaflega ill; lifðu piltar mest á fiskmeti og smjöri. Þeir sem efnaðir voru, keyptu sér aukabita, en fátæku piltarnir liðu hungur, og biðu þess oft aldrei bætur síðan. Þrátt fyrir þetta stundaði Jón námið af mesta kappi og varð það til gæfu, að Harboe veitti honum eftirtekt og bauð honum að styrkja hann til menningar erlendis. Jón þáði boðið og fylgdist með Harboe til Niðaróss, því að þar varð hann biskup að aflokinni Íslandsferðinni. Jón lauk skólanámi í Niðarósi og þótti mikið afbragð annara manna. Eftir það fór hann til

háskólans og hugðist fyrst að stunda guðfræði og verða prestur, en hvarf þó frá því ráði og nam lögfræði. Í Höfn komst hann aftur í náin kynni við landa sína, en hafði þá nær því týnt niður móðurmálinu og mætti fyrir það töluverðu álasi. Jón var maður viðkvæmur og tók sér þetta nærri. Varð það til þess, að hann um tíma eyddi öllum frístundum sínum til að lesa íslensk fræði, einkum fornritin í Árnasafni, og varð síðar ágætur fræðimaður í öllu, er laut að sögu landsins og bókmentum. Jóni gekk í Danmörku alt til vegs og frama. Hann varð háskólakennari í lögum rúmlega þritugur að aldri, og gegndi því starfi í tólf ár. Fór þá af honum hið mesta frægðarorð, svo að konungur vildi fá hann til að verða kennara ríkiserfingjans, en Jón þáði ekki boðið, því að hann bjóst ekki við, að sér mundi falla vel vistin við hirðina. Líður svo þar til árið 1771, að konungur kvaddi Jón til að taka sæti í stjórnarráði sínu, og gegndi hann þar síðan störfum til dauðadags og varð Íslandi ómetanlegur bjargvættur. Jón og Skúli fógeti voru aldavinir, og studdi hann Skúla af öllum mætti, ekki síst í baráttunni um verslunina og iðnaðarstofnanirnar. Skúli varð þá löngum að dvelja tímunum saman í Danmörku og átti þá hjá Jóni Eirikssyni annað heimili. Jón bar hag landsins svo mjög fyrir brjósti, að hann neytti hvorki svefns né matar, þegar erfiðlega gekk um málefni Íslands. „Enginn veit né trúir", sagði hann einu sinni, „hvílíkt angur, ónæði og hugarkvöl Íslandsmálefnin valda mér fremur öðru, sem á mér liggur; þó liggja landar mínir mér á hálsi, þegar ekki er alt sem þeim líkar". Lutu þessi síðustu orð að því, að hann átti ýmsa öfundarmenn og því miður einnig meðal Íslendinga. Jón kvongaðist danskri konu og áttu þau margt barna. Er af Jóni mikil ætt í Danmörku. Á efri árum var Jón mjög hlaðinn störfum og fekk það á heilsu hans, en þó ekki síður hitt, að hann þóttist oft borinn ráðum í stjórnar-

deildinni af sér óvitrari mönnum um velferðarmál Íslands. Tók hann sér þetta svo nærri, að hann vildi ekki lifa. Dag einn kom hann, veikur og máttfarinn eftir langvinnan sjúkdóm, í stjórnardeildina og gegndi þar störfum sínum. Um kvöldið ók hann heim yfir svonefnda Löngubrú. Bauð hann þá, að vagninn skyldi nema staðar, sté út, kastaði sér í vatnið og var þegar örendur. Þetta var á útmánuðum árið 1787, og var Jón þá einum vetri miður en sextugur. Þegar Skúli fógeti frétti andlát Jóns, varð honum að orði: „Þar gátu þeir farið með hann, nú er úti um Ísland“. Tók hann sér fráfall Jóns ákaflega nærri og harmaði vin sinn meðan hann lifði.

MÓÐUHARÐINDIN. — Veturinn 1782—83 hafði verið óvanalega mildur og vorið framúrskarandi gott, sífelt hlýir sunnanvindar og skiftist á sólskin og gróðrarskúrir. En seint í maímánuði veittu menn fyrst eftirtekt einkennilegri bláleitri slæðu, sem lá yfir landinu. Á hvítasunnudag (8. júní) var veður ágætt að vanda. Messufólk var þá árla dags á leið að Kirkjubæjarklaustri. Það sá þá marga reyki leggja upp af fjöllunum norðan við Síðuna og safnaðist í sorta mikinn, sem brátt lagði yfir sveitina. Fylgdu síðan jarðskjálftar, öskufall og ógurlegir brestir norður til fjallanna. Þóttust menn vita, að miklir jarðeldar væru komnir upp á Síðumannaafrétt inn með Skaftá. Næstu daga ágerðist gosið. Sáust þá margir eldstólpar koma upp norður til fjallanna. Skaftá hafði verið mikil um vorið, en nú þornaði hún alt í einu og mátti ganga yfir hana þurrum fótum á ferjustaðnum. Þótti það furðu sæta, en brátt skildu menn hvað olli, því að ógurlegur hraunstraumur veltist fram úr árgljúfrinu og breiddist út yfir bygðina. Hraunmagnið var svo mikið, að straumurinn fylti árgljúfrið og var það þó 500 fet á dýpt og allbreitt, enda er

gos þetta eitt hið stórkostlegasta, sem sögur fara af í nokkru landi. Hraunið skemdi eða eyðilagði um 30 jarðir, en hitt var þó verra, að askan barst um land alt, kipti vexti úr gróðrinum, en huldi hann sumstaðar með öllu. En það sem til náðist í högunum, var gullitað af brennisteinsfalli og banvænt skepnum og olli það síðar margskonar veikindum. Heyfengur var hálfu minni en vant var og þó miklu verri að kostum. Vetur lagði snemma að með hriðum og jarðbönnum, svo að allur peningur var tekinn á gjöf mánuði fyrr en vant var. Tíðarfar var hið versta um veturinn, svo að margir voru orðnir heylausir litlu eftir nýár. Hestar átu tré og torf og hvað sem fyrir varð, en sauðfé ull hvað af öðru, en hrundi síðan niður þúsundum saman af hor og sjúkdómum. Hafísinn kom um miðjan vetur og lukti um landið að norðan og austan. Vorið var kalt, sigling kom seint og illa, búpeningurinn hruninn niður og lítið af að lifa. Gerðist nú hungursneyð hin mesta um land alt, lagði dauðsoltið fólkið sér til munns horketið, skóbætur og jafnvel hundsskrokka. Fjöldi manna flosnaði upp, flakkaði um og valt síðan út af á náttstöðum eða á vegum úti. Alls er talið, að fallið hafi í móðuharðindum níu þúsundir manna. Samskota var leitað erlendis handa þeim bágstöddu, en það náði skamt. Danska stjórnin setti nefnd manna til að íhuga, hvað gera skyldi, og var Jón Eiríksson í henni, en fékk litlu ráðið. Vildu þá sumir flytja alla Íslendinga suður á Jótlandsheiðar, en þó var horfið frá því ráði.

MAGNÚS STEPHENSEN. — Vorið eftir að eldurinn kom upp við Skaftárgljúfur, sendi stjórnin ungan íslenskan námsmann frá háskólanum til að rannsaka eldstöðvarnar. Það var Magnús Stephensen, sem síðar varð einna áhrifamestur maður hér á landi um sína daga. Faðir Magnúsar hét Ólafur.

Hann hafði í æsku verið aðstoðarmaður Skúla fógeta við „stofnanirnar“ og þá fallið vel á með þeim. Ólafur kvæntist amtmannsdótturinni frá Leirá í Borgarfirði og fékk með henni 60 þúsund krónur í heimanfylgju. Bjó Ólafur Stephensen síðan á Leirá í nokkur ár og þar fæddist Magnús árið 1762. Sveinninn var bráðger með afbrigðum, altalandi ársgamall og fluglæs fimm vetra, svo að upp frá því las hann jafnan húslestra, meðan hann var í föðurhúsum. Ólafur hélt syni sínum mjög til bóknáms og fekk honum hina bestu kennara, sem völ var á í landinu. Magnús sigldi nítján vetra til háskólans í Kaupmannahöfn og var þá, að því er menn segja, betur undirbúinn en nokkur annar Íslendingur fyrr eða síðar. Í Höfn varð Magnús mjög handgenginn Jóni Eirikssyni og stóðugur gestur í húsi hans. Þótti Jóni svo mikið til hans koma, að hann taldi Magnús einhvern mannvænlegasta Íslending sem til Hafnar hefði komið um hans daga. Í háskólanum stundaði Magnús fyrst náttúruvísindi en síðan lögfræði og tók próf í þeirri grein. Um haustið 1783 kom fregnin um Skaftáreldana til Danmerkur. Stjórnin afréð þá, eftir tillögum Jóns Eirikssonar, að senda Magnús til að rannsaka jarðeldana og láta hann gefa skýrslu um ástandið á Íslandi. Magnús var ófús til fararinnar sökum anna og lasleika, en þó varð svo að vera, sem stjórnin vildi. Lét hann í haf þá um haustið með skipi, er flutti gjafavörur til landsins. Hreptu þeir storma mikla, komust tvisvar undir Ísland en hrakti í bæði skiftin til Noregs aftur. Í síðara skiftið sá skipstjóri sér eigi annað fært, en að taka sér vetursetu í Noregi. Þar í landi var þá Íslendingur einn kominn til mikilla metorða og hjá honum dvaldist Magnús um veturinn. Skifti heldur um eftir sjóvolkið, því að eigi gekk á öðru en veislum, dansleikum og samdrykkjum, svo að Magnúsi þótti helst til mikið að gert. Var hann þó gleðimaður mikill og hafði í Höfn tamið sér

nýtisku dansa og franska tungu, sem þá var mjög töluð í samkvæmum heldri manna erlendis. Þótti Magnús síðan þessi vetur hafa verið einn yndislegasti tími æfi sinnar. Snemma um vorið lagði skipið enn af stað og komst loksins heilu og höldnu til Hafnarfjarðar. Magnús hraðaði sér heim til foreldrahúsanna, en þar var dapurleg aðkoma. Tíðarfar var hið versta, ísbroði lá meðfram landsteinunum, fénaður var fallinn um allt land úr hungri og sjúkdómum, og fjöldi fólks ráfaði um landið til að leita sér bjargar. Sótti förumannaskarinn helst að heimilum efnamannanna og þá ekki síst til Ólafs Stephensens, sem mestur var auðmaður í landinu. Var þangað stöðugt aðstreymi af dauðvona vesalingum úr öllum landsfjórðungum, konum og körlum, börnum og gamalmennum. Fjöldi hrundi niður úr hungri, þreytu, kulda og sjúkdómum á alfaraleiðum eða í matarlausum bæjum, en sumir voru svo aðþrengdir orðnir, að þeim varð eigi bjargað, þótt þeir kæmu á rausnarheimili og fengju mat og húsaskjól. Ekki gat Magnús lagt af stað í rannsóknarferðina fyrr en langt var komið fram á vor, því að grasið visnaði og gulnaði jafnhratt og það spratt, og ferðafærir hestar torfengnir. Um mitt sumarið fór Magnús um jarðeldasvæðið og næstu héruðin. Eitt sinn skildi hann eftir tjöld sín og farangur niðri á Síðunni og lét varðmann geyma þess, meðan hann fór norður á fjöllin að eldgígunum. En er hann kom aftur, voru tjöldin full af grindhoruðu, dauðvona fólki, sem dregist hafði þangað til að leita sér bjargar. Gaf Magnús því nesti sitt, meðan það entist. Um haustið hélt hann til Danmerkur og ritaði ágæta bók um ferð sína og ástand landsins. Magnús þótti mjög vaxa af för þessari og öðrum framkvæmdum. Bauð stjórnin honum að ílendast í Danmörku og er lítill vafi á, að honum mundi hafa verið þar mikill frami búinn, engu síður en Jóni Eiríkssyni fyrrum. En hann fýsti heim til landsins og flutti þangað

alfariun. Var hann gerður að lögmanni 27 ára gamall og þar með æðsti dómari í landinu.

ALDAMÓTIN. — Móðuharðindin höfðu stórvægilegar afleiðingar fyrir þjóðina. Mannfjöldi og eignamissirinn var gífurlegur, en jafnframt því hafði þessi þjóðarógæfa deyft og lamað þá, sem eftir lifðu. Danska stjórnin reyndi með ýmsum hætti að ráða fram úr vandræðunum. Gjöfum var safnað erlendis handa Íslendingum, en þær urðu að litlu liði í höndum dönsku stjórnarinnar. Nefnd var sett í Danmörku til að fjalla um mál þessi og var Jón Eiríksson einn af nefndarmönnum. Eftir tillögum hennar var einokunarverslunin lögð af um vorið 1787, fáum mánuðum eftir lát Jóns Eiríkssonar, og öllum þegnum Danakonungs leyft að versla á Íslandi. Urðu menn breytingunni sárfegnir, en þó skifti litlu um til batnaðar hin fyrstu ár. Miklir jarðskjálftar fylgdu Skaftárgosunum, svo að fjöldi bæja hrundi víðsvegar um Suðurland, þar á meðal Skálholtsstóll. Varð þetta til þess að biskupsstóll og skóli voru fluttir til Reykjavíkur, en stólsjarðirnar seldar. Litlu síðar var lagt niður biskupssetrið á Hólum og skólinn. Prentsmiðjur höfðu áður verið í Hrappsey á Breiðafirði og Hólum, en nú voru þær báðar fluttar að Leirá. Þóttust Norðlendingar miklu sviftir, er þeir mistu svo að segja í einu skólann, prentsmiðjuna og biskupsstólinn. Ólafur Stephensen varð stiftamtmaður 1790, en það var þá æðsta tignarstaða hér á landi. Skúli var þá enn landfógeti en mjög gamall orðinn og efgi trútt um að nokkrar misfellur væru á embættisfærslu hans. Ólafur átti að hafa yfirumsjón með landfógeta eins og öðrum embættismönnum og tók mjög hart á Skúla og var óþarflega harðleikinn. Hætti stiftamtmaður ekki fyr en hann gat neytt Skúla til að segja af sér, en eigur hans voru seldar upp í skuldirnar. Verst þótti Ólafi að geta ekki flæmt Skúla úr Viðey og búið þar einn, en þess varð þó eigi langt að bíða, því að Skúli andaðist um haustið 1794 og er grafinn í Viðey. Voru dapurlegri en skyldi æfilok þeirra vinanna Jóns Eiríkssonar og Skúla. Þeir Stephensensfeðgar urðu nú mestir uppgangsmenn í landinu. Alþingi var um þetta leyti ekki nema skuggi einn við það sem áður var. Það var ekki nema yfirdómur og þangað komu aðeins fáeinir menn, sem riðnir voru við deilur og málaferli. Árið 1798 komu ekki nema tólf menn til þings og hurfu hið skjótasta burt þaðan. Kváðu þeir engum manni lög í lögréttuhús-

inu fyrir dragsúg og leka. Árið 1800 var Alþingi lagt niður og í stað þess settur *yfirdómur* í Reykjavík. Magnús Stephensen varð fyrstur dómstjóri og réð mestu um þessa breytingu. Magnús bjó um þessar mundir stórbúi, fyrst á Innra-Hólmi við Hvalfjörð og síðan í Viðey. Hann átti prentsmiðjuna á Leirá og var einráður um, hvað prentað var á Íslandi. Magnús vildi hefja þjóðina úr deyfð og fátækt með því að fræða hana. Eyddi hann afarmiklu fé til að gefa út gagnlegar fræðibækur og hið fyrsta fréttablað, sem út kom á íslensku, en hlaut að launum óþökk og mótgerðir. Olli þar miklu um að honum var ósýnt um að rita íslenskt mál, þótt hvorki skorti hann gáfur né þekkingu. Hélt hann þessari fræðslustarfsemi áfram alla ævi, og er í þeim efnum einhver hinn merkasti brautryðjandi, sem uppi hefir verið með þjóðinni.

SVEINN PÁLSSON. — Um mitt sumarið 1791 kom ungur íslenskur náttúrufræðingur frá Danmörku heim til Íslands til að rannsaka náttúru landsins. Það var Sveinn Pálsson, einn hinn glöggasti náttúrufræðingur, sem uppi hefir verið hér á landi. Sveinn var Skagfirðingur og jafnaldri Magnúsar Stephensens. Foreldrar hans voru fátæk, en komu honum þó til náms í Hólaskóla. Þaðan fór Sveinn rúmlega tvítugur að aldri til landlæknisins, sem bjó á Nesi við Reykjavík, til að nema þar læknisfræði. Dvaldist Sveinn þar í fjögur ár. Hann fýsti mjög að nema meira, sigldi til Danmerkur og stundaði af kappi bæði læknisfræði og náttúrufræði við háskólann. Hvorugt var arðvænlegt á Íslandi. Læknisembætti var þar ekkert laust, og þó enn síður lífvænlegt fyrir náttúrufræðing. Þá vildi svo til, að vísindafélag í Danmörku bauðst til að kosta Svein til að ferðast á Íslandi, gera þar vísindalegar rannsóknir og safna náttúrugripum. Tók Sveinn þessu feginshendi, þótt neyðarboð væri, því að félagið gat lítið lagt af mörkum, en stjórn þess ókunnug Íslandi og mjög kröfuhörð um framkvæmdir. Fyrsta sumarið fór Sveinn smáferðir um Suðurland, skoðaði fjöll og steina, safnaði grösum og athugaði fugla, en stundaði jafnframt lækningar. Um vet-

urinn var hann hjá Skúla gamla í Viðey. Þrjú næstu sumur fór hann víða um landið, gekk upp á Skjaldbreið, Heklu, Eyjafjallajökul, Öræfajökul og fleiri há og merkileg fjöll. Á ferðum sínum gerði Sveinn margar og merkilegar athuganir, meðal annars skildi hann fyrstur manna hreyfingu og eðli skriðjökla. Mjög stóð fjárskortur honum í vegi fyrir framkvæmdum. T. d. ætlaði félagið honum að skjóta fugla, flá þá og senda hamina til Danmerkur. Í því skyni sendi það honum púður og högl en enga byssu, og sjálfur gat hann ekki bætt úr þeirri vöntun sökum peningaleysis. Margt fleira fór eftir þessu. Loks fór svo, að félagið hætti að styrkja Svein og var ekki laust við að Magnús Stephensen væri sakaður um, og kent um öfundarhug, því að ekki var trútt um að Magnús vildi alstaðar vera fremstur. Átti Sveinn nú erfitt uppdráttar. Ferðabækur sínar og vísindarit gat hann ekki gefið út á eigin kostnað og fékk ekki aðra til, enda var nú enginn Jón Eiríksson til að styðja slíka bókaútgáfu, eins og á dögum Eggerts Ólafssonar. Sveinn var kvæntur Þórunni dótturdóttur Skúla fógeta. Byrjuðu þau að búa í koti undir Eyjafjöllum tveim árum eftir andlát Skúla. Heldur var bústofninn lítill. Áttu þau 3 kýr, 4 hross og 6 ær. Fyrsta búskaparvetur sinn reri Sveinn á vertíðinni við Faxaflóa, og lá þá oft í kulda og illviðri heila daga og hálfar nætur við fiskidrátt úti á Sviði. En þrátt fyrir fátæktina gleymdi Sveinn ekki vísindunum og ritaði í minnisbækur sínar margskonar fróðleik um blómgun jurta, komu fugla, og margt um sjaldgæf dýr og jurtir. Árið fyrir aldamótin gerði stjórnin hann að lækni Sunnlendinga. Náði umdæmi hans yfir Árnes- Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu með Vestmannaeyjar í ofanálag Launin voru heldur lág, rúmlega 60 dalir og leigulaus jörð til ábúðar. Það var Vík í Mýrdal. Sveinn var í miklu álíti sem læknir í umdæmi sínu og á stöðugum ferðalögum um 60—70 mílna

svæði, yfir hættuleg vötn og eyðisanda, enda komst hann oft í lífshættu í stórvötnum Skaftafellssýslu. Fyrir ferðir sínar og lækningar fékk Sveinn oftast lítla borgun. Til að geta lifað varð hann langt fram eftir æfi að stunda sjóróðra í Mýrdal eða Landeyjum. Bar þá oft við, er hann kom þreyttur frá róðri, að hann varð að leggja af stað í langferðir til sjúklinga eða sængurkvenna. Þrátt fyrir þessi hörðu lífskjör hélt Sveinn heilsu og fjöri fram á elliár og var sífelt önnum kafinn við erfiðisvinnu, lækningar eða vísindastörf. Hann andaðist árið 1840. Bjarni Thorarensen orti um hann gullfögur eftirmæli. (Þ. Th.: Landfræðissaga III. 145—175).

HUNDADAGA KONUNGURINN. — Eftir aldamótin 1800 geisaði styrjöld mikil um alla Norðurálfuna. Stóðu flestar þjóðir í Evrópu nema Danir með Englendingum en móti Napóleon mikla Frakkakeisara. Englendingar drotnuðu yfir hafinu með herskipum sínum og hremdu kaupför Dana, er fara áttu til Íslands. Varð af þessu siglingaleysi og dýrtíð hin mesta hér á landi, og urðu menn árum saman að bjargast að mestu við það, sem framleitt var í landinu sjálfu. Haustið 1807 sigldi Magnús Stephensen en var tekinn í hafi af enskum víkingum og fluttur til Englands. Sá hann að mikill voði vofði yfir landinu, ef lagt yrði á algert farbann. Leitaði Magnús þá til Íslandsvinar eins þar í landi, sem Banks hét og fekk því til leiðar komið með hans fulltingi, að breska stjórnin leyfði kaupmönnum að flytja vörur hingað. Um þetta leyti kemur til sögunnar maður sá, sem Jörundur hét. Hann var danskur að ætt og átti efnaða foreldra í Kaupmannahöfn. Þau settu Jörund til mennta, en lítið varð úr náminu, því að pilturinn var óstýrilátur og baldinn í meira lagi. Hröklaðist hann úr skóla, komst til Englands og gerðist háseti á skipi sem fór árum saman langferðir um höfin nærri Ástralíu. En

þegar til ófriðar dró með Dönum og Englendingum fylgdi Jörundur löndum sínum en var handtekinn í sjóorustu og fluttur til Englands. Veturinn 1809 kom enskt verslunarskip til Reykjavíkur og var Jörundur túlkur skipverja. Fóru þeir félagar allóspaklega í það sinn, en meira kvað þó að síðar. Skipið hélt aftur til Englands á útmánuðum, en seinast í júní sama ár kemur Jörundur aftur á vopnuðu kaupfari og voru skipverjar enskir nema hann. Fyrstu dagana, eftir að skipið kom á Reykjavíkurhöfn, varð ekkert tíðinda. En fyrsta sunnudaginn, sem þeir félagar dvöldu hér, bar það til frásagna, meðan fólk var í kirkju, að vopnaðir menn af kaupfarinu gengu í stórbátinn og reru til lands. Þeir héldu að húsi stiftamtmannsins, Trampe greifa, handtóku hann og fluttu út á skipið. Var Trampe haldið þar í ströngu varðhaldi, og undi hann hið versta vistinni. Daginn eftir lýsti Jörundur því yfir, að völdum Danakonungs væri nú lokið á Íslandi. Hann kastaði eign sinni á alla opinbera sjóði, sem til náðist, og gerði upptæka alla kaupmannsvöru handa hinum enska félaga sínum, sem átti verslunarvarning kaupfarsins. Síðan gerðist Jörundur einvaldur yfir landinu, skipaði nýja embættismenn, náðaði fangana í hegningarhúsinu, safnaði nokkrum lausingjum saman, vopnaði þá og gerði að lífverði sínum. Jafnframt því lét hann gera virki fram við höfnina og flytja þangað fallbyssur, sem Hinrik Bjelke hafði komið með til landsins endur fyrir löngu og skilið eftir á Bessastöðum, en voru nú orðnar kolryðgaðar og ónýtar. Jörundur vildi kanna veldi sitt og er hann hafði dvalið um hálfan mánuð í höfuðborginni, reið hann með lífvarðarlið sitt norður Kaldadal, um Húnavatnssýslu, Skagafjörð og til Akureyrar og þaðan aftur beinustu leið til Reykjavíkur. Ekki var hann nema tíu daga á leiðinni og þótti það hröð ferð. Var ekki trútt um, að Jörundur færi óspaklega, heimtaði hesta af bændum og ferða-

mönnum, sem hann hitti og hafði skammbyssuna á lofti, ef eigi var skjótlega gengist undir kvaðir hans. En raunar gerði hann engum mein, sem kjark hafði til að rísa gegn honum. Að lokinni ferðinni sat Jörundur nú fáeina daga í friði og sinti stjórnarstörfum. Þá kom enskt herskip til landsins. Jörundur vildi vingast við foringjann, sem stýrði því, og hafði inni boð mikið í landi, fyrir þá sem koma vildu. Magnús Stephensen fór þá á fund foringjans og tjáði honum um alt atferli Jörundar. Varð það að samningum milli þeirra, að Magnús og Stefán amtmaður bróðir hans skyldu taka að sér stjórn landsins til bráðabirgða, en Jörundur yrði fluttur fanginn til Englands, og allar gerðir hans á Íslandi ógildar og marklausar. Voru þá liðnir tveir mánuðir frá því Jörundur kom til landsins. Eftir þetta var Jörundur fluttur til Englands og átti misjafna æfi. Lagðist hann þar í fjárhættuspil og eyddi öllu sem hann átti; sat margsinnis í dýflissu fyrir skuldir og minni háttar yfirsjónir. Að lokum fluttu Bretar hann í sakamanna nýlendu í Ástralíu. Eftir nokkur ár fékk hann fult frelsi, en andaðist þar í landi bláfátækur.

GOÐUR GESTUR. — Nú í ár er liðin ein öld síðan danskur maður, Kristján Rask, stofnaði hið íslenska bókmentafélag, og vann Íslandi með því ómetanlegt gagn. Rask var bóndasonur frá Fjóni, fæddur um sama leyti og Jón Eiríksson dó. Bóndi hafði áður eignast tvo þreklega drengi og þeir báðir dáið ungir, en Kristján var lítill og veiklulegur, og er sagt að faðir hans hafi sagt, er hann sá sveininn nýfæddan: „Það sem nokkur dugur var í, tók drottinn frá mér, en lætur mig halda því, sem er ónýtt“. En þegar drengurinn óx upp, fengu menn aðra skoðun á honum. Hann var snemma mikið gefinn fyrir bókina og las alt, sem hann komst höndum undir. Rask var snemma settur til menta og fór þegar á

fermingaraldri að fást við að nema íslenska tungu í hjáverkum sínum. Eftir að Rask kom í háskólann kyntist hann Íslendingum mikið og lærði af þeim málið til fullnustu. Hann langaði mjög mikið til Íslands, en átti erfitt með það sökum fátæktar. En árið 1813 bauð íslenskur kaupmaður honum far með sér. Rask tók því með þökkum og var hér tvo vetur, ferðaðist um land allt, lagði gott til mála hvar sem hann kom og varð hvers manns hugljúfi. Talaði hann nú og ritaði íslensku, eins og hann hefði verið hér borinn og barnfæddur. Þótti honum það mest mein að margir Íslendingar, einkum þeir sem kunnu önnur mál, slettu erlendum orðum í ræðu og riti og spilltu þannig tungunni. Meðan hann dvaldist hér, gekst hann fyrir stofnun bókmentafélagsins og studdi með því og mörgu öðru móti að endurfæðingu íslenskunnar. Eftir að Rask kom heim til Danmerkur aftur varð hann allra máltræðinga frægastur fyrir lærdóm og skarpskygni. Kunni hann þá fjölda tungumála, en honum var það eigi nóg, meðan hann skildi eigi til hlítar hin fornu austurlandamál: persnesku og indversku. Lagði hann í langferð þangað austur yfir Svíþjóð, Rússland, Persíu og létti eigi fyr en hann kom til Indlands. Rask var sjö ár að heiman; komst hann oft í miklar hættur á ferðum sínum og leið mikla neyð sökum fátæktar og á þessu ferðalagi sýktist hann af brjóstveiki, er síðar varð banamein hans. En alstaðar þar sem Rask kom, nam hann tungu fólksins og er mælt að hann hafi um síðir kunnað meir en 50 mál. En af öllum málum unni hann mest íslenskunni og þótti hún tegurst allra tungna. Á Indlandi safnaði Rask mörgum fágætum handritum og flutti til Danmerkur. En honum var illa launað af þjóð sinni. Lifði hann við sult og seyru eftir heimkomuna og andaðist úr tæringu haustið 1832. Rit hans um málfræði, einkum um skyldleika málanna, hafa gert hann frægan um allan heim. En á Íslandi

verður hans jafnan minst, sem þess útlendings, er fremur öllum öðrum getur talist velgerðamaður þjóðarinnar.

BALDVIN EINARSSON. — Á síðustu árum Rasks var Baldvin Einarsson mestur skörungur meðal íslenskra námsmanna í Kaupmannahöfn. Hann var bóndasonur úr Fljótum í Skagafirði. Þótti Baldvin snemma efnilegur og mjög umfram sína jafnaldra. Þegar hann var fjórtán vetra, varði hann öllum fristundum sínum til að lesa góðar bækur, með svo mikilli ástundun, að varla sást hann borða mat sinn, nema hann hefði bók við hönd sér. Tvítugur að aldri byrjaði Baldvin á skólanámi, en var heima á sumrin og formaður á hákarlaskipi föður síns. Síðan sigldi hann til Hafnar og lagði stund á lögfræði, en las jafnframt og ritaði um margt annað, er hann hugði þjóðinni til gagns og nytsemdar. Til að geta frætt Íslendinga um það, sem honum lá þyngst á hjarta, stofnaði Baldvin á námsárum sínum í Höfn tímaritið „Ármann á Alþingi". Var ætlast til, að það flytti ritgerðir og ýmsar bendingar um íslensk framfaramál. Ármann kom út í fjögur ár, þar til Baldvin andaðist, og hafði stórmikil áhrif á þjóðina. Þá voru uppi miklar frelsishreyfingar suður í álfunni og neyddist Danakonungur til að veita þjóð sinni einskonar þing, þótt ófullkomin væru. Var svo til ætlast, að Íslendingar sendu fulltrúa til Danmerkur. En það vildi Baldvin eigi. Hann vildi láta endurreisa Alþingi á Þingvöllum við Öxará og barðist fyrir því af alefli. En því miður varð Baldvin eigi langlífur. Snemma í desember 1832 stóð ljós á borði framan við hvílu hans um fótaferðatíma. Borðið valt um koll, en ljósið náði til rúmtjaldsins og funaði það upp í einu vetfangi. Baldvin stökk upp, því nær alls nakinn, þreif tjaldið ofan og gat slökt eldinn, en skaðbrendist svo við það bæði á höndum og fótum, að hann lagðist jafnskjótt rúm-

fastur, og reis eigi á fætur síðan. Lá hann í sárum rúmar átta vikur og skiftust landar hans til að vaka hjá honum þar til hann andaðist. Baldvin var þá rúmlega þritugur að aldri. Rask hafði dáið haustið áður, mánuði fyr en Baldvin tók dauðamein sitt. (Jón Jónsson: Dagrenning 100).

BJARNI THORARENSEN. — Kona hét Steinunn. Móðir hennar var dóttir Skúla fógeta en faðir hennar Bjarni læknir Pálsson, sem áður er getið. Steinunn giftist Vigfúsi sýslumanni Þórarinssyni og bjuggu þau á Hlíðarenda í Fljótshlíð. Þau áttu son, er Bjarni hét. Óx hann þar upp og unni jafnan síðan Fljótshlíðinni mest af öllum sveitum á Íslandi. Bjarni var snemma settur til náms og sigldi 17 ára gamall til að stunda lögfræði við Hafnarháskóla. Gekk honum námið ágætlega, því að hvorki skorti áhuga, skilning eða minni. Á námsárum sínum gerði Bjarni það stundum að gamni sínu að læra heilt auglýsingablað utanbókar með því að lesa það einu sinni. Tveimur árum eftir komu Jörundar til Íslands var Bjarni gerður að yfirdómara í Reykjavík, og skyldi þar vinna saman við Magnús Stephensen. En þeir Magnús og Bjarni voru manna ólíkastir í skoðunum og skapferli, enda dró brátt til fullkominnar óvildar með þeim. Magnús var frænda- og vinamargur, og ekki laust við að sumir þeirra gerðust óþarflega nærgöngulir við Bjarna, enda kom hann fáum þeim umbótum til leiðar, sem honum var mestur hugur á. Þó varð Bjarni forgöngumaður vegalagninga hér á landi. Hann stofnaði félag til að ryðja fjallvegi, og kostaði sjálfur aðgerð á Kaldadal, sem þá var fjölfarinn en mjög illur yfirferðar. Árið 1833 andaðist Magnús Stephensen í Viðey, en Bjarni fluttist norður að Möðruvöllum í Hörgárdal og var gerður amtmaður yfir Norður og Austurlandi. Bjarni bjó þar síðan í sæmd og friði það sem eftir

var æfinnar. Hann andaðist sumarið 1841 og var þá hálfsextugur. Eigi minnast menn Bjarna nú fyrir það, að hann var einna mestur virðingamaður hér á landi um sína daga, heldur af því, að hann var eitt hið mesta ljóðskáld Íslendinga. Þjóðsönginn alkunna: „Eldgamla Ísafold“ orti hann á æskuárum sínum í Danmörku, en flest önnur frægustu kvæðin eru orðin til heima á Íslandi. Bjarna var ekki létt um að yrkja og þess vegna eru ljóð hans nokkuð þung og torskilin, þó að þau séu fögur. (Kvæði Bjarna með æfisögu hans voru gefin út 1884).

TÓMAS SÆMUNDSSON. — Þegar Baldvin Einarsson var fallinn frá, kom fram á sjónarsviðið annar ungur Íslendingur, sem líktist honum að gáfum og áhuga. Það var Tómas Sæmundsson. Hann var fæddur í Landeyjum, tveimur árum áður en Jörundur hundadagakonungur kom hingað til landsins. Faðir hans var duganði bóndi, en nokkuð skapharður; lét hann drenginn þéra sig. Tómasi var á fermingaraldri komið í heimaskóla hjá prestinum í Odda og síðan í Bessastaði, því að latínuskólinn var þar um þær mundir. Í háskólanum lagði Tómas stund á guðfræði og gekk það vel. En jafnframt því var hann sihugsandi um, hvað gera mætti Íslandi til gagns. Á Hafnarárum sínum kom hann einu sinni heim snöggva ferð, en lenti þá í orðakeppni við danskan kaupmann í Reykjavík, líklega út af versluninni, sem var enn í mesta ólagi, en það varð til þess, að kaupmenn syðra synjuðu honum fars með skipum sínum. Þá reið Tómas norður til Akureyrar, náði þar í skip, og var fyr kominn til Danmerkur heldur en þeir, sem synjaðu honum um farkostinn. Að loknu námi í Höfn, fýsti Tómas suður í lönd til að sjá sjálfur og hætti annara þjóða. Tókst honum með fádæma dugnaði að safna sér farareyri, svo að hann gat verið burtu í tvö ár.

Lagði hann leið sína frá Höfn um Berlín, Dresden, Vín, Róm, Neapel, Apenu, Miklagarð og síðan heimleiðis yfir Ítalíu, Frakkland og England. Hvar sem hann kom, athugaði hann allt það í fari manna, venjum og atvinnubrögðum, er hann hugði gagnlegt til eftirbreytni heima á Íslandi. Á heimleiðinni var hann mjög þrotinn að fé, er hann dvaldist í París, og mun þá hafa liðið mikinn skort. Veiktist hann þá fyrir brjósti, spýtti blóði, og var lengi bættulega sjúkur. Þegar hann kom til Hafnar á heimleiðinni, hitti hann Jónas Hallgrímsson og Konráð Gíslason. Voru þeir báðir aldavinir hans. Þá stofnuðu þeir þremenningarnir tímaritið *Fjölni*, sem mjög er frægt orðið. Skömmu síðar fór Tómas til Íslands og varð prestur á Breiðabólsstað í Fljótshlíð. Gerðist hann mikill skörungur, bæði um starf sitt, og þá ekki síður um landsmál. Ritaði hann hverja hvatningargreinina af annari í Fjölni, og brann af löngun eftir að hefja land sitt og þjóð. En þá kom brjóstveikin, sem í honum hafði búið, síðan hann lagðist í París. Hann vann af kappi fram í dauðann og hið síðasta, sem til er eftir hann, ritaði hann fársjúkur á banasænginni. Tómas andaðist sama sumarið og Bjarni Thorarensen og þótti öllum mikill harmur að fráfalli hans, en þó mest þeim, sem þektu hann best.

JÓNAS HALLGRÍMSSON. — Um það leyti sem Tómas Sæmundsson lagði af stað í suðurför sína, kom Jónas Hallgrímsson til Danmerkur. Þeir höfðu verið skólabræður á Bessastöðum, en sökum fátæktar hafði Jónas beðið í þrjú ár með að byrja háskólanámið, og var hann þann tíma skrifari hjá embættismanni einum í Reykjavík. Jónas var prestssonur frá Hrauni í Öxnadal. En faðir hans druknaði í stöðuvatni skamt frá bænum þegar Jónas var á barnsaldri. Gerði föðurmissirinn og sífeldur skortur drenginn nokkuð alvarlegan

og fálátan. Snemma bar á því, að Jónasi var létt um að yrkja, en hann fór dult með það og fékst lítt við ljóðagerð, fyr en á fullorðinsárum. Þegar hann var 14 ára kom Rannveig móðir hans honum í heimaskóla til prests nokkurs. Þaðan komst hann í Bessastaðaskóla og fékk þar námsstyrk, svo að hann gat haldið náminu hiklaust áfram. Á þeim árum kynti hann sér vandlega skáldskap Bjarna Thórarensens og las kvæði hans stundum upp fyrir skólabræðrum sínum. Hann var útskrifaður 22 ára gamall, vorið 1829. Fékk hann sér þá nýtískuföt frá Höfn og þótti manna glæsilegastur er hann gekk um Reykjavíkurgötur í heiðbláum frakka með logagyltum hnöppum. Tómasi líkaði mjög illa sá dráttur, sem varð á náminu og hvatti Jónas óspart til utanferðar. Í fyrstu ætlaði Jónas sér að lesa lögfræði og verða sýslumaður, en Tómasi þótti það ekki nógu gott handa vini sínum og réð nokkru um, að hann hvarf frá því ráði. Á fyrstu Hafnarárum sínum hætti Jónas að yrkja í eitt eða tvö ár, en las mjög ýms hin bestu erlend skáld, og auðgaði þannig anda sinn. Þegar Tómas kom úr suðurför sinni, réðust þeir félagar í að gefa út Fjölni, eins og fyr er sagt. Þriðji aðalútgefandinn var Konráð Gíslason, ágætur málfræðingur, er síðar varð kennari við Hafnarháskóla. Fyrsti árgangurinn (1835) byrjaði með kvæði Jónasar: „Ísland! farsælda-frón“. Tilgangur ritsins var í samræmi við kvæðið, að vekja íslensku þjóðina af svefni með hrífandi samanburði á glæsileika fornaldarinnar og niðurlægingu samtíðarinnar. Jónas og Konráð voru andlega skyldir Rask. Þeir vildu hreinsa úr íslenskunni dönskusletturnar og strjúka af henni áþjánarmerkin, sem orðin voru rótgróin eftir margra alda kúgun og þjóðarhörmungar. Með því að bræða saman hið forna bókmál og mælta málið í sveitunum, þar sem það var hreinast, mynduðu þeir nútíma ritmál Íslendinga. Tómasi var ekki sýnt um þessa

hlið viðreisnarstarfsins, en sneri sér því meira að umbótum í verklegum efnum, verslun og stjórnarháttum. Heldur kunnu menn á Íslandi illa nýbreytni þeirra félaga. Var Fjölnir mikið lesinn, en fremur óvinsæll, einkum hjá eldri mönnum. Biðu útgefendurnir árlega töluverðan skaða á útgáfunni enda hætti Fjölnir að koma út, sem þeirra rit, tveimur árum áður en Tómas andaðist. Smátt og smátt halladist Jónas meir og meir að náttúruvísindum, og óskaði einkis fremur en að geta tekið við, þar sem Eggert Ólafsson hætti, að rannsaka náttúru Íslands. Brá hann sér þá heim og ferðaðist nokkuð eitt sumar, einkum um Suðurland.

Á FERÐALAGI. — Þessi ferð mun hafa orðið til þess, að danska stjórnin veitti Jónasi styrk til vísindalegra rannsóknarferða um Ísland. Hann fór út hingað sumarið 1839 og var síðan í fjögur sumur á ferðalagi um þvert og endilangt landið. Á veturna bjó hann í Reykjavík og skrifaði skýrslur um ferðir sínar, en var oft svo sjúkur, að hann gat lítt aðhafst. Á ferðunum lá hann venjulega úti í tjöldum, hafði eigi sem bestan aðbúnað eða matarhæfi og fór oft ekki úr fötum, vikum saman. Neytti hann þá stundum áfengra drykkja til að geta komið fram verkum sínum. Alt þetta dró smátt og smátt úr heilsu hans. Ennfremur var mörgum í nöp við Jónas fyrir Fjölni. Aðrir álitu náttúrufræðinga einskonar galdramenn, og í þriðja lagi óvirtu sumir, einkum borgarar í Reykjavík, Jónas fyrir fátæktina, einstæðingsskapinn og það að hirða ekki um að fá sér eitthvert embætti. Hinsvegar átti Jónas þó allmarga vini, einkum meðal yngri manna og annara sem dáðust að skáldskap hans. Þegar Bjarni Thorarensen las „Gunnarshólma“, er mælt, að hann hafi sagt: „Nú held ég mér sé best að fara að hætta að yrkja“. Þeim kom vel saman skáldunum og litlu áður en Bjarni dó, sagði

hann við Jónas: „Þegar ég dey, verður þú eina þjóðskáldið okkar, Jónas minn“. Á ferðalaginu orti Jónas mörg af sínum bestu kvæðum. Einn dag um miðsumarsleytið var hann í indælu veðri að rannsaka Þingvallahraun, og reið nokkuð frá lestinni, á fannhvítum hesti, er hann nefndi Baldur. Honum dvaldist nokkuð, og á meðan villust fylgdarmennirnir með lestina. Þó að hann vantaði nesti sitt, verkfæri, tjöldin og annan útbúnað, hélt hann þarna kyrru fyrir um nóttina. Þá sá hann í skýrum dráttum alla þættina í hinni stórfengilegu myndunarsögu héraðsins og orti kvæðið „Skjaldbreiður“. Eftir að þessum ferðum lauk, bjó Jónas árlangt á fögrum stað við vatn eitt á Sjálandi, hjá dönskum vísindamanni, sem var vinur hans. Leið honum þar ágætlega, skrifaði mikið en gat þess á milli hrest sig við að aka og ríða um skóginn og ganga við vatnið eða róa um það. Síðan flutti hann til Hafnar aftur og bjó þar síðasta árið, sem hann lifði. Fjárhagurinn var þröngur, hann einmana og löngum vanheill. Þá var það einn dag í maímánuði vorið 1845, að Jónas datt í stigaopum, er hann gekk til herbergis síns að kveldi til og brotnaði fóturinn ofan við ökla. Hann gerði ekki vart við sig, né lét gera að beinbrotinu fyr en daginn eftir. Sagðist hann ekki hafa viljað ónáða menn, því að hann vissi, að hann gæti ekki lifað, enda varð sú raunin á. Jónas andaðist fáum dögum síðar, á 38. aldursári. Mun þjóðin lengi trega að hafa misst sinn hjartfólgnasta snilling svo ungan, eingöngu vegna þess, að hann átti ekki við sæmileg lífskjör að búa.

JÓN SIGURÐSSON. — Um sama leyti og Baldvin Einarsson andaðist, kom til Hafnar 22 ára piltur að nafni Jón Sigurðsson. Hann var sonur Sigurðar prests á Eyri við Arnarfjörð, þar sem afbragðsmaðurinn Hrafn Sveinbjarnarson hafði búið sex öldum áður. Heldur var þröngt í búi á

Eyri á fyrri búskaparárum Sigurðar. Reri prestur þá árlega til fiskjar með húskörlum sínum. Þegar Jón var kominn um fermingu, tók faðir hans hann með sér í verið, og eru munnmæli um að Jón hafi þá átt að vera hálfdrættingur. En hann undi því illa og þóttist eiga heilan hlut eins og hinir háseturnir og hafði sitt fram. Þórdís hét móðir Jóns, góð kona og vitur en nokkuð skaphörð. Sagði karl einn, sem ól allan sinn aldur með þeim hjónum, að heldur vildi hann fá tíu ónotayrði úr prófasti, en eitt úr madömunni. Snemma þótti Jón hafa góðar gáfur og kendi faðir hans honum í heimahúsum allan skólalærdóm. Átján vetra fór hann til Reykjavíkur og tók stúdentspróf hjá dómkirkjuprestinum. Síðan var hann eitt ár við verslun í Reykjavík hjá föðurbróður sínum, kaupmanni er Einar hét. Einar átti dóttur, Ingibjörgu að nafni. Var hún þremur árum eldri en Jón. Þau frændsystkini feldu hugi saman en giftust þó eigi fyr en mörgum árum síðar. Þegar til Hafnar kom, lagði Jón í fyrstu stund á málfræði, en hneigðist síðar meir og meir að sögu og stjórnmálum. Ekki hirti hann um að taka embættispróf, en varð brátt kunnur fyrir að vera afburða fróður og vandvirkur vísindamaður í öllu er snerti íslenska málfræði. Og í sögu Íslands hefir enginn maður staðið honum á sporði fyr eða síðar.

Þjóðfundurinn 1851. — Frá því um 1830 var ókyrð mikil víða í álfunni. Kunnu þjóðirnar illa að fá engu að ráða um stjórnarhætti sína, og verða í öllum þjóðmálum að hlíta forsjá konunganna og þeirra manna, er þeir völdu sér fyrir ráðgjafa. Varð þetta til þess að konungarnir í ýmsum löndum neyddust til að koma á þjóðþingum. Í fyrstu var Íslendingum ætlað að senda þingfulltrúa til Danmerkur en þó kom þar síðar, að konungur kallaði nokkra Ís-

lenska embættismenn á fund í Reykjavík, og skyldu þeir gefa dönsku stjórninni bendingar um íslensk mál. Þegar kom fram um 1840 var hugur Jóns Sigurðssonar mjög farinn að hneigjast að landsmálum. Þá urðu konungaskifti í Danmörku. Jón neytti góðs færis og gekst fyrir því, að Íslendingar í Höfn færðu hinum nýja konungi heillaóskir, en beiddu jafnframt, að fulltrúaþing yrði sett í landinu sjálfu. Tók konungur þessu vel og ákvað skömmu síðar að endurreisa Alþingi. Um þetta leyti stofnaði Jón Sigurðsson stjórnmála tímarit, er hann nefndi „Ný félagsrit“, og gaf það síðan út í 30 ár. Í þessu riti birti hann skoðanir sínar um viðreisn landsins á öllum sviðum, og hafði með því feikimikil áhrif á alla þjóðina. Brátt urðu miklar deilur um þingstaðinn. Vildi Tómas og skáldin Bjarni og Jónas, að þingið yrði endurreist á Þingvelli og lagað eftir alþingi hinu forna. En Jón Sigurðsson var þessu algerlega mótfallinn. Hann vildi, að þingið væri með nútímasniði og haldið í höfuðstað landsins. Þetta varð mönnum mikið tilfinningamál, en svo fór, að skoðun Jóns sigraði. Þingið kom fyrst saman 1845. Jón Sigurðsson var þingmaður fyrir Ísafjarðarsýslu í þetta sinn, og jafnan síðan, meðan hann lifði. Þetta þing hafði ekki löggjafarvald. Stjórnin gat gert frumvörp þess að lögum, en hún gat líka breytt þeim eða felt þau. Nú liðu fáein ár. Enn urðu konungaskifti í Danmörku. Neyttu Danir þess og heimtuðu, að sá konungur er til valda kom, afsalaði sér einveldinu, sem staðið hafði í nærfelt tvær aldir. Konungur lét að óskum þjóðarinnar og Danir fengu nú löggjafarþing. Jafnframt lofaði stjórnin Íslendingum að kalla saman fund í landinu til að ræða um, hversu nú skyldi hátta landsstjórninni, og var það gert sumarið 1851. Danir töldu Ísland vera eitt fylki í Danmörku en Jón Sigurðsson áleit þvert á móti, að Ísland væri raun réttri sjálfstætt ríki, en hefði konung sameiginlegan með Dönum.

Þegar konungur afsalaði sér einveldinu, þá fengi danska þjóðin sinn rétt, og Íslendingar sinn, sem þeir hefðu falið Friðriki 3. með Kópavogssamningnum. Á þjóðfundinum lenti þessum ólíku skoðunum saman. Konungsfulltrúi kom með frumvarp frá stjórninni og var þar talið, að Ísland skyldi vera danskt land. Jafnframt hafði hann með sér nokkra danska hermenn til að ógna fundarmönnum og gera þá hugdeigari. Jón Sigurðsson og hans fylgismenn vildu ekki líta við þessum nauðungarboðskap, en gerðu nýtt og frjálslegt frumvarp. Þegar konungsfulltrúi vissi þetta, lét hann hermennina ganga vígalega um bæinn, kvaddi til fundar, hélt harðorða ræðu yfir þingmönnum og sagði síðan þjóðfundinum slitið. Jón Sigurðsson bað sér nú hljóðs til að verja gerðir þingsins, en forseti synjaði þess. Þá mælti hann: „Ég mótmæli í nafni konungs og þjóðarinnar þessari aðferð, og áskil þinginu rétt til að klaga til konungs vors yfir lögleysu þeirri, sem hér er höfð í frammi". Risu þá aðrir fundarmenn upp og mæltu í einu hljóði: „*Vér mótmælum allir*". Danska stjórnin lét sér vel líka framkomu konungsfulltrúa, og vildi láta alt sitja í sama farinu með stjórnarhætti landsins. En embættismenn þeir, er tekið höfðu þátt í mótmælum þjóðfundarins, fengu harða ofanígjöf og var bönnuð þingseta framvegis.

BARÁTTA. — Jón Sigurðsson hafði kvongast Ingibjörgu frændkonu sinni 1845, sama árið og þingið byrjaði að starfa. Þau reistu bú í Kaupmannahöfn og bjuggu þar síðan alla æfi. Heldur voru efnin lítil, því að danska stjórnin vildi ekki veita Jóni neitt embætti sökum þess, hve vel hann hélt fram rétti þjóðar sinnar. Vann hann fyrir sér með ritstörfum ýmiskonar og hafði allajafnan styrk frá opinberum sjóðum til bókfræðis- og vísindastarfa. Þegar þing var haldið,

annaðhvert sumar, kom Jón venjulega heim og stýrði framfaraflokknum í þinginu. Eftir Þjóðfundinn hófst barátta, sem stóð í rúm 20 ár, um það, hvort Ísland skyldi hafa sjálfstjórn eða vera innlimað Danmörku. Jón hélt jafnan fram hinum sömu kröfum, sem hann hafði barist fyrir í Nýjum félagsritum og á Þjóðfundinum. Danska stjórnin tók þverlega í málið framan af, en þar kom, að hún sveigði undan. Bar þar tvent til, bæði festa og þrautseigja Jóns Sigurðssonar og svo hitt, að Danir þóttust tapa árlega á Íslandi og vildu ógjarnan hafa sameiginlegan fjárhag við Íslendinga. Jón sýndi fram á, að Ísland gæti vel staðið á eigin fótum, ef fjármálum þjóðarinnar væri sæmilega stýrt. En þar að auki taldi hann til skuldar hjá Dönum, fyrir óstjórn þeirra og kúgun fyr á öldum. Hann rannsakaði nákvæmlega gömul skjöl og heimildir um íslensk efni í söfnunum í Kaupmannahöfn, og gerði áætlun um, hve mikið danska stjórnin hefði ranglega haft af Íslandi. Taldi hann þar afgjald konungsjarðanna, sem voru fjölmargar, tekjur af einokunarversluninni o. fl. Til að bæta Íslandi þetta mikla tjón að nokkru, vildi hann, að fjárhagur landanna væri aðskilinn, en að Danir greiddu í landssjóð alt að 200,000 krónur árlega. Þetta þótti Dönum harla ósvífið og reyndu að draga alt á langinn, bæði fjárskiftin og stjórnarskrána. Á þessum árum tókst samt, fyrir atfylgi Jóns, að fá síðustu leifar einokunarverslunarinnar afnumdar. Var nú verslun á Íslandi frjáls öllum þjóðum og ekki lengur bundin við Dani eina.

MÓTBYR. — Árið 1856 kom upp magnaður fjárkláði hér á landi og sýkti og drap sauðfé unnvörpum. Skiftust menn brátt í tvo flokka um það, hversu stöðva skyldi vogest þenna. Vildu sumir láta skera niður alt fé í kláðahéruðunum, en aðrir töldu gerlegt að lækna kláðann. Jón Sigurðs-

sön var lækningamaður, en flestir landar hans ólmir með niðurskurði. Var hvorttveggja reynt, en alt lenti í káki og handaskolum, þar til danska stjórnin skipaði Jón Sigurðsson og erlendan dýralækni, til að hafa yfirumsjón með lækningunum. Fóru þeir nú til Íslands og tóku til starfa, en mjög var óhægt um vik, því að landsmenn sýndu hvarvetna mótþróa. Brugðu þeir Jóni um föðurlandssvik, að hann væri annar Gissur jarl, hefði selt sig stjórninni o. s. frv. Jóni sárnaði þetta, en lét þó ekki á sig fá, og tókst að vinna bug á sýkinni með lækningunum, svo að mönnum hefir aldrei komið til hugar niðurskurður síðan. Fór þá svo um síðir, að allir sáu, að Jón hafði borið best skyn á málið og hvarvetna sýnt dug og drengskap í aðgerðum sínum. Þetta var í eina skiftið, sem stjórnin leitaði aðstoðar Jóns og kom það bæði af því, að það var engum manni fært, nema honum, að koma vitinu fyrir þjóðina, en þó ekki síður hitt, að stjórninni var engin raun að, þótt vinsældir Jóns minkuðu. Jón vissi vel, hvar fiskur lá undir steini, en lét það ekki aftra sér, þar sem heill þjóðarinnar var í veði. En ódrengileg mótstaða landa hans í þessu máli, mun hafa valdið því, að hann sat um kyrt í Höfn nokkur ár eftir þetta og kom ekki til þings.

HEIMA HJÁ FORSETA. — Jón Sigurðsson var löngum kosinn forseti alþingis og Bókmentafélagsins. Hefir forsetanafnið síðan verið virðingarheiti Íslendinga á honum. Forseti bjó, eins og áður er sagt, í Kaupmannahöfn. Fast embætti fékk hann aldrei, en átti þess þó margoft kost, einkum að verða skólastjóri við lærða skólann í Reykjavík. En því fylgdi jafnan eitt skilyrði frá Dana hálfu. *Hann varð að hætta að skifta sér af íslenskum stjórnmálum, því að þá þótti Dönum, sem eigi væri vandfarið með Íslendinga, ef hann sæti hjá.* En Jóni kom aldrei til hugar að vinna

svo mikið til fjárins. Átti hann þó jafnan við erfiðan fjárhag að búa, og það því fremur, sem þau hjón voru bæði ákaflega gestrisin, svo að kallað var að hús þeirra væri annað heimili hvers Íslendings er til Hafnar kom. Einu sinni í viku höfðu þau „opið hús“. Þá komu landar til þeirra erindislaust og óboðnir um klukkan 7 á kvöldin, því að þeir vissu, að Jón tók sér venjulega hvíld frá störfum sínum um það leyti dagsins. Forseti sat þá oftast við skrifborðið við að lesa eða skrifa, klæddur í langan slopp, ystan klæða með vestið flakandi frá sér, en innanundir vestinu skein í snjóhvíta ermaskirtu. Þegar gestirnir komu, stóð hann upp, fagnaði þeim vel og leiddi til sætis. Var þá skrafað og skeggrætt, þar til húsfreyja kom inn og bauð mönnum til borðs, og var þá framreiddur allskonar íslenskur matur. Hófust síðan fjörugar samræður og var forsetinn hrókur alls fagnaðar, hverjum manni skýrari, fróðari og fyndnari. Þótti gestunum kvöldið líða fljótt, eins og ljúfur draumur, og að aldrei hefðu þeir lifað glaðari stundir en þegar þeir gistu Jón forseta.

Þjóðhátíðin 1874. — Árið 1874 voru þúsund ár liðin frá því, að Ingólfur Arnarson festi hér bygð sína. Vildu flestir Íslendingar þá minnast skörulega þúsund ára afmælisins, og var viðbúnaður mikill í því efni. En þá kom fyrir nokkuð óvænt atvik, sem gerði þennan atburð sérstaklega þýðingarmikinn. Síðan um Þjóðfundinn hafði Íslendingum og Dönum ekki komið saman um, hvernig hátta skyldi heimastjórn Íslendinga, en þó höfðu Danir smátt og smátt látið undan og fallist meir og meir á kröfur Jóns forseta. Loksins áfréð danska stjórnin að nota þúsund ára afmælið til að binda enda á deilumálið og skyldi konungur færa Íslendingum stjórnarskrá á þjóðhátíðina. Þetta varð. Kristján konungur 9. kom til Reykjavíkur með fríðu föruneyti um mitt

sumarið 1874. Dvaldist hann í höfuðstaðnum nokkra daga, tók þar þátt í þjóðhátíðinni, reið síðan til Þingvalla og gisti í kirkjunni, en menn hans í tjöldum á túninu. Þaðan hélt hann til Geysis, og síðan til Þingvalla aftur. Var þar þá aðalhátíðahaldið og menn saman komnir alstaðar af Íslandi og fjöldi erlendra gesta frá flestum löndum Norðurálfunnar og úr Vesturheimi. Komu hinir útlendu menn til að taka þátt í hátíðahöldunum og færa Íslendingum heillaóskir frændþjóðanna á þessu merkilega afmæli. Stjórnarskráin var raunar hvergi nærri að skapi Íslendinga, en þó allmikið spor í áttina. Alþingi fékk löggjafarvald, og var skift í tvær deildir, efri og neðri deild. Þingið fékk fult vald yfir þeim málum, sem eingöngu komu Íslandi við, og fjárhagur Danmerkur og Íslands var að fullu aðskilinn. Skömmu áður höfðu Danir ákveðið að gjalda árlega til Íslands 60,000 kr. um aldur og ævi, og hafðist það upp úr skaðabótakröfum Jóns Sigurðssonar, þótt árgjald þetta sé raunar af flestum dönskum mönnum fremur talin gjöf en gjald. Yfir landið hafði verið settur landshöfðingi, er bjó í Reykjavík, en stiftamtmannsembættið lagt niður.

SÍÐUSTU ÁR JÓNS FORSETA. — Sökum þess að Jón var manna örastur á fé, en tekjurnar litlar, safnaði hann allmiklum skuldum, svo að nokkrum árum áður en stjórnarskráin kom, lá honum við gjaldþroti. Þá var bókavörður í Cambridge á Englandi Eiríkur Magnússon, ágætur drengur og fornvinur Jóns Sigurðssonar. Eiríkur vissi vel um ástæður vinar síns og vildi bjarga honum með því að selja eða veðsetja alt hið ágæta bókasafn Jóns, en það tókst ekki. En þá vildi svo vel til, að enskur auðmaður, vinur Eiríks, lagði fram úr sínum vasa 27,000 kr. til að gjalda með skuldir forsetans. Að nafni til var kallað, að bókasafnið væri veðsett þessum manni, til þess að Jón fengist til að þiggja fé. Nokkrum

árum síðar, þegar Alþingi hafði fengið löggjafarvald, veitti það 25,000 kr. til að kaupa alt bóka- og handritasafn forsetans, að honum látnum. Safn þetta var ágætlega gott. Handritin ein voru 5000 og mörg þeirra fágæt og dýrmæt. Jón hafði altaf verið heilsugóður mestan hluta ævinnar, en um 1870 fór hann að finna til gigtar í hægri handlegg og átti örðugt með að skrifa um tíma, og eftir það var hann altaf nokkuð veill. Síðasta árið var hann alt af þungt haldinn, en hafði þó oftast ráð og rænu þangað til hann dó, stuttu fyrir jólin 1879. Var hann þá á 69. aldursári. Tveim dögum eftir andlát Jóns lagðist Ingibjörg kona hans banaleguna. Þau hjón höfðu ætíð verið mjög samhent í lífinu og fylgdust nú að í gröfina. Börn höfðu þau engin átt, en allir Íslendingar voru börn þeirra. (Skírnir 1911. Bréf Jóns Sigurðssonar).

JÓN THORODDSEN. — Meðan Jón forseti lifði, bar hann ægishjálm yfir alla landa sína, og voru þó uppi honum samtíða margir merkir menn. Einn af þeim var Jón Thoroddsen, sem fyrstur manna gerði eiginlega skáldsögu á íslenska tungu. Jón var fáum árum yngri en forsetinn og fæddur á höfuðbólinu Reykhólum í Barðastrandarsýslu. Hann nam nokkuð af skólalærdómi sínum hjá Sigurði presti á Rafnseyri, föður Jóns forseta, var síðan á Bessastöðum, sigldi til Hafnar og lagði stund á lög, en sóttist seint námið, því að um þær mundir var alþingi endurreist og mikið fjör og landsmálaáhugi í íslenskum stúdentum. Litlu fyrir þjóðfundinn lentu Danir í ófriði við Prússa. Þá gerðist Jón sjálfboðaliði og var um stund í her Dana. Tók hann þátt í orustum en slapp heill á húfi úr þeim þrekraunum. Þegar hann kom aftur til Hafnar úr styrjöldinni ritaði hann söguna „Piltur og stúlka“. Það er ofur einföld og eðlileg lýsing af íslensku sveitalífi, og að máli og formi einhver besta skáldsaga, sem

enn hefir verið rituð á íslensku. Litlu síðar fór hann heim og gerðist sýslumaður Barðstrendinga. Bjó hann í Haga, þar sem Gestur spaki Oddleifsson hafði fyrrum verið. Snemma bar á því að Jón var ljóðskáld gott, og eru sum kvæði hans kunn hverju barni á Íslandi, t. d. „Vorið er komið og grundirnar gróa“. Síðar fluttist Jón sýslumaður til Borgarfjarðar og bjó á Leirá. Þar mun hann hafa ritað söguna „Maður og kona“, sem því miður var ekki fullgerð, þegar Jón andaðist 1868.

GRÍMUR THOMSEN. — Annar merkur samtíðarmaður Jóns forseta var Grímur Thomsen. Hann var sonur Þorgríms Tómassonar ráðsmanns við Bessastaðaskóla. Þorgrímur var mikill maður fyrir sér en harðlyndur nokkuð. Var hann strangur við son sinn en unni honum þó mikið. Ekki vildi Þorgrímur láta son sinn ganga í skólann, en kom honum fyrir til náms hjá Árna biskupi Helgasyni. Árni var maður stórgáfaður og vel lærður, en meinfyndinn og nokkuð lundkaldur. Grími þótti afarvænt um þennan kennara sinn og mun hafa tekið sér hann til fyrirmyndar á ýmsan hátt. Seytján ára að aldri sigldi Grímur til háskólans í Höfn og hugðist að verða lögfræðingur, en leiddist það og tók að kynna sér heimspeki og skáldskap. Hann kyntist dönskum stúdentum meir en títt var um Íslendinga, og kom það honum að góðu haldi síðar, því að margir af námsbræðrum hans og urðu síðar voldugir menn í Danmörku. Gerðist Grímur brátt allmikill rithöfundur á dönsku. Samdi hann allmikla ritgerð um enska þjóðskáldið Byron og hlaut doktorsnafnbót fyrir. Þó var meira vert um hitt, að hann varð fyrstur manna til að kenna Dönum að meta réttilega sitt mesta skáld, H. C. Andersen. Hafði Andersen þá gert mörg af sínum fegurstu ævintýrum, en fengið óþökk eina að launum frá löndum sínum. Gerðist nú Grím-

ur allfrægur maður og kom þar, að konungur veitti honum ríflegan ferðastyrk til að fara suður í lönd. Fór hann um Þýskaland og alt suður í Feneyjar, en dvaldist þó lengst af í Paris og Lundúnum. Meðan hann var í Englandi lék honum mikill hugur á að geta afritað tveggja alda gamlan samning milli Englands og Danmerkur, sem geymdur var í skjalasafni í Lundúnum. Vissi hann að dönsku stjórninni var bráðnauðsynlegt að geta fengið samninginn orðréttan. En sá var hængur á, að það var harðbannað að skrifa upp skjölin. Þá tók Grímur það til bragðs, að hann lærði samninginn utanbókar, dálitið á hverjum degi, og ritaði síðan upp eftir minni, er hann kom heim. Eftir að Grímur kom aftur til Danmerkur, gerðist hann embættismaður í stjórnarráðinu danska og hélt því starfi í nærfelt 20 ár. Fór hann alloft með vanda sõm erindi til annara landa fyrir dönsku stjórnina. Þótti mikið að Grími kveða, hvar sem hann fór, því að maðurinn var prýðilega gefinn, ágætlega mentur, og kunni vel að vera með tignum mönnum. Á þessum árum var hann mjög handgenginn Danakonungi, var oft í boðum hjá honum og spilaði við hann, en það þótti allmikil sæmd. Þegar Grímur var erlendis, átti hann rauðan hest góðan, heiman af Íslandi. Grímur var mikill dýravinur og þótti vænt um klárinn. Eitt sinn falaði konungur hestinn til kaups, en Grímur kvaðst ekki nenna að selja vin sinn vini sínum. „Gef þá“, mælti konungur. Eigi vildi Grímur það og þóttist ekki nógu ríkur til að gefa konungum, og við það sat. Þeir voru samtímis í Höfn öll þessi bestu ár, Grímur og Jón forseti, en heldur var fátt með þeim, og kallaði Jón, að Grímur væri óþarflega fylgispakur stjórninni. Sjö árum fyrir þjóðhátíðina lét Grímur af embætti sínu, fluttist alfarinn heim til Íslands og fór að búa á Bessastöðum. Fékk hann jörðina í skiftum hjá stjórninni; höfðu Bessastaðir þá verið í konungseign frá því að Hákon

gamli kastaði eign sinni á jarðir Snorra Sturlusonar. Grímur bjó þar síðan til dauðadags. Brátt eftir að hann kom til Islands byrjaði hann að gefa sig við landsmálum og var venjulega nokkuð öndverður við Jón forseta og hvergi nærri vinsæll. En enginn neitaði honum um gáfur og skarpskyggni. Snemma bar á því, að Grímur var skáldmæltur, og komu við og við út kvæði eftir hann í blöðum og tímaritum. En þegar hann var sextugur gaf hann út ljóð sín, ofurlítið kver, 75 bls. En í þessu litla kveri voru mörg ágæt kvæði, sem nú eru á hvers manns vörum. Í fyrstu mættu ljóð hans nokkrum mótblæstri, þóttu stirðkveðin og sumstaðar rímgallar, en minna þykir þess nú gæta en kostanna. Grímur orti oftast um atburði úr fornum og nýjum hetjusögum, um menn og konur forn og föst í lund eins og hann var sjálfur. Grímur varð maður háaldraður, andaðist 1896, og er grafinn á Bessastöðum.

BENEDIKT GRÖNDAL. — Sveinbjörn Egilsson skáld og rithöfundur var kennari við Bessastaðaskóla á fyrrihluta 19. aldar. Hann var einn af þeim mönnum, sem best hafa ritað íslenska tungu. Kona hans var dóttir Benedikts Gröndals eldra, sem verið hafði embættismaður í Reykjavík þegar Jörundur kom hingað, tekið honum helst til vel og hlotið óvirðingu af. Sonur þeirra hjóna var skáldið Benedikt Gröndal yngri. Hann var sex árum yngri en Grímur Thomsen, en báðir voru þeir fæddir á Bessastöðum. Æskuheimili Gröndals var ágætt, og vikur hann alloft að því í ljóðum sínum. Í rökkrinu flyktust börnin inn til Sveinbjarnar föður síns. Hann blés þá í hljóðpípu, en börnin stigu dans eða sungu undir. Brátt bar á því að Gröndal hafði óvenjulega fjölbreyttar gáfur. Honum var létt um alt nám, einkum náttúrufræði og tungumál, mjög hneigður fyrir dráttlist, og ritaði

allra manna fegursta hönd. Drakk hann í sig hverskonar fróðleik, hvar sem hann náði. Að loknu skólanámi hélt Gröndal til Hafnar og kom þar litlu eftir andlát Jónasar Hallgrímssonar. Þá var flokkadráttur allmikill með Íslendingum í Höfn; fylgdu sumir Jóni Sigurðssyni og Nýjum félagsritum en aðrir Fjölnismönnum, þeim sem eftir lifðu, og gekk Gröndal í þeirra hóp. Var í fyrstu tilætlun hans að verða náttúrufræðingur og stundaði það nám nokkuð. En gáfurnar voru svo fjölhæfar, að hann átti erfitt með að binda sig við eina fræðigrein og las um flesta hluti milli himins og jarðar. Liðu svo allmörg ár. Hvarf hann þá heim til Reykjavíkur, en próflaus og fékk ekki embætti. Lifði hann þá af ritstörfum, en það var illa launað, og naut hann sín hvergi nærri sem skyldi, en margt þýddi hann þó og orti á þessum árum, sem mikils er um vert. Eftir 7 ára dvöl heima, fór hann utan og hugðist að afljúka námi og var einn vetur í Höfn. Tók hann þá að skorta fé og vissi varla hvað hann skyldi til bragðs taka. En þá bar svo til, að Gröndal kyntist rússneskum manni tiginbornum og auðugum; nefnir Gröndal hann Djúnka. Tókst með þeim allmikil vinátta og fylgdist Gröndal með Djúnka suður um lönd, kom víða, sá margt sem fagurt var og þótti æfin góð. Í Belgíu ritaði Gröndal Heljarslóðarorustu á hálfum mánuði, og mundi sú bók ein hafa gert höfundinn heimsfrægan, ef hún hefði verið rituð á máli stórþjóðar. Þegar Gröndal kom úr suðurförinni staðnæmdist hann í Höfn í meir en 10 ár, og tók próf í norrænni málfræði. Þjóðhátíðarárið fékk hann loksins fasta stöðu á Íslandi og varð kennari við lærðaskólann í Reykjavík. Þá var hann hálffimtugur að aldri, fátækur að vísu, en hafði séð margt og lesið fleira en flestir landar hans. Gröndal var nú um nokkur ár skólakennari, en hvarf frá því og lifði embættislaus en þó sívinnandi í meir en 20 síðustu ár ævinnar. Mjög mikið er til af

ljóðum eftir Gröndal, en nokkuð misgóð. Hann orti þegar andinn kom yfir hann, en hirti lítt um að hefla eða fága ljóðin, eða breyta þeim síðar, eins og sum skáld gera. Þó eru sum kvæðin afbragðsgóð. Gröndal var allra manna ritfærastur í óbundnu máli og svo fyndinn og fjörugur, að þar stendur hann fremstur allra íslenskra rithöfunda.

STEINGRÍMUR THORSTEINSSON. — Um sumarið 1913 andaðist þjóðskáldið alkunna, Steingrímur Thorsteinsson, meir en áttræður að aldri. Hann var amtmannssonur, fæddur að Arnarstapa, rétt við Snæfellsjökul. Steingrímur var alinn upp við auð og allsnægtir, nam skólalærdóm í Reykjavík, sigldi til Hafnar og byrjaði á lögfræði, en leiddist hún og sneri sér einkum að fornmálunum, grísku og latínu. Síðan hjó Steingrímur mörg ár í Kaupmannahöfn, samtíða Gröndal og fekst við kenslu og ritstörf. Rúmlega fertugur að aldri flutti hann alfarinn til Reykjavíkur, varð kennari við lærðaskólann og síðast skólastjóri. Snemma hneigðist hugur Steingríms að skáldskap og skáldlegum fræðum. Hann kunni vel öll helstu tungumál Norðurálfunnar, forn og ný og hafði lesið sér til gagns og yndis flest það, sem vel var sagt á öllum þeim tungum. Jafnframt því var hann ljóðskáld sjálfur. Ekkert skáld hefir dásamað íslenska náttúrufegurð og sumarblíðu eins og hann. Og ekkert íslenskt skáld hefir sungið sig inn í meðvitund þjóðarinnar, eins og hann. Steingrímur Thorsteinsson hefir þýtt mikinn fjölda ævintýra og kvæða á íslensku, fjölmarga af fegurstu gimsteinum heimsbókmentanna og verður það stórvirki seint fullþakkað. Af kvæðum, sem hann hefir þýtt, mun börnum vera Lorelei og Kafarinn einna kunnust, en af sögum og ævintýrum Þúsund og ein nótt og Ævintýri Andersens. Gröndal, Steingrímur, og Matthías Jochumsson, sem enn er á lífi, voru fremstir í flokki hinna eldri

skálda, sem að meira eða minna leyti, voru samherjar Jóns Sigurðssonar í andlegri viðreisn íslensku þjóðarinnar.

SÖGULOK. — Stjórnarskráin 1874, var ávöxturinn af æfilangri baráttu og sjálfsfórn Jóns Sigurðssonar og með henni hófst nýtt tímabil í sögu Íslendinga. Þá var landið í kaldakoli eftir margra alda kúgun og misvitra stjórn Dana. En síðan Íslendingar fengu hönd í bagga með stjórn landsins hefir þjóðin tekið meiri framförum á einum mannsaldri en á öllum þeim öldum samanlögðum, sem erlendir menn höfðu stýrt þjóðmálaefnum Íslendinga. Merkilegustu endurbæturnar, sem stjórnarskráin veitti, voru þær *að nú höfðu Íslendingar full ráð yfir fjármálum landsins, og að ekkert gat orðið að lögum í landinu nema það sem Alþingi hafði samþykt.* Samt fylgdu þessu fyrirkomulagi allmargir ágallar. Yfir þinginu og íslenska landshöfðingjanum stóð erlendur maður, danskur ráðherra, sem hafði yfirumsjón íslenskra mála. Ekkert af frumvörpum Alþingis varð að lögum, nema þessi maður vildi undirrita það með konunginum. En mjög oft kom það fyrir, að ráðgjafinn neitaði lögum staðfestingar, og helst þeim, sem Íslendingum þótti mestu máli skifta. Þetta stafaði stundum af ókunnugleika en oftar af því, að ráðgjafar þessir litu jafnan fremur á hag Danmerkur en Íslands. Þetta stjórnarfyrirkomulag varð Íslendingum stöðugt óánægjuefni, en eigi fékst því breytt fyr en eftir 30 ára baráttu við Dani. Kom þar loks, árið 1903, að svo var ákveðið, að ráðherra Íslands skyldi vera Íslendingur og búa í landinu sjálfu. Sá sem fyrstur tók við þeim völdum var skáldið Hannes Hafstein.

Það er erfitt í stuttu máli að gera grein fyrir þeim framförum, sem fylgt hafa þessum tveimur breytingum á stjórnarfari landsins. Landsmönnum hefir fjölgað talsvert, og tek-

ið fyrir útflutning til Ameriku, sem áður var mjög almennur. Atvinnuvegunum hefir farið fram óðfluga. Híbýli manna hafa batnað, túnin stækkað, verið girt og slétuð, engi ræst fram og veitt vatni á, bústofninn aukinn margfaldlega og íslenskar afurðir selst við betra verði erlendis. Þó hafa breytingarnar á sjávarútveginum verið enn stórstígari, einkum af því að bankarnir hafa heldur viljað lána fé til útgerðar en ræktunar. Árið 1874 voru hér engir vegir, engar brýr, engir vitar eða reglubundnar samgöngur á sjó. En eftir fáein ár verða fullgerðir akvegir um öll helstu undirlendi landsins, allar stórár brúaðar, ef það annars er hægt, vitar bygðir á öllum helstu annesjum og úteyjum og íslensk skip til siglinga með ströndum fram og til útlanda. Árið 1874 voru læknar sárfáir í landinu og alþýðuskólar engir og hefir mikil bót orðið til batnaðar í þeim efnum, en það er eingöngu að þakka fjárforræði Alþingis. Að sama skapi hefir þjóðinni farið fram í andlegum efnum, ekki síst í listum. Áður voru hér engir listamenn nema ljóðskáldin. En síðan velmegun óx í landinu og nýtt líf og kjarkur færðist í þjóðina, hefir listagáfa Íslendinga notið sín betur. Nú eiga Íslendingar ekki einungis góð ljóðskáld, heldur einnig skáldsagnahöfunda, leikritaskáld, tónskáld, söngmenn, málara, myndhöggvara og húsgerðarmeistara. Bendir margt til að íslenska þjóðin eigi enn þá óskaddaðan lífsþrótt sinn, þrátt fyrir allar þær hörmungar, sem yfir hana hafa gengið, síðan vélræði Hákonar gamla og þrákelkni Guðmundar góða feldu máttarstoðir þjóðveldisins forna.

Efnisskrá.

Fyrra hefti:

	Bls.		Bls.
Fundur Íslands	5	Byggingar á söguöldinni	30
Garðar Svavarsson	5	Stofan	31
Hrafna-Flóki	6	Borðhaldið	32
Ingólfur Arnarson	7	Skálinn	33
Hjörleifur drepinn	8	Eldhúsið	33
Hefnd Ingólfs	9	Baðstofan	34
Reykjavík	10	Landbúnaður	34
Papar	11	Ræktunin	35
Landið	11	Sjávarútvegur	36
Skógurinn	11	Veraunir	36
Huignunin	12	Sumarstörf	36
Haraldur hárfagri	13	Haustannir	37
Skallagrímur	15	Vetrarverk	37
Auður djúpúðga	17	Siglingar	38
Geirmundur heljarskinn	18	Ferð milli landa	40
Ingimundur gamli	19	Verslunin	41
Helgi magri	20	Ásatrúin	42
Uni danski	21	Sköpun heimsins	43
Hrollaugur jarlssonur	21	Lífið í Ásgarði	43
Hásteinn Atlason	22	Ragnarök	44
Landnám	23	Trú og siðir	44
Fyrstu árin	24	Hofin	45
Fólkið	24	Goðastúkan	45
Stórbændurnir	25	Goðin	45
Kotungarnir	26	Veislusalurinn	46
Vinnufólk	26	Blót og blótveislur	46
Beiningamenn	26	Goðar	47
Þrælar	27	Ullljótur	49
Fatnaður	28	Þingvellir	49
Vopn og verjur	29	Stjörnarskipun	51

	Bls.
Vorþing	51
Vorþingstaðir	52
Alþingi	52
Lögréttan	53
Lögsögumaðurinn	54
Lögberg	55
Fjórðungsdómar	55
Fimtardómurinn	56
Leiðarþing	57
Söguöldin	57
Ættargarðurinn	57
Afreksmenn	58
Kvennskörungar	64
Spekingar	70
Góðir menn	72
Skáldin	73
Leikir og íþróttir	75
Fundið Grænland	77
Vínland hið góða	78
Trúarskiftin	79
Þorvaldur víðförli	79
Ólafur Tryggvason	81
Þangbrandur	82
Kristnitakan	83
Kaþólska kirkjan	86
Ólafur helgi og Íslendingar	87
Ísleifur biskup	88
Gissur Ísleifsson	89
Jón biskup helgi	91
Biskupar	93
Prestarnir	94
Skólar	95
Klaustrin	96
Ritöldin	98
Innanlandsdeilur	101
Hafliði og Þorgils	102
Hvamm-Sturla	103
Önundarbrenna	106
Kirkjudeilur	107
Guðmundur Arason	108
Sturlusynir	110
Kolbeins hefnt	111
Grímseyjarför	112
Hrafn og Þorvaldur	114
Höfðingjaefni	116
Snorri Sturluson	117
Þorvaldsbrenna	118
Sauðafellsför	119
Drepnir Vatnsfirðingar	120
Í konungsgarði	121
Heimkoman	122
Herferð Sturlu	123
Níðingsverk	124
Örlygsstaða bardagi	125
Næturvig	126
Veldi Kolbeins unga	127
Flóabardagi	128
Flugumýrarbrenna	130
Þorgils skarði	134
Dauði Þórðar kakala	134
Íslenski jarlinn	135

Síðara hefti:

Íslenski konungurinn	1
Skilmálarnir	2
Gamli sáttmáli	4
Síðasti Oddaverjinn	4
Mikill sagnfræðingur	6
Lögbækur	8
Nýir stjórnarhættir	9
Staða-Árni	10
Erkibiskupsdómurinn	11
„Prestahatarinn“	12
Krók-Álfur	14
Seldir á leigu	15
Lilja	17
Bannfæring	18

	Bls.
Svarti dauði	19
Jón Gerreksson	20
Englendingar á Íslandi	22
Björn riki	24
Hrafn lögmaður	25
Jón Sigmundsson	27
Keppinautarnir	30
Siðabótin	31
Fóstursonurinn	32
Flutur í útlegð	35
Dauði Jóns Arasonar	37
Bessastaðavaldið	40
Guðbrandur Þorlaksson	41
Falsbréfin	42
Einokunin	44
Árni Oddsson	45
Tyrkjaránið	46
Brynjólfur Sveinsson	49
Hallgrimur Pétursson	51
Kópavogsfundurinn	53
Galdrabrennur	54
Verslunaránauð	55
Sendimennirnir	56
Bókabruninn mikli	59
Jón Vidalin	61
Jón skólameistari	63
Skúli Magnússon	65
„Faðir Reykjavikur"	67
Skúli og kaupmenn	69
Eggert Ólafsson	72
Jón Eiriksson	75
Móðuharðindin	77
Magnús Stephensen	78
Aldamótin	81
Sveinn Pálsson	82
Hundadaga konungurinn	84
Góður gestur	86
Baldvin Einarsson	88
Bjarni Thorarensen	89
Tómas Sæmundsson	90
Jónas Hallgrimsson	91
Á ferðalagi	93
Jón Sigurðsson	94
Þjóðfundurinn	95
Barátta	97
Mótbyr	98
Heima hjá forseta	99
Þjóðhátiðin 1874	100
Siðustu ár Jóns forseta	101
Jón Thoroddsen	102
Grimur Thomsen	103
Benedikt Gröndal	105
Steingrimur Thorsteinsson	107
Sögulok	108